# FRÉTTABLAÐIÐ

74. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 28. MARS 2018




Verið er að rífa gamla skemmtistaðinn Nasa við Thorvaldsensstræti um þessar mundir. Nasa-salurinn var friðlýstur af forsætisráðherra í desember 2013 en háværmótmæli urðu þess valdandi að hætt var við að rífa bygginguna alveg eins og til stóð. Þess í stað verður salurinn endurbyggður í upprunalegri mynd í samráði við Minjastofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stofnanir geti deilt vitneskju um níðinga

**Fagfólk kallar eftir því að skýrari rammi sé settur um samráð milli stofnana um einstaklinga sem hætta er talin á að brjóti gegn börnum. Þingmaður Framsóknar leggur fram frumvarp sem tekur á þessu og leggur til lagabreytingar svo barnaníðingar sæti sérstöku mati.**

**VELFERÐARMÁL** Vöntun hefur verið á skýrum lagaheimildum handa stofnunum til að hafa samskipti sín á milli um einstaklinga sem talin er hætta á að brjóti gegn börnum. Í nýju frumvarpi Silju Daggar Gunnarsdóttur, þingmanns Framsóknar, eru lagðar til breytingar á þessu. Í því felst að þeir sem brjóta kynferðislega gegn börnum skuli sæta sérstöku mati.

„Það virðist stundum sem kerfið sé þannig að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri sé að gera. Hugmyndin með frumvarpinu er að tengja saman stofnanir,“ segir flutningsmaðurinn.

Séu taldar líkur á því að mati loknu að viðkomandi brjóti af sér aftur, er unnt að láta hann sæta sérstökum öryggisráðstöfunum. Þær gætu meðal annars falist í skyldu til að leita meðferðar og eftirliti með internetnotkun. Í alvarlegustu tilfellunum er hægt að kveða á um bann við búsetu á heimili þar sem börn dvelja. Þá er kveðið á um að dómþola sé gert skylt að tilkynna breyttan dvalarstað til Barnaverndarstofu sem og nafnbreytingar. Barnaverndarstofa geti tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd um flutning einstaklings í umdæmi hennar.

„Það hefur ekki verið heimilt fyrir stofnanir að hafa samráð við aðrar stofnanir sem að þessum málum koma,“ segir Anna Kristín Newton, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun. Þótt frumvarpið feli í sér íþyngjandi ráðstafanir í garð dómþola verði börn að njóta vafans.

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um að nöfn og dvalarstaðir brotamanna séu gerðir opinberir. Anna segir það vel. „Rannsóknir sýna að slíkt hefur öfug áhrif. Það skapar ótta hjá almenningi og kemur ekki í veg fyrir frekari brot.“

„Ég fagna því að þetta sé til umræðu. Vonandi verður niðurstaðan sú að skýrari ferlar liggja fyrir handa lögreglu, barnaverndar- og heilbrigðisyfirvöldum og öðrum sem að málunum koma,“ segir Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri barnaverndar Reykjavíkur.

„Það hefur vantað upp á að skýrt sé hvaða upplýsingum má deila hvenær og með hverjum,“ segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. **– jóe**

## Ráðherra hugsi yfir stöðu fíknimeðferðar

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við þurfum að skoða rótina að því að fíknivandi er að aukast, bæði félagslegar aðstæður og forvarnarmöguleika sem og staðreyndina sem lýtur að offramboði geð- og verkjalyfja,“ segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra en biðlistar á Vogi hafa aldrei verið lengri. Skipaður hefur verið starfshópur til að sporna við þessari ofnotkun lyfjanna og er hópnum ætlað að skila ráðherra tillögum sínum fyrir 1. maí. Nýjar tölur SÁÁ sýna að árleg framlög ríkisins til meðferðarþjónustu SÁÁ eru rúmum 500 milljónum lægri en kostnaðurinn við reksturinn. Bilið er brúað með fjáröflunum en formaður SÁÁ segir það vera orðið of mikið. **– gþs /** **sjá síðu 4**

## Vill sjúkrahús að Keldum

**SKIPULAGSMÁL** „Líklegt má telja að framtíðarsvæði fyrir uppbyggingu sjúkrahúss sé best komið í Keldnalandinu,“ skrifar Eyþór Arnalds í aðsendri grein í blaðinu í dag. Samkvæmt Eyþóri mundi það styrkja austurhluta borgarinnar að flytja þangað stofnanir og fyrirtæki. „Landið þar rúmar jafnframt myndarlega íbúabyggð,“ segir enn fremur í greininni.



Eyþór fer einnig yfir hugmyndir sínar í húsnæðismálum, meðal annars um uppbyggingu hagstæðra íbúða við Örfirisey sem hann kallar „Nýja Vesturbæinn“. **– gþs /** **sjá síðu 11.**

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Hanna Katrín Friðriksson leggur áherslu á að Reykjavík gleymist ekki í umræðu um náttúruvernd. 16

**SPORT** Haukar og Keflavík mætast í oddaleik í kvöld. 18

**MENNING** Mattheusarpassía Bachs flutt norðan og sunnan heiða um bænadagana. 26

**LÍFIÐ** Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari, hefur sett einbýlishús sitt á sölu. 32

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **GARÐURINN**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Austan og norðaustan 13-20 m/s í dag, en 20-25 m/s á Suðausturlandi og undir Eyjafjöllum. Rigning, slydda eða snjókoma á austanverðu landinu, en þurrt að kalla vestan til. SJÁ SÍÐU 22

# Víkur frá skýru fordæmi Hæstaréttar

**VIÐSKIPTI** Nýlegur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, þar sem felld var úr gildi ákvörðun ríkissaksóknara sem staðfesti ákvörðun lögreglunnar um að hefja ekki rannsókn á ásökunum á hendur æðstu embættismönnum Seðlabankans um rangar sakargiftir, víkur frá skýru fordæmi Hæstaréttar.

Dómnum hefur verið áfrýjað til Landsréttar og telja lögmenn sem blaðið ræddi við afar sennilegt að dómstóllinn taki hann til gagngerrar endurskoðunar.

Niðurstaða héraðsdóms var að annmarkar á lagalegum grundvelli ákvörðunar ríkissaksóknara hefðu verið svo verulegir að ekki yrði hjá því komist að fella hana úr gildi. Í dómnum segir að augljósir almannahagsmunir standi til þess að ákæruvaldið saki ekki menn um refsiverðan verknað gegn betri vitund. – kij / sjá Markaðinn

# Sex látnir eftir magaaðgerðir

**HEILBRIGÐISMÁL** Sex hafa látist eftir að hafa undirgengist magaermiaðgerðir hjá lækninum Auðuni Sigurðssyni. Þetta kom fram í fréttaskýringaþættinum Kveik í gærkvöldi. Magaermaraðgerð minnkar magann um 75 til 80 prósent. Maginn verður eins og ermi eða banani í laginu. Fjórar konur hafa látist í Bretlandi en tvær á Íslandi. Auðun hefur framkvæmt 250 magaermiaðgerðir á Íslandi en hann heldur úti skurðstofunni Gravitas sem starfar frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Aðgerðirnar í Bretlandi eru mun fleiri. Birgir Jakobsson landlæknir gagnrýndi í þættinum skort á undirbúningi sjúklinga fyrir aðgerðirnar og skort á eftirfylgni. – gþs

# Páfagaukaspjallið á Facebook logar



Matvælastofnun hefur gefið eigendum Dýraríkisins frest til 4. apríl til að aflífa 358 fugla sem fluttir voru til landsins frá Hollandi vegna sníkjudýrs sem fannst í einum þeirra. Fuglarnir hafa verið í sóttkví frá komu þeirra. „Við erum að fá rosaleg viðbrögð, Páfagaukaspjallið á Facebook logar yfir málinu,“ segir Þórarinn Þór hjá Dýraríkinu. Þórarinn segir þetta óásættanlegt en hægt sé að meðhöndla fuglana með lyfjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRARINN

# KSÍ vill ekki að húh-ið verði skráð merki

**VIÐSKIPTI** Knattspyrnusamband Íslands sendi nýlega inn beiðni um stjórnsýslulega niðurfellingu á vörumerkjaskráningu Húh!. Í tilkynningu á vef Knattspyrnusambandsins segir að með þessu sé ætlunin að koma í veg fyrir að utanaðkomandi aðilar geti hagnast á auðkenni landsliða Íslands.

Beiðnin sem KSÍ sendi er tvíþætt, í fyrsta lagi að fyrrnefnd skráning verði felld úr gildi þar sem merkið hafi ekki að bera nægileg sérkenni til að auðkenna vörur eða þjónustu eins aðila frá öðrum sem er skilyrði þess að hægt sé að skrá vörumerki.

Telji skráningaryfirvöld hins vegar að orðið húh sé skráningarhæft, þá fer KSÍ til vara fram á að sambandið eigi meiri rétt á þeirri skráningu á grundvelli notkunar. – jhh

# Bærinn sé ekki deild í Sjálfstæðisflokknum

**Bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði er ósáttur við að hafa ekki verið boðaður á fund bæjaryfirvalda um Lyklafellslínu. Bæði bæjarfulltrúi og þingmaður frá Sjálfstæðisflokki sátu fund embættismanna bæjarins með Landsneti.**

**HAFNARFJÖRÐUR** „Það slær okkur ekki vel að það sé haldinn fundur sem við vitum ekki af en lesum um hann í fjölmiðlum og svo kemur í ljós að þar hafa setið embættismenn bæjarins og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins; ekki bara bæjarfulltrúar heldur líka þingmaður Sjálfstæðisflokksins,“ segir Gunnar Axel Axelsson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.

Fundurinn sem Gunnar vísar til var boðaður í kjölfar þess að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi úr gildi framkvæmdaleyfi fyrir Lyklafellslínu 1, sem er að sögn bæjaryfirvalda í Hafnarfirði forsenda þess að unnt verði að fjarlægja gamlar línur sem standa byggingaframkvæmdum á Völlunum í Hafnarfirði fyrir þrifum.



Beðið hefur verið lengi eftir flutningi á raflínum sem standa byggingaframkvæmdum á Völlunum í Hafnarfirði fyrir þrifum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fundinn sátu helstu embættismenn bæjarins og forsvarsmenn Landsnets auk Ólafs Inga Tómassonar, Sjálfstæðisflokki, sem er formaður skipulags- og byggingaráðs og Jóns Gunnarssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins.

„Jón Gunnarsson hefur nákvæmlega ekkert umboð til að sitja fundinn og ekkert erindi heldur. Ég á hins vegar fullt erindi á hann. Ég hef umboð frá bæjarbúum til að stýra bæjarfélaginu ásamt tíu öðrum bæjarfulltrúum og sit í bæjarráði sem er pólitísk framkvæmdastjórn sveitarfélagsins,“ segir Gunnar.

Bæjarstjórinn, Haraldur L. Haraldsson, segir hins vegar að það eina sem vaki fyrir honum sé að þetta mál vinnist sem best. „Og ég fagna öllum sem eru tilbúnir til að koma að málinu og veita okkur aðstoð,“ segir Haraldur. Aðspurður segir hann hvorki



Gunnar Axel Axelsson.

þingmanninn né bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins hafa verið boðaða til fundarins. Klukkutíma áður en fundurinn átti að hefjast hafi umræddur bæjarfulltrúi, sem er formaður skipulags- og byggingaráðs bæjarins, óskað eftir því að fá að sitja fundinn og bar þá einnig fram ósk frá Jóni Gunnarssyni um að fá að sitja hann líka.

Gunnar gefur ekki mikið fyrir skýringar bæjarstjórans. „Ég held að þarna séu menn bara hættir að gera greinarmun á Sjálfstæðisflokknum og sveitarfélaginu Hafnarfirði og eru farnir að líta á sveitarfélagið sem deild í flokknum.“ Hann segir að um gríðarlega stórt hagsmunamál sé að ræða fyrir bæjarbúa. Það hafi verið í ferli í tvö kjörtímabil og um það hafi verið þverpólitísk samstaða að mestu leyti. „En í staðinn fyrir að vinna málið áfram í þverpólitískri samstöðu og sátt þá er þessi leið farin og það hugnast okkur mjög illa,“ segir Gunnar um fundinn.

Haraldur segist lítið geta sagt um næstu skref að svo stöddu en ljóst sé að flutningur á línunum muni tefjast og til greina komi að fara í bráðabirgðaflutning á þeim samhliða skoðun á lausn málsins. Fundað verði um málið með bæjarráði á fimmtudaginn í næstu viku.

adalheidur@frettabladid.is






ALLIR SKRIFBORÐS- OG LEIKJASTÓLAR

**20%**

AFSLÁTTUR



ÖLL NÁTTBORÐ

**20-30%**

AFSLÁTTUR

# FRÁBÆR TILBOÐ!

VEFVERSLUN

**WWW.RFL.IS**

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN



**35%**

AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 22.450

**14.950**

**PURE NORWAY FERÐATÖSKUSETT**
3 töskur saman í setti. Vnr. 43653003





Koddi 50 x 70 sm.
~~6.995~~
nú 4.995

MOSKUSDÚNSÆNG

GOLD EINSTÖK GÆÐI

HREIN EFNI
Inniheldur engin skaðleg efni
skv. Øko-Tex Staðli 100
Nr. CXX 16360 TESTEX Zürich

DÖNSK GÆÐAVARA

SPARIÐ **5.000** AF SÆNGUM

SÆNG NÚ VERÐ FRÁ:

**14.990**

**ANEMONE MOSKUSDÚNSÆNG**
Vönduð dúnsæng fyllt með 90% af hvítum moskusdúni og 10% af moskusfjöðrum. Hentar vel fyrir þá sem hættir til að fá ofnæmi því áklæðið er þéttofið úr 100% bómull sem hindrar að rykmaurar og bakteríur safnist saman. Sængin er saumuð í ferninga með veggjum á milli hólfa svo dúnninn haldist jafn yfir sængina. Burðargeta 11. Sængurtaska fylgir. Má þvo við 60°C.
Fylling: 500 gr. 135 x 200 sm. **19.990** nú **14.990** 135 x 220 sm **24.990** nú **19.990**
Vnr. 4025350, 4225204



RÚMGRIND + DÝNA
160 X 200 SM.

COMFORT LUXE

SPARIÐ **30.000** KRÓNUR

FULLT VERÐ: 139.950

**109.950**

Meðalstíf | Memory svampur | Svæðaskipt | Pokagormar | 10 ára dýnu Ábyrgð | 2 ára áklæði Ábyrgð | Yfirdýna

**CAREN RÚMGRIND MEÐ COMFORT LUXE DÝNU**
Stílhrein og falleg rúmgrind með ljósgráu tauáklæði og skúffum. Góð meðalstíf heilsudýna með 215 pokagormum pr. $m^2$. og 3 þægindasvæðum.
160 x 200 sm. Vnr. 8880002017



DREAMZONE®

PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI

90 X 200 SM

SPARIÐ **20.000** KRÓNUR

FULLT VERÐ: 44.950

**24.950**

Pokagormar | Svampfylling | Yfirdýna | Dönsk gæðaframleiðsla | Meðalstíf | 10 ára dýnu Ábyrgð

**PLUS B12 DÝNA**
Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. $m^2$. Innifalið í verði er 4 sm. þykk og góð yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr polyester/polypropylene. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu.
Verð án fóta. Fætur verð frá: **4.995** Vnr. 3236432

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR 28.03 - 02.04**

# Munu tæma dómstigin hér heima og leita út ef þess þarf

**DÓMSMÁL** „Dómurinn var vonbrigði og í raun þykir okkur hann ganga gegn gildandi rétti,“ segir Inga Sæland formaður, Flokks fólksins, um dóm sem féll í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þar var íslenska ríkið sýknað af kröfu ellilífeyrisþega um greiðslu á rúmum 40 þúsund krónum auk vaxta.

Forsaga málsins er sú að árið 2016 voru gerð mistök við breytingar á almannatryggingalögum. Vísað var í rangan staflið í einni grein laganna. Samkvæmt orðanna hljóðan var því óheimilt að draga greiðslur frá lífeyrissjóðum við útreikning á ellilífeyri.

Breytingarnar tóku gildi í upphafi árs 2017 en mistökin voru leiðrétt afturvirkt þann 1. mars 2017. Krafði konan ríkið um greiðslur samkvæmt lögunum eins og þau voru en ekki líkt og þau urðu síðar meir, eftir að mistökin höfðu verið leiðrétt. Hefði dómurinn fallið sækjanda í vil hefði ríkið þurft að punga út um fimm milljörðum til annarra lífeyrisþega.

„Það kemur á óvart að gildandi réttur sé jafn fótum troðinn og raun ber vitni í dómnum. Lögin voru svona og vilji löggjafans og önnur lögskýringarsjónarmið blikna í samanburði við gildandi rétt. Svona voru lögin í tvo mánuði og fólk hafði réttmætar væntingar til


**Inga Sæland, formaður Flokks fólksins.**

þess að fá greitt samkvæmt þeim,“ segir Inga.

„Við munum áfrýja þessum dómi. Ef þetta verður ekki dæmt rétt hérna heima þá munum við leita til Mannréttindadómstóls Evrópu. Þetta snýst um ofríki valdhafanna gegn borgurunum í landinu.“ **– jóe**

## Læknafélagið skoðar greiðslur til verktaka

**KJARAMÁL** Læknafélag Íslands segir það ekki geta staðist að ódýrara sé fyrir heilbrigðisstofnanir að ráða heilsugæslulækna sem verktaka en sem launamenn, þvert á fullyrðingar framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Vandséð er hvernig sú fullyrðing getur staðist nema læknum séu greiddar verktakagreiðslur sem eru lægri en sem nemur launum samkvæmt kjarasamningi.

Félagið hefur sent Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra bréf vegna fullyrðinganna og óskað eftir fundi með ráðherra til að ræða málið. Mikilvægt er að félagið hafi sem gleggsta sýn yfir þá samninga sem tíðkast, umræðan bendi til þess að verið sé að greiða lægra fyrir þessi störf en eðlilegt þykir. Félagið hvetur jafnframt þá lækna sem starfa við verktöku að snúa sér til samtakanna áður en þeir semja við heilbrigðisstofnanir. **– gþs**

## Sveitarfélögum fækkar um tvö

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Sveitarfélögum landsins fækkar um tvö eftir næstu sveitarstjórnarkosningar og verða þá alls 72. Íbúar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar samþykktu sameiningu sveitarfélaganna laugardaginn 24. mars og 11. nóvember síðastliðinn hafði verið samþykkt sameining sveitarfélaganna Garðs og Sandgerðis.

Íbúafjöldi í sameinuðu sveitarfélagi Garðs og Sandgerðis verður um 3.200. Íbúar Fjarðabyggðar eftir sameininguna við Breiðdalshrepp verða tæplega 5.000.

Árið 1950 voru sveitarfélögin 229 og hefur þeim fækkað í nokkrum skrefum. Árin 1994 til 2006 var mikið um sameiningar og fækkaði sveitarfélögum þá úr 196 í 79 og síðan í 74 með síðustu sameiningum. **– jhh**

# Söfnunarfé nýtist til að byggja upp en ekki til að bjarga ríkinu

**Framlög ríkisins til sjúkrahúss og göngudeildarþjónustu SÁÁ er rúmum 500 milljónum lægri en kostnaðurinn við að reka þjónustuna. Bilið er brúað með söfnunarfé. SÁÁ vill nota fé úr fjáröflunum til uppbyggingar og nýsköpunar í þjónustu sem skortir í samfélaginu en ekki til að niðurgreiða lögbundna þjónustu.**


Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra og Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, heimsóttu Vog og Vík í gær og kynntu sér starfsemina. Þau fengu líka upplýsingar um reksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það hefur alltaf verið bil og við höfum brúað það með okkar eigin fjáröflunum og sértekjum sem við höfum, en við getum það ekki núna. Þetta er orðið allt of mikið,“ segir Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ.

Samkvæmt nýrri greinargerð SÁÁ sem byggir á endurskoðuðu bókhaldi fyrir árið 2017 fjármagnar ríkið einungis 2/3 af heildarkostnaði þeirrar starfsemi sem SÁÁ rekur á Vogi, Vík og á göngudeildum. Samkvæmt greinargerðinni er heildarkostnaður við fyrrgreinda starfsemi rúmar 1,43 milljarðar króna. Framlag ríkisins nemur hins vegar 914 milljónum króna. Mismunurinn er rúmar 517 milljónir króna.

„Þetta er alltaf stigversnandi. Í hruninu var þetta skorið niður mjög groddaralega og fyrstu tvö til þrjú árin þar á eftir. Svo hefur þetta ekkert gengið til baka. Það er alltaf sama upphæðin verðbætt en engu bætt við. Síðan hækkar allt annað,“ segir Arnþór.

Hann bendir á að leguplássum fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga fækki sífellt á Landspítalanum. Máli sínu til stuðnings bendir hann á grein eftir Þórarin Tyrfingsson, fyrrverandi yfirlækni á Vogi, þar sem fram kemur að sjúkrarúm á Landspítalanum fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga hafi verið 138 árið 1976, en 20 árið 2015. Sjúklingarnir séu í auknum mæli að leita til SÁÁ. Nú séð staðan þannig að yfir 500 manns séu á biðlista. „Við höfum aldrei séð svona tölu áður.“

Arnþór segir SÁÁ njóta mikils stuðnings á formi einkaframlaga og hið opinbera sé farið að ganga á lagið með það. „Það eru ekki mörg almannaheillafélög sem njóta jafn mikils stuðnings og hafa jafn mikla velvild. Það er náttúrlega vegna þess að það eru margir sem hafa komið og fengið þjónustu hérna. Það er einhvern veginn eins og ríkið hafi þá gengið á lagið og hugsað, jæja – þetta eru svo miklir safnarar að við bara drögum okkar framlag út úr þessu. Í raun og veru er það það sem gerist.“

Í skýrslunni er bent á að meðan sértekjur og fjáraflanir SÁÁ renni að mestu leyti í niðurgreiðslur á lögbundinni heilbrigðisþjónustu sem veitt hefur verið í áratugi glatist tækifæri til sóknar. Fjáraflanir SÁÁ ætti fremur að nýta til uppbyggingar og nýsköpunar í þjónustu sem skortir í samfélaginu.

**jonhakon@frettabladid.is**

### Kostnaður og ríkisframlög

**925.354.052 kr.**

kostar að reka sjúkrahúsið Vog en ríkið greiðir 695 milljónir

**327.397.855 kr.**

kostar að reka meðferðarstöðina Vík en ríkið greiðir 219 milljónir

**177.989.622 kr.**

kostar að reka göngudeildir en ríkið greiðir 0 kr.

**Það er alltaf sama upphæðin verðbætt en engu bætt við. Síðan hækkar allt annað.**


Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.jeep.is
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16




# CIVIC

## Á HONDA BETRA VERÐI

Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hannaður sérstaklega fyrir þig, fjölskylduna og áhugamálin. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir tæknilegum yfirburðum. Skemmtilegur að keyra, öruggur, áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – þig! Fullkomin blanda af krafti, sparneytni og gæðum.
**Komdu í heimsókn og prófaðu meira af okkar besta til þessa.**

**SÉRVALDIR HONDA CIVIC Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI**

HONDA CIVIC - **FJÖLSKYLDUBÍLLINN 2018**
VERÐ FRÁ KR. 2.990.000

HONDA

**Bernhard ehf** • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

## Egyptar bölsótast út í fjölmiðla

**EGYPTALAND** Síðasti dagur forsetakosninga í Egyptalandi er á morgun og búist er við að Abdel Fattah al-Sisi forseti nái endurkjöri. Andstæðingur hans, Moussa Mostafa Moussa, hefur verið kallaður strengjabrúða Sisi og hafa stjórnarandstæðingar haldið því fram að hann sé eingöngu í framboði þar sem helstu andstæðingar Sisi hafi ekki fengið að bjóða sig fram. Því hafi verið þörf á tiltölulega áhrifalitlu mótframboði til að láta kosningarnar líta trúverðugar út.

Egypskir miðlar, á bandi Sisi, vönduðu blaðamönnum BBC ekki kveðjurnar í gær. Sögðu þeir miðilinn dreifa lygum um stjórnvöld en BBC hefur greint ítarlega frá aðdraganda kosninganna. Þá sagði blaðamaður Al-Ahram að breska blaðið Independent dreifði óhróðri og lygum um stjórnvöld. – **þea**

## Varað við svikapóstum

**AFBROT** Seðlabanki Íslands varar við svikapóstum sem sendir hafa verið nýverið þar sem meðal annars kemur fram nafn Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn á enga aðild að þessum tilkynningum sem sagðar eru sendar í nafni kortafyrirtækja. Seðlabankinn segir augljóst að um svindl sé að ræða og fólk er því varað við því að bregðast við póstunum. – **jhh**

## Skorar norska heimsmeistarann á hólm




**Ítalsk-bandaríski stórmeistarinn Fabiano Caruana vann í gær áskorendamótið sem haldið var í Berlín. Í verðlaun var rétturinn til að skora á heimsmeistarann Magnus Carlsen í einvígi um tignina en það fer fram í London í nóvember. Caruana lauk leik með níu vinninga úr fjórtán skákum. Hann hafði vinningi meira en næsti maður. Sigurinn tryggði hann sér með því að leggja Alexander Grischuk að velli í lokaumferðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Bæjarstjóri hækkað um hálfa milljón

**Grunnlaun bæjarstjóra Garðabæjar hækkuðu um 27 prósent á kjörtímabilinu. Laun og hlunnindi námu rúmum 2,5 milljónum á mánuði í fyrra. Launahærri en borgarstjóri og forsætisráðherra. Bæjarfulltrúi vildi auka gagnsæi um laun stjórnenda bæjarins.**

**SVEITARSTJÓRN** Laun og hlunnindi bæjarstjóra Garðabæjar námu ríflega 30 milljónum króna í fyrra, eða sem nemur rúmum 2,5 milljónum króna á mánuði. Grunnlaun bæjarstjórans hafa á kjörtímabilinu hækkað um sem nemur tæpri hálfri milljón á mánuði.

Þetta kemur fram í svari bæjarins við fyrirspurn Maríu Grétarsdóttur, bæjarfulltrúa M-lista Fólksins í bænum, um laun bæjarfulltrúa og æðstu stjórnenda sem lagt var fram í bæjarráði Garðabæjar í gær.

Á síðasta ári fékk Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, 27,5 milljónir króna, eða sem nemur tæpum 2,3 milljónum króna á mánuði, sem bæjarstjóri. Gunnar er sömuleiðis varamaður í bæjarstjórn Garðabæjar og þiggur laun fyrir fundi þar sem hann tekur sæti. Samkvæmt svarinu fékk hann 507 þúsund krónur á síðasta ári fyrir það en fær ekki greitt fyrir aðra fundarsetu.

Ofan á þessi laun bætist síðan bifreiðastyrkur til bæjarstjóra sem á síðasta ári nam rúmlega 2,2 milljónum. Garðabær leggur bæjarstjóranum til Land Cruiser-jeppa, líkt og greint hefur verið frá í fjölmiðlum.

Að meðaltali námu því allar greiðslur til bæjarstjórans í fyrra um 30,2 milljónum króna, eða sem nemur 2,5 milljónum á mánuði.

Í svarinu eru sundurliðaðar greiðslur til bæjarfulltrúa og stjórnenda frá 2014 til 2017. Þar má sjá að grunnlaun bæjarstjórans námu í upphafi kjörtímabilsins 1.796 þúsund krónum á mánuði samanborið við 2.288 þúsund árið 2017. Grunnlaun bæjarstjórans hafa því hækkað um 5,9 milljónir, eða 27 prósent á tímabilinu og mánaðarlaun hans um sem nemur 491.783 krónum. Hafa ber í huga að með tilliti til launavísitölu hafa grunnlaun bæjarstjórans ekki hækkað umfram hana.



Gunnar Einarsson

> **Mér fannst mikilvægt að það myndi sama gagnsæi gilda í Garðabæ.**
>
> María Grétarsdóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ



Ríflega 15 þúsund íbúar eru í Garðabæ en til samanburðar þá má nefna að heildarlaun Dags. B. Eggertssonar borgarstjóra nema rúmum tveimur milljónum á mánuði, líkt og forsætisráðherra Íslands.

Af öðrum hæstlaunaða starfsmanni Garðabæjar má nefna að kostnaður vegna launa og hlunninda bæjarritara nam alls 22,3 milljónum króna á síðasta ári, eða sem nemur 1,8 milljónum á mánuði að meðaltali.

María Grétarsdóttir, segir tilefni fyrirspurnarinnar hafa verið kröfu um aukið gagnsæi í launakjörum kjörinna fulltrúa.

„Mér fannst mikilvægt að það myndi sama gagnsæi gilda í Garðabæ.“ **mikael@frettabladid.is**




# KRÓNAN

# OPIÐ UM PÁSKANA

## Skírdagur

Opið í öllum verslunum sjá nánar á kronan.is

## Föstudagurinn langi

## kl. 9–21

í Krónunni Árbæ, Hamraborg, Hvaleyrarbraut,
Jafnaseli, Nóatúni 17 og Kr. Vík

## Laugardagur

Opið í öllum verslunum sjá nánar á kronan.is

## Páskadagur

## kl. 10–20

í Krónunni Árbæ, Hamraborg, Hvaleyrarbraut,
Jafnaseli, Nóatúni 17 og Kr. Vík (9-21)

## Annar í páskum

Opið í öllum verslunum sjá nánar á kronan.is

Gleðilega páska

www.kronan.is

# BNA kúgi bandamenn sína til að reka Rússa á dyr



Sergei Skrípal í dómsal í Moskvu árið 2006. NORDICPHOTOS/AFP

**Rússar eru óhressir með að rúmlega hundrað erindrekar þurfi að snúa aftur til síns heima. Lavrov segir Bandaríkjamenn hafa þvingað bandamenn sína til þess að vísa Rússum úr landi en þessir sömu bandamenn séu hins vegar að biðja Rússa afsökunar í laumi. Fjölmiðlar Rússa taka undir með yfirvöldum.**

**RÚSSLAND** Umfangsmestu brottvísanir rússneskra erindreka í sögunni hafa ekki farið vel í yfirvöld í Rússlandi. Alls var tilkynnt um að rúmlega hundrað erindrekum, sem margir hverjir eru taldir njósnarar, yrði vísað úr rúmlega tuttugu ríkjum. Voru þær ákvarðanir teknar vegna árásarinnar á fyrrverandi gagnnjósnarann Sergei Skrípal og dóttur hans Júlíu í Salisbury á Bretlandi fyrr í mars.

Bretar og bandamenn þeirra halda því fram að Rússar beri ábyrgð á árásinni en Skrípal var dæmdur í fangelsi í heimalandinu árið 2006 fyrir njósnir. Þessu hafa Rússar þó neitað staðfastlega.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússa, sagði í gær að Bandaríkin hefðu kúgað bandamenn sína til þess að taka þátt í brottvísununum. Fá sjálfstæð ríki væru eftir í Evrópu.

„Þegar ríki vísar einum eða tveimur erindrekum úr landi, og biður okkur afsökunar í laumi á meðan, vitum við fyrir víst að ákvörðunin var tekin vegna gríðarlegs þrýstings, gríðarlegrar kúgunar. Það eru því miður helstu verkfæri bandarískra stjórnvalda,“ sagði Lavrov.

Utanríkisráðherrann sagði aukinheldur óumflýjanlegt að Rússar myndu svara fyrir sig. Hefur Lavrov verið sagður sitja við teikniborðið til þess að teikna upp mögulegar mótvægisaðgerðir fyrir Vladímír Pútín forseta að samþykkja.

Ekki er víst hverjar þær mótvægisaðgerðir verða. Vladimír Dzhabarov öldungadeildarþingmaður sagði þó í gær að Rússar myndu svara Bandaríkjamönnum í sömu mynt. Bandaríkin ákváðu að vísa samtals sextíu Rússum úr landi. Sé horft til þess að Bretar vísuðu 23 Rússum úr landi og þess að Rússar vísuðu 23 Bretum úr landi á móti má búast við því að Rússar svari öllum ríkjunum í sömu mynt.

Þá vakti tíst rússneska sendiráðsins í Bandaríkjunum mikla athygli. Spurði þar sendiráðið, í ljósi þess að Bandaríkin hafa fyrirskipað lokun ræðisskrifstofu Rússa í Seattle, hvaða ræðisskrifstofu Bandaríkjamanna Rússar ættu að loka. Valið stóð á milli Vladívostok, Katrínarborgar og Sankti Pétursborgar og fékk síðastnefnda borgin flest atkvæði, eða 47 prósent.

Rússneskir stjórnmálamenn eru þó ekki þeir einu sem reiddust bandamönnum Breta. Stærstu rússnesku fjölmiðlarnir tóku, líkt og venjulega, undir með stjórnvöldum að öllu leyti. „Þau segja að þetta sé vegna Skrípal-málsins jafnvel þótt Moskva sé enn að bíða eftir því að aðkoma Rússa sé sönnuð,“ kom fram á NTV.

„Þetta lítur ekki út eins og stríð heldur krossför gegn Rússlandi,“ sagði einn viðmælenda Stöðvar 1. Þar voru viðmælendur sammála um að Bandaríkjamenn og Bretar færu fyrir skipulagðri herferð gegn Rússum.

Á sjónvarpsstöðinni Rossiya 1 heyrðist einn viðmælenda segja: „Þetta minnir mig á málverk eftir Breughel. Blindur leiðir blindan. Eitt ríki í Evrópu dregur hin niður í svaðið með sér.“

Sömu sögu var að segja af stærstu miðlum Rússa á enskri tungu. Tóku bæði RT og Sputnik, miðlar sem hafa verið kallaðir hluti áróðursvélar Pútíns, undir með stjórnvöldum. Fjallaði RT um ákvörðun Bandaríkjamanna um að vísa erindrekum Rússa í höfuðstöðvum SÞ í New York úr landi. Var það gert undir fyrirsögninni „Reyndu Bandaríkjamenn yfirhöfuð eitthvað að réttlæta brottvísun Rússa hjá SÞ? „Of viðkvæmt“ til að tjá sig, segja SÞ“.

**thorgnyr@frettabladid.is**

## Ríkin sem reka Rússa úr landi




## Hvers vegna er Rússum kennt um?

„Það er ekki hægt að draga neina aðra ályktun en að rússnesk yfirvöld beri ábyrgð á tilræðinu við Sergei Skrípal og dóttur hans.“ Þetta sagði Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, fyrr í mánuðinum.

Það fyrsta sem bendir til sektar Rússa er það að Skrípal var rússneskur gagnnjósnari. Það myndi flokkast sem föðurlandssvik þar í landi líkt og víðar. „Föðurlandssvikarar munu deyja, treystið mér. Þetta fólk sveik vini sína og bræður,“ sagði Pútín í viðtali árið 2010. Fleiri rússneskir „föðurlandssvikarar“ hafa dáið fyrir aldur fram undanfarin ár. Ber þar helst að nefna Alexander Lítvínenko sem dó úr póloníumeitrun í Lundúnum árið 2006.



Annað sem þykir benda til sektar Rússa er eitrið sjálft. Bretar halda því fram að svokallað Novichok-taugaeitur hafi verið notað en það var þróað í Sovétríkjunum. Sýni hafa verið send til Efnavopnastofnunarinnar til staðfestingar.

Bretar báðu um útskýringar, og spurðu meðal annars hvort Rússar hefðu misst stjórn á Novichok-vopnabúri sínu. Rússar fengu sólarhring til svara en höfnuðu þessum afarkostum og sögðu um óásættanlega ögrun að ræða.

Jonathan Allen, sendiherra Breta hjá SÞ, sagði fyrr í mars að glæpasamtök gætu ekki framleitt eitrið. Framleiðslan krefðist mikillar sérfræðiþekkingar og öryggisbúnaðar.

Bretar virðast því líta svo á að þar sem Rússar hafi þróað eitrið, þeir hafi ekki svarað því hvort þeir hafi misst stjórn á vopnabúrinu og glæpasamtök geti ekki framleitt það, hljóti Rússar að bera ábyrgð.

Almenningur hefur hins vegar ekki fengið að sjá gögn úr rannsókn Breta á málinu og því ekki hægt að fá heildarmyndina.

## Hvað segja Rússar að hafi gerst?

**Breski miðillinn Business Insider tók í vikunni saman fjórtán kenningar sem mismunandi Rússar hafa sett fram um málið. Fréttablaðið dró saman fimm áhugaverðar.**

1. Vladímír Tsjízhov, sendiherra Rússa hjá ESB, sagði að eitrið gæti hafa verið framleitt á rannsóknastofu breska hersins í Porton Down. „Við vitum öll að þar er stærsta breska herrannsóknastofan sem fæst við efnavopnarannsóknir. Svo er hún bara átta mílur frá Salisbury,“ sagði Tsjízhov, sem bætti því þó við að hann hefði engin sönnunargögn undir höndum sem styddu mál sitt. Breska utanríkisráðuneytið hafnaði tilgátunni og sagði hana „þvætting“.

2. Níkolaj Kovalev, fyrrverandi stjórnandi rússnesku alríkislögreglunnar, sagði að Úkraína bæri ábyrgð. Úkraínumenn hefðu getað sankað að sér eitri úr efnavopnabúri Sovétríkjanna.

> **Fyrrverandi stjórnandi rússnesku alríkislögreglunnar, sagði að Úkraína bæri ábyrgð**

3. Kovalev sagði einnig að Bretar hlytu að hafa staðið að árásinni. Þeir einir hafi vitað hvar Skrípal væri niður kominn og þess vegna hafi breska leyniþjónustan getað ráðist á hann í Salisbury.

4. María Zakharova, talsmaður utanríkisráðuneytis Rússa, sagði að eitrið gæti hafa komið frá ríkjum sem hefðu rannsakað Novichok-taugaeitur. Nefndi hún sérstaklega Svíþjóð, Slóvakíu og Tékkland. Því hafa utanríkisráðherrar ríkjanna þriggja hafnað.

5. Zakharova sagði einnig að bein tengsl væru á milli Skrípal-málsins og þess að Rússar væru að ná „óumdeilanlegum árangri í Sýrlandi“. Sagði Zakharova að með árásinni reyndu Vesturlönd að koma óorði á Rússa.




## Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna kosninga til sveitarstjórna sem fram fara 26. maí 2018, hefst við embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu **laugardaginn 31. mars 2018 kl. 12:00 til 14:00.**

Atkvæðagreiðslan fer í fyrstu fram á skrifstofu embættisins að Hlíðasmára 1 í Kópavogi á opnunartíma embættisins, frá kl. 8:30 til 15:00 á virkum dögum. Einnig er opið á laugardögum og sunnudögum frá kl. 12:00 til kl. 14:00.

**Lokað er páskadag 1. apríl, annan í páskum 2. apríl, sumardaginn fyrsta 19. apríl, 1. maí, uppstigningardag 10. maí og hvítasunnudag 20. maí.**

Um breytingar sem kunna að verða á opnunartímum má sjá heimasíðu embættisins á www.syslumenn.is

***Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu***
***Þórólfur Halldórsson***










AFGREIÐSLUTÍMI UM PÁSKANA

Skírdagur: 10.00 – 21.00
Föstudagurinn langi: lokað
Laugardagur: 10.00 – 21.00
Páskadagur: lokað
Annar í páskum: 10.00 – 21.00

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Tímabærar aðgerðir



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Taugaeitursárásin í Salisbury fyrr í þessum mánuði var ekki aðeins tilræði við fyrrverandi gagnnjósnara Breta hjá rússnesku alríkislögreglunni (FSB), heldur ósvífin og fordæmalaus árás gegn íbúum Evrópu. Tæplega fjörutíu manns urðu fyrir barðinu á Novichok-taugaeitrinu þegar því var sleppt í hjarta smábæjarins. Eitrið er, samkvæmt rússneskum vísindamönnum, það banvænasta sem þróað hefur verið, og var það framleitt í tonnavís á seinni hluta síðustu aldar í Sovétríkjunum.

Leiðtogar Evrópusambandsins tóku undir með breskum yfirvöldum að afar líklegt væri að árásin væri á ábyrgð stjórnvalda í Rússlandi, og í gær voru 140 rússneskir útsendarar og diplómatar, í 25 löndum, gerðir brottrækir.

Voðaverkið í Salisbury er auðvitað ekki það eina sem skiptir máli í þessum efnum. Hafa ber í huga ólöglega innlimun Krímskaga í Rússland, tilraunir til að hafa áhrif á forsetakosningarnar í Bandaríkjunum árið 2016, umfangsmiklar og ríkisstuddar tölvuárásir, að ógleymdu banatilræðinu við Alexander Lítvínenko, fyrrverandi starfsmann FSB og breskan ríkisborgara, árið 2006 þar sem stórhættulegt geislavirkt efni var notað (pólóníum 210).

Fyrir utan þessar árásir á fullveldi ríkja, eins og Úkraínu og Georgíu, og tilraunir til að grafa undan trausti stofnana á Vesturlöndum, ásamt aðgerðum til að raska hinu lýðræðislega ferli sem myndar grundvöll samfélags okkar, þá hafa rússnesk yfirvöld orðið uppvís að kerfisbundnum mannréttindabrotum sem eru allt of mörg til að tíunda hér.

Vonandi er sú linkind sem þjóðarleiðtogar hafa sýnt rússneskum yfirvöldum á enda. Brottrekstur 140 diplómata er öflugt svar og sömuleiðis eru viðbrögð íslenskra yfirvalda yfirveguð, viðeigandi og umfram allt uppbyggileg þar sem áhersla er lögð á að halda samskiptaleiðum milli Rússlands og Íslands opnum.

Sama hvert svar rússneskra yfirvalda verður við aðgerðum og þrýstingi þá er það fyrir öllu að rússneska þjóðin verði ekki látin gjalda fyrir gjörðir leiðtoga sinna. Michael Nevin, sendiherra Bretlands á Íslandi, komst svona að orði í Fréttablaðinu í gær:

„Við eigum ekkert sökótt við rússnesku þjóðina, sem getur verið stolt af afrekum sínum [...] En við deilum öll skyldu til að andæfa metnaði ráðamanna í Kreml til að kljúfa og veikja alþjóðasamfélagið. Í hvert sinn sem rússneska ríkiskerfið brýtur alþjóðalög, eflist hættan sem af því stafar.“

**Sama hvert svar rússneskra yfirvalda verður við aðgerðum og þrýstingi þá er það fyrir öllu að rússneska þjóðin verði ekki látin gjalda fyrir gjörðir leiðtoga sinna.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Vilja á HM**

**Í mótmælaskyni við aðgerðir Rússa í Bretlandi munu íslenskir ráðamenn horfa á heimsmeistaramótið í knattspyrnu í imbakassanum. Þetta var tilkynnt í fyrradag. Hálf broslegt var að fylgjast með utanríkisráðherra gera grein fyrir aðgerðunum. Sagði hann meðal annars að svona yrði þetta að óbreyttu máli. Líkt og við var að búast brugðust Rússar ókvæða við enda viðbrögð Íslendinga algjörlega úr hófi fram. Grey Rússarnir þurfa núna sjálfir að sjá um að sporðrenna sínum kavíar og vodka. Þá Guðna og Gulla langaði hvort sem er ekki neitt að fara á þetta asnalega HM.**

**Álagið**

**Það að vera þingmaður er tímafrekt og oft á tíðum vanþakklátt starf. Sem betur fer geta þingmenn þó huggað sig við það að hlunnindin og fríin eru yfirleitt ágæt. Þingmenn eru núna komnir í tveggja vikna páskafrí og í maí bíður þeirra tveggja vikna frí vegna sveitarstjórnakosninga sem fram undan eru. Fundað er viku inn í júní en þá tekur við þriggja mánaða sumarfrí sem þó er styttra í ár en fyrri ár. Ástæðan er hátíðarfundur vegna fullveldisafmælis en sá fundur er um miðjan júlí. Vonandi er að það komi ekki í veg fyrir að þeir geti slakað örlítið á og haft það náðugt.**

joli@frettabladid.is

## Nýtt bankakerfi



Jón Sigurðsson
fv. skólastjóri

Nýskipan fjármálakerfisins stendur fyrir dyrum. Trúlega verða hér aðeins tveir bankar, og jafnvel eitt erlent útibú, ef bönkum verður leyft, eins og hingað til, að veita alhliða fjármálaþjónustu. Fjármálaráðherra verður ráðandi í öðrum bankanum og erlendir fjármálamenn í hinum. Hætt er við að þetta fákeppniskerfi mótist um of af stjórnmálum í annan endann og erlendri stjórn í hinn.

Báðir þessir bankar verða svo kerfismikilvægir að þeir njóta ríkisábyrgðar, jafnvel þótt stjórnmálamenn og bankastjórar afneiti því meðan vel gengur. Almenningur verður látinn taka öll vandræði á sig.

Þessum vanda verður að mæta strax.

Tryggja verður sérgreiningu fjármálafyrirtækja, eða fullnægjandi aðgreiningu ef leyft verður að hafa ólík svið innan sama fjármálafyrirtækis. Ákvarða verður að meirihluti stjórnarmanna búi á Íslandi. Tryggja verður fjarlægð frá flokkshagsmunum. Vanda verður ákvæði um eigið fé, lausafé og þjóðhagsvarúð sem bönkum verður ætlað að lúta. En einnig verður að girða utan um þessa þætti hvern um sig: a) innlán og sparnað einstaklinga og fjölskyldna; b) neytendalán; c) íbúðalán; d) námslán; e) byggðalán; f) greiðslu- og uppgjörskerfi.

Raunhæfar hömlur verður að setja gegn arðsókn af öllum þessum síðastnefndum þáttum og gera kröfur um þjónustu, gæði og starfshætti. Annaðhvort verður að kveða á um fullkomna aðgreiningu fjármálafyrirtækja, þannig að sparisjóður sé sér og fjárfestinga- og fyrirtækjabanki sér og svo framvegis, eða a.m.k. tryggja stjórnunar-, fjárhags- og áhættuaðgreiningu. Tryggingasjóður sparifjár verður að vera sér og tryggingasjóður fjárfesta sér.

Efla ber sjálfstæði Bankasýslu ríkisins og tryggja fjarlægð frá flokkshagsmunum. Sambærilegt á við um kosningu bankaráðs Seðlabankans og val í peningastefnunefnd. Styrkja verður Fjármálaeftirlitið, herða tök þess og fjölga heimiluðum aðgerðum. Ákvarða verður um hlutverk Samkeppniseftirlits og Neytendastofu.

– En auðvitað hrópar það á alla að það vantar sparisjóð, án arðsóknar, sem hafi allt landið að starfssvæði og einbeiti sér að því að þjóna heiðarlegu fólki á heiðarlegan hátt.

**Hætt er við að þetta fákeppniskerfi mótist um of af stjórnmálum í annan endann og erlendri stjórn í hinn.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Nýi Vesturbærinn og Keldur



Eyþór Arnalds
í 1. sæti D-listans
í Reykjavík

**Við viljum hlúa að austurhluta borgarinnar með öflugri uppbyggingu. Samhliða þessu munum við fara í átak í samgöngumálum.**

Lítið framboð er á nýju húsnæði í Reykjavík. Um það er ekki lengur deilt. Það litla sem hefur verið byggt á síðustu árum eru fyrst og fremst lúxusíbúðir fyrir efnameira fólk. Við sem skipum sæti D-listans í Reykjavík viljum breyta þessu með því að leyfa íbúðarbyggð á hagstæðum og eftirsóttum stöðum í borginni.

**Nýi Vesturbærinn verður að veruleika**

Við viljum leyfa byggingu hagstæðra íbúða við Örfirisey hjá Grandanum við gömlu höfnina. Í dag er engin íbúð leyfð en því viljum við breyta. Þar munum við byggja 1.000 íbúðir í fyrsta áfanga og leggja áherslu á minni einingar, frá 40 m2 með spennandi sameiginlegri aðstöðu. Lausnir sem þessar eru þekktar í London og Stokkhólmi svo dæmi séu tekin, en sárvantar hérlendis.

Íbúðirnar munu henta mjög vel fyrir þá sem eru að gera sín fyrstu kaup, en einnig þeim sem vilja minnka við sig og vera í göngufæri við miðborgina. Ætla má að þeir sem byggju í Nýja Vesturbænum myndu þurfa að nota bíl í minni mæli. Til lengri tíma er unnt að byggja upp 10.000 manna byggð í Nýja Vesturbænum en þá þarf að ráðast í vegtengingu við Sæbraut.

Byggðalega séð er mikilvægt að bregðast við þeirri alvarlegu stöðu sem miðborgin er komin í. Heil 9% íbúafækkun hefur verið þar síðustu fimm árin. Airbnb og afar hátt fasteignaverð hefur gert það að verkum að margir hafa þurft að flytja annað. Við viljum stöðva þessa öfugþróun og gefa Reykvíkingum val með Nýja Vesturbænum.

**Keldur**

Keldnalandið liggur á besta stað skammt frá Grafarvogi. Þangað er kjörið að flytja stofnanir og fyrirtæki. Landið þar rúmar jafnframt myndarlega íbúðarbyggð. Hvoru tveggja myndi styrkja austurhluta borgarinnar til muna. Í dag er of stór hluti starfa í miðborginni og umferðin öll í sömu átt eins og þekkt er orðið.

Líklegt má telja að framtíðarsvæði fyrir uppbyggingu sjúkrahúss sé best komið í Keldnalandinu. Í dag eru engin áform um að byggja á Keldum. Við viljum breyta því strax að loknum kosningum, semja við ríkið og leyfa uppbygginguna með breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Við viljum hlúa að austurhluta borgarinnar með öflugri uppbyggingu. Samhliða þessu munum við fara í átak í samgöngumálum. Við munum segja upp samkomulagi um framkvæmdastopp við ríkið. Leyfa og taka í notkun tafalaus gatnamót. Og fækka þannig hættulegum ljósastýrðum gatnamótum sem auka tafatímann í umferðinni.

Uppbygging á Keldum og markvissar samgöngubætur munu gera borgina betri fyrir okkur öll. Lítum björtum augum á framtíðina og förum saman í jákvæða og öfluga uppbygginguna. Reykjavík á betra skilið.

# Sækjum árans jólatrén



Pawel Bartoszek
í 2. sæti á lista Viðreisnar í Reykjavík

**Tréð kemst ekki í skottið á Focusnum. Ég þarf að taka út barnabílstólinn og leggja niður sætin. Þannig kemst það. Barrinu rignir yfir innviði bílsins. Ég keyri af stað. Lyktin er þó í það minnsta sæmileg.**

Janúar 2018. Varlega ber ég hálfuppþornaða jólatréshræið eftir gangi íbúðarinnar í heiðarlegri tilraun til að rekast ekki í allt of mörg húsgögn. Það gengur illa. Gangurinn er eins og skógarstígur. Treð trénu fram á sameiginlega ganginn, inn í lyftuna, niður í bílakjallarann. Tylli trénu við bílinn. Sný mér við og virði fyrir mér langa slóð fölnaðs barrs og affallinna trjágreina.

Ég er ekki subbukall og kæri mig ekki um illt umtal nágranna. Sérstaklega þar sem vegsummerkin eru með þeim hætti að sökin væri augljós. Ég fer upp, næ í kúst og fæjó (kúst og fæjó) ásamt litlum plastpoka og fjarlægi vegsummerkin. Reyni að klóra barrið upp úr gólfteppinu á stigaganginum áður en ég ákveð að kannski, kannski sé ryksugan málið. Næ í hana, held lyftunni opinni og ryksuga hana líka.

Tréð kemst ekki í skottið á Focusnum. Ég þarf að taka út barnabílstólinn og leggja niður sætin. Þannig kemst það. Barrinu rignir yfir innviði bílsins. Ég keyri af stað. Lyktin er þó í það minnsta sæmileg.

Ég keyri á Sorpu. Leiðin er 4 kílómetrar. Líkt og þúsundir Reykvíkinga keyri ég á Sorpu með uppþornaða jólatréð mitt. Fleygi því í risastóra hrúgu dauðra jólatrjáa. Gramsa svo í bílnum í heiðarlegri tilraun til að sópa upp hinar fjölmörgu leifar af trénu, reyni að koma þeim í stóru hrúguna en þær fjúka bara út eftir planinu.

Keyri svo heim. Ryksuga bílinn að innan. Það er alltaf skemmtilegt. Ryksuga loks íbúðina. Og þá er ég búinn.

Einu sinni gátu Reykvíkingar sett tréð út á lóðarmörk og það var sótt. Satt að segja virkaði það þægilegra, skilvirkara og umhverfisvænna en núverandi fyrirkomulag. Eigum við ekki bara að fara að gera þetta aftur?

# Samkeppnisstaða íslenskrar netverslunar



Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu

**Því er krafan vegna netviðskipta einfaldlega sú að tryggt verði að greiddur verði virðisaukaskattur af öllum vörum sem keyptar eru í formi netviðskipta til landsins, nema af þeim vörum sem óumdeilanlega eru undanþegnar skattskyldu.**

Á Íslandi jafnt sem annars staðar vex netverslun nú hröðum skrefum. Sífellt stærri hópur neytenda kýs að haga viðskiptum sínum með þessum hætti, ekki síst yngra fólkið, s.k. aldamótakynslóð (e. Millennials eða Generation Y). Þessi þróun mun ekkert gera nema halda áfram á næstunni, aðeins á mun meiri hraða en hingað til.

**Nýjar áskoranir fyrir alla**

Breytingar sem þessar hafa í för með sér nýjar áskoranir fyrir verslunar- og þjónustufyrirtæki. Samkeppnin tekur á sig nýjar myndir, en í netverslun er samkeppnin fyrst og fremst alþjóðleg og þannig þvert á landamæri ríkja. Þó að samkeppnin sé alþjóðleg er engu að síður mikilvægt að allir aðilar á markaði, standi jafnt að vígi, hvar sem þeir eru staðsettir í heiminum.

Þessar breytingar hafa nefnilega ekki aðeins í för með sér áskoranir fyrir fyrirtækin sem keppa á þessum markaði. Áskorunin er ekki síðri fyrir tollayfirvöld, en þeim ber að tryggja að greidd séu lögboðin gjöld af viðskiptum sem fara fram með þessum hætti og þannig stuðla að heilbrigðri samkeppni hvað innheimtu gjalda varðar.

**Netverslun eykst hröðum skrefum**

Á sl. ári voru um 550.000 sendingar til einstaklinga sem keypt höfðu vöru í netviðskiptum tollafgreiddar hér á landi. Var þar um 60% aukningu að ræða frá árinu 2016 og óhætt er að fullyrða að þessi tala fer hækkandi með hverju ári. Samkvæmt lögum eru eingöngu sendingar sem eru annað hvort gjafir eða þar sem verðmæti innihaldsins er 2.000 krónur eða minna undanþegnar virðisaukaskatti.

Eins og staðan er núna má fullyrða að stór hluti sendinga komi til landsins án þess að greidd séu af þeim lögboðin opinber gjöld, fyrst og fremst virðisaukaskattur. Ríkissjóður verður þar með af verulegum skatttekjum, sem miðað við umfangið hljóta að nema hundruðum milljóna króna. Þess utan er póstþjónusta í Kína, þaðan sem stærstur hluti þessara sendinga kemur, niðurgreidd af stjórnvöldum þar í landi sem augljóslega vegur þungt í alþjóðlegri samkeppni.

**Allir sitji við sama borð**

Eins öllum má ljóst vera er samkeppnisstaða íslenskrar netverslunar mjög þröng við þær aðstæður sem hér er lýst, svo ekki sé fastar kveðið að orði. Aftur á móti er samkeppni mikilvægur hlekkur í að efla innlenda starfsemi og stuðla að framþróun á þeim mörkuðum þar sem samkeppni ríkir. Hins vegar er mikilvægt að tryggja að aðilar sitji við sama borð er viðkemur opinberum kröfum og samspil við leikreglur á samkeppnismarkaði. Því er krafan vegna netviðskipta einfaldlega sú að tryggt verði að greiddur verði virðisaukaskattur af öllum vörum sem keyptar eru í formi netviðskipta til landsins, nema af þeim vörum sem óumdeilanlega eru undanþegnar skattskyldu.

Þar sem hér fara saman hagsmunir hins opinbera og hagsmunir íslenskrar verslunar, er þetta svo sjálfsagt mál, að það ætti ekki einu sinni að þurfa að nefna það.




# Kolefnishlutlaust Stjórnarráð



**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**
umhverfis- og auðlindaráðherra

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er stefnt að kolefnishlutlausu Íslandi árið 2040. Ríkisstjórnin samþykkti nýlega að setja Stjórnarráðinu loftslagsstefnu og útbúa aðgerðaáætlun sem hefur það að markmiði að gera starfsemi ráðuneyta Stjórnarráðsins kolefnishlutlausa. Verkefnisstjóri mun leiða þessa vinnu og jafnframt veita stofnunum hins opinbera fræðslu og ráðgjöf í þessum efnum. Með ákvörðun sinni sýnir ríkisstjórnin gott fordæmi í loftslagsmálum, en aðgerðin er hluti af heildaraðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum sem kynnt verður síðar á árinu.

Aukið magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti, þar með talið koltvísýrings, veldur hlýnun jarðar og loftslagsbreytingum. Spáð er mjög neikvæðum áhrifum á lífríki og efnahag þjóða heims ef ekki verður gripið til aðgerða. Markmiðið um kolefnishlutleysi er því skýr skilaboð um að Ísland ætlar að skipa sér í framvarðarsveit í loftslagsmálum.

Til að ná kolefnishlutleysi og leggja þannig drjúgan skerf til umhverfismála þarf annars vegar að draga eins mikið og hægt er úr útlosun gróðurhúsalofttegunda frá öllum geirum samfélagsins með hugviti og tækniframförum, grænni nýsköpun og umhverfisvænni neysluvenjum. Hins vegar, til að koma útlosuninni í núllið (kolefnishlutleysi), þarf að ráðast í aðgerðir sem tengjast ekki beint viðkomandi geira eða starfsemi. Slíkar aðgerðir eru til dæmis landgræðsla og skógrækt því þar er koltvísýringur bundinn í gróðri og jarðvegi með ljóstillífun plantna. Það að moka ofan í skurði og koma þannig í veg fyrir útlosun koltvísýrings er önnur leið. Aðgerðir sem þessar geta jafnframt náð fram öðrum markmiðum í umhverfismálum og náttúruvernd, s.s. endurheimt birkiskóga, votlendis og annarra landgæða. Það er auðvitað sérlega jákvætt.

**Stjórnvöld munu aldrei leysa áskoranir í loftslagsmálum ein og sér, en þau þurfa að sýna frumkvæði, kjark og elju. Frumkvæði nokkurra sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka sem hafa tekið upp stefnu um kolefnishlutleysi er til mikillar eftirbreytni.**

Stjórnvöld munu aldrei leysa áskoranir í loftslagsmálum ein og sér, en þau þurfa að sýna frumkvæði, kjark og elju. Frumkvæði nokkurra sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka sem hafa tekið upp stefnu um kolefnishlutleysi er til mikillar eftirbreytni. Ég vonast til að þessi ráðstöfun ríkisstjórnarinnar komi Stjórnarráðinu fljótt og örugglega í hóp þeirra metnaðarfyllstu og við munum styðja við stofnanir okkar í þessari sömu viðleitni. Saman þarf svo samfélagið að leggjast á árarnar og róa í takt. Ég hlakka til að vinna að því markmiði með sem flestum.

# Sjúkratryggingar Íslands



**Guðjón S. Brjánsson**
alþingismaður

Skýrsla Ríkisendurskoðunar, Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu og kynnt var í síðasta mánuði, leiðir í ljós að ekki hefur verið gætt hlutlægni í kaupum og sölu á heilbrigðisþjónustu. Samningar hafi verið gerðir og þjónusta seld út og suður eftirlitslítið og engin yfirsýn um hvort fagleg markmið hafi náðst og hvort þjónustan standist í raun kröfur um hagkvæmni og verðlagningu.

## Kostnaðargreining

Skýrslan sýnir fram á veikburða viðleitni til samanburðar á kostnaði milli stofnana, sennilega til að varpa ljósi á mikilvægi þess að öll heilbrigðisþjónusta sé vel kostnaðargreind en það er eins og margt annað í skötulíki á Íslandi. Við vitum harla lítið um hvað hin einstöku viðvik sem unnin eru í heilbrigðiskerfinu kosta í raun og hvar hagkvæmast sé að inna þau af hendi, hvort það sé í einkageiranum, á minni sjúkrahúsum eða hinum stærri. Stjórnvöld hafa í áraraðir ekkert frumkvæði haft að vandaðri greiningu á þessum mikilvægu þáttum. Á meðan dynur á okkur pólitískt trúboð og órökstuddar bábiljur.

Drepið er niður fæti í endurhæfingargeiranum og því varpað fram að mikill munur sé á kostnaði við rekstur endurhæfingarmiðstöðvarinnar á Reykjalundi og á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. Þarna finnst mér Ríkisendurskoðun fatast nokkuð flugið því þessi samanburður er ekki raunhæfur, þessar stofnanir eru ekki sambærilegar. Það þarf ekki annað en að skoða samsetningu fagfólks til að sjá að meðferðarstarfið er mjög ólíkt. Heilsustofnun NLFÍ gegnir vissulega mikilvægu hlutverki fyrir þá einstaklinga sem nýta sér meðferðina þar. Reykjalundur veitir hins vegar mjög sérhæfða þjónustu sem er einstök á Íslandi. Ef raunverulegur vilji er til að bera kostnað við endurhæfingu á Reykjalundi saman við sambærilegar stofnanir, þá þarf að leita lengra. Þannig er t.d. kostnaður við hvern einstakling sem endurhæfður er á Sunnås í Noregi tvöfalt hærri en á Reykjalundi en það er mun sambærilegri stofnun. Það hefði hugsanlega verið nærtækara og einfaldara að bera saman raunkostnað á þremur sjúkrahúsum á Íslandi við tilteknar og vel afmarkaðar aðgerðir, t.d. liðskiptaaðgerðir á Landspítala, Akranesi og Akureyri. Þar hefðu fengist býsna fróðlegar niðurstöður. Vinnubrögð í hálfkæringi eru ekki viðunandi í svo mikilvægum og dýrum málaflokki.

**Heilbrigðisráðherra hefur lýst því yfir að hún muni beita sér fyrir stefnumörkun í sátt við þing og þjóð, sem er mikil áskorun en grundvallaratriði.**

## Opinberar heilbrigðisstofnanir

Viðmót Sjúkratrygginga Íslands gagnvart opinberum heilbrigðisstofnunum hefur líka verið með hreinum ólíkindum, ekki síst á landsbyggðinni þar sem ríkt hefur verulegt ógegnsæi.

Við eigum líklega um 20.000 fermetra af vel búnu húsnæði, bara hér á suðvesturhorninu sem eru algjörlega vannýttir, húsnæði sem við eigum sjálf, kaupandi þjónustunnar, seljandinn og greiðandinn. Við erum engu að síður teymd, villuráfandi inn á markaðstorg viðskiptanna og vitum harla lítið hvað við fáum fyrir peninginn, aðgangur að sjúkraskráningu er brotakenndur og takmarkaður. Hér þarf að snúa við blaðinu, við eigum að fela okkar eigin stofnunum hlutverk við hæfi.

## Hugur ráðherra

Heilbrigðisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, hefur viðurkennt að það ríki talsverður glundroði í kerfinu og líklega er hann hvergi jafn sláandi og gagnvart Sjúkratryggingum Íslands. En stofnuninni er þrátt fyrir allt nokkur vorkunn. Leiðarljós í starfseminni ætti auðvitað að vera stefna heilbrigðisráðherra um heilbrigðisþjónustu. Gallinn er bara sá að heildstæð stefna í þeim anda sem lög um heilbrigðisþjónustu kveða á um og lög um sjúkratryggingar vísa til hefur hreinlega aldrei verið sett fram, svo ekki er von á góðu.

Heilbrigðisráðherra hefur lýst því yfir að hún muni beita sér fyrir stefnumörkun í sátt við þing og þjóð, sem er mikil áskorun en grundvallaratriði. Í því mun hún eiga stuðning Samfylkingarinnar vísan sem talar fyrir öguðu frjálsræði og skilvirkni í kerfinu. Sú endurskoðun sem fram fer hlýtur að leiða hugann að því, hvort ekki sé nauðsynlegt að endurmeta frá grunni hlutverk og starfsemi Sjúkratrygginga Íslands, þessarar spilaborgar ákafra sjálfstæðismanna. Skýrsla Ríkisendurskoðunar vitnar um að sú spilaborg er hrunin.

# Ásetningur eða þekkingarleysi Einars K.



**Ingólfur Ásgeirsson**
einn af stofnendum Icelandic Wildlife Fund

Í síðustu viku snupraði Einar K. Guðfinnsson í grein í þessu blaði Jón Þór Ólason, formann Stangaveiðifélags Reykjavíkur, fyrir að taka ekki mark á því sem Einar kallaði „staðreyndir“. Svo óheppilega vill þó til fyrir Einar að vísindamaðurinn sem hann vitnaði til kannast alls ekki við að þær „staðreyndir“, sem Einar vill heimfæra upp á Ísland, eigi við um Ísland. Þvert á móti reyndar.

Einar hefði hæglega getað komist að þessu með því að hafa samband við umræddan vísindamann. Ef hann hefði gert það þá hefði hann komist að raun um að skilningur hans var rangur. En mögulega var það ekki það sem Einar vildi heyra?

Við hjá Icelandic Wildlife Fund tókum ómakið af Einari og settum okkur í samband við doktor Kevin Glover. Einar benti í grein sinni á niðurstöður doktors Glovers og félaga um að lítil blöndun eldislax við villilaxastofna hefur takmörkuð áhrif villtu stofnana, samkvæmt líkani sem vísindamennirnir hafa útbúið. Einar lét þess hins vegar ógetið að þessi rannsókn fór fram í Noregi þar sem notaður er norskur lax í eldinu. Í Noregi er stranglega bannað að nota eldislax sem er ekki norskur að uppruna. Hér á Íslandi er hins vegar alinn norskur eldislax í sjókvíum og áhættan þegar kemur að erfðablöndun því allt önnur, eins og doktor Glover staðfesti í svari sínu til IWF: „Eldi á norskum ræktuðum laxi á Íslandi felur í sér aukaáhættu vegna viðbótar erfðafræðilegra þátta sem ekki er tekið tillit til í líkaninu.“

Einar á að vita að norskur eldislax er aðskotadýr í íslenskri náttúru. Þegar eldislax af norskum stofni var fyrst fluttur til Íslands var það gert með þeim skilyrðum að hann yrði eingöngu notaður í landeldi og færi aldrei í sjó við Ísland. Það var mikið ógæfuspor þegar fallið var frá því skilyrði árið 2003.

Ástæða er til að velta fyrir sér hvort þessi rangi málflutningur Einars, sem er formaður stjórnar Landssambands fiskeldisstöðva, sé byggður á þekkingarleysi eða ásetningi.

Hver svo sem skýringin er, þá er staðreyndin sú að líkan doktors Glovers snýst eingöngu um norskan eldislax og norskan villilax. Ekkert líkan er til um áhrif erfðablöndunar norsks eldislax við íslenska villilaxastofna. Icelandic Wildlife Fund hafnar því alfarið að sú tilraun fari fram í íslenskri náttúru.



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

SJÁÐU EINNIG Í **VEFVERSLUN** HUSA.IS

# PÁSKA TILBOÐ



**SÚPER TILBOÐ**
**Páskaliljur**
10 stk.
**999 kr**
~~1.490 kr~~

**FRÁBÆRT VERÐ**
**Páskaliljur í potti**
tet a tet
**399 kr**

**SÚPER TILBOÐ**
**Túlípanar**
10 stk.
**1.299 kr**
~~1.490 kr~~



OUTBACK
**SÚPER TILBOÐ**
**17.990 kr**
~~20.990 kr~~
**Gasgrill**
2ja brennara með hliðaborði.
Grillflötur: 50x36 cm.
3000225

OUTBACK
**SÚPER TILBOÐ**
**25.990 kr**
~~36.990 kr~~
**Gasgrill**
Sunset Solo 3, 3ja brennara.
Grillflötur: 62,8x40,6 cm.
3000393

**SÚPER TILBOÐ** Broil King
**26.175 kr**
~~34.900 kr~~
**Gasgrill Porta Chef 320**
5,25kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar.
3000316

weber
**FRÁBÆRT VERÐ**
**47.975 kr**
**Gasgrill Q2200**
Gasgrill á fótum, Grillflötur: 39x54 cm, ryðfrír brennari.
3000378



**30% afsláttur**
**SÚPER TILBOÐ**
**27.293 kr**
~~38.990 kr~~
**Trampolín 3,66 m**
12 fet/3,66 m, 6 fætur með öryggisneti.
3900557



**FRÁBÆRT VERÐ**
**799 kr**
**Páskagreinar**
Forsythia, 3 stk.

## Hjólin eru komin
fyrir alla fjölskylduna
**39.900 kr**

**Author Trophy 26"**
Stell úr álblöndu, 3,3 kg.
Skipting: Shimanoty 21, 18 gírar,
Tektro V bremsur. Dekk: Author
Speed master 26"x2,0". Þyngd: 14,3 kg/19".
3901410-1

AUTHOR®



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

## Danskt






Tilboð gilda út 3. apríl

### Jensens BBQ rif

Tilbúin beint í ofninn eða á grillið. 550 g

**1.599** kr/pk




### Olw snakk

Taktu Olw með í páskafríið

verð frá **259** kr/stk




### WeWalka pizzadeig

Wholegrain, Classic og Thick & Airy

verð frá **279** kr/pk

## Franskt



### Steinbakað súrdeigsbrauð

Hefðbundið · Kúmen · Spíraður rúgur

**849** kr/stk




### Franskir ostar í úrvali

Sælkera ostar á veisluborðið



### Gudrun desert egg

Falleg og gómsæt á páskaborðið

**1.199** kr/pk

# Meira ljúffengt



## Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan afar einföld.

**2.999** kr/kg

15% afsláttur




**Kryddlegnar lambatvírifjur**

**2.804** kr/kg

verð áður 3.299 kr/kg

20% afsláttur




**Nautavöðvi með hvítlaukspipar**

**3.039** kr/kg

verð áður 3.799 kr/kg

15% afsláttur




**Íslenskar ungnautalundir**

**5.949** kr/kg

verð áður 6.999 kr/kg

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Allir eldast – ekki bara við



**Guðrún Ágústsdóttir**
formaður öldungaráðs Reykjavíkur

Stofnun öldungaráðs borgarinnar var mikilvægt skref til valdeflingar okkar sem eldri erum. Öldungaráðið á að vera borgarstjórn og stofnunum borgarinnar til ráðgjafar um þau mál er snerta hópinn aldraða.

Mig langar að nefna hér nokkra mikilvæga þætti um spennandi verkefni sem unnið hefur verið að á vegum borgarinnar á því kjörtímabili sem er að líða. Ég nefni nokkur þeirra hér.

Þátttaka borgarinnar í verkefni á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem hlotið hefur nafnið „aldursvænar borgir“, hefur verið fyrirferðarmikið í Reykjavík með aðkomu fjölmargra fulltrúa frá félögum og stofnunum sem sinna málaflokknum. Úr varð skýrsla með fjölmörgum hugmyndum um úrbætur sem nú er unnið að skipulega. Reykjavík er þarna í hópi um 600 borga um allan heim sem vinna að sama markmiði. Að gera góða borg betri.

Þá varð til stefna í heilsueflingu aldraðra, svokölluð Ellertsskýrsla, þar sem 28 tillögur um bætta aðstöðu og hvatningu til hreyfingar kemur fram. Ein tillaga þar var að það yrði ókeypis í sund fyrir 67 ára og eldri.

**Metnaðarfull stefna**

Ný stefna, mjög metnaðarfull, í málefnum aldraðra til næstu fimm ára var samþykkt nýlega.

Aðgerðir til að hvetja eldri konur til að nýta kosningarétt sinn komu frá mannréttindaráði. En þátttaka kvenna 80 ára og eldri er mun minni en karla á sama aldri skv. könnunum undanfarinna ára.

Velferðartæknistefna var samþykkt nýlega, en velferðartækni er sú tækni sem getur auðveldað hreyfihömluðum og gömlum að vera sjálfbjarga lengur.

Svo má ég til með að nefna að aldraðir fá verulegan afslátt í strætó frá 67 ára aldri, en það var mikið baráttumál hjá Félagi eldri borgara, og náði fram að ganga á þessu ári. Og nú fá allir 67 ára og eldri frítt inn á söfn borgarinnar, en var áður 70 ár.

Hinn 10. apríl stendur öldungaráðið fyrir opnum fundi í ráðhússalnum um aldraða innflytjendur. En það er sá hópur sem hefur það hvað verst efnahagslega í hópi aldraðra. Það er opinn fundur og ég hvet fólk til að fjölmenna á fundinn.

Rödd okkar heyrist æ betur og það er mikilvægt og liður í því að undirbúa þjóðina undir það að allir eldast, ekki bara við.

# Ósýnilega borgin



**Hanna Katrín Friðriksson**
þingmaður Viðreisnar í Reykjavíkurkjördæmi suður

**Öskjuhlíð er ferðamannastaður – og gæti orðið það enn frekar væri betur að málum staðið.**

Höfuðborg Íslands er hvorki merkilegur áfangastaður ferðamanna né hefur að geyma dýrmæta náttúru og menningarsögulegar minjar. Þetta mætti að minnsta kosti ætla þegar lesin er Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum til næstu ára. Reykjavík er þar varla að finna. En þrátt fyrir hrópandi fjarveru höfuðborgarsvæðisins er ekki rétt að skella skuld á þá góðu vinnu sem plaggið endurspeglar. Skýringin er sú að það er Framkvæmdasjóður ferðamannastaða sem á að leita til með verkefni til uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga. Þaðan koma fjármunir til slíkra verkefna í Reykjavík. Eða hvað?

Á dögunum kynntu Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, úthlutun á rífléga 2,8 milljörðum króna til uppbyggingar innviða og annarra verkefna á fjölsóttum stöðum í náttúru Íslands og öðrum ferðamannastöðum. Annars vegar er um að ræða 722 milljóna króna úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða fyrir árið 2018 og hins vegar tæplega 2,1 milljarðs króna úthlutun vegna þriggja ára verkefnaáætlunar landsáætlunar um uppbyggingu innviða, sem gildir fyrir árin 2018-2020.

Listinn yfir verkefni, sem eru styrkt að þessu sinni, er bæði langur og fjölbreyttur og endurspeglar þá grósku sem sannarlega er í ferðaþjónustunni hér á landi – að Reykjavík frátalinni. Skógræktarfélag Reykjavíkur hlýtur vissulega styrki til tveggja verkefna, en þau tengjast bæði útivistarsvæðum í hlíðum Esju. Þegar litið er til styrkveitinga einhver ár aftur í tímann er svipaða sögu að segja af hlutdeild höfuðborgarinnar í styrkjum til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

**Til dæmis Öskjuhlíð**

Öskjuhlíðin í Reykjavík er til dæmis mikil útivistarperla fyrir Reykvíkinga og í sífellt ríkari mæli fyrir ferðamenn. Þar er mikið af bæði jarðsögulegum og menningarsögulegum minjum auk þess sem þar er ein þéttasta skógræktin í Reykjavík og fjölskrúðugt fuglalíf. Í síðari heimsstyrjöld reistu bandamenn ýmis mannvirki í Öskjuhlíð þ.m.t. steypt skotbyrgi, víggrafir og loftvarnabyrgi sem enn standa, en gegna fremur því hlutverki að vera slysagildrur en minjar eins og sakir standa.

Öskjuhlíð er ferðamannastaður – og gæti orðið það enn frekar væri betur að málum staðið. En jafnvel þó Öskjuhlíðarperlan væri „bara“ varðveitt fyrir Reykvíkinga, væri það ekki fyrirhafnarinnar og fjármagnsins virði? Hvað segja borgaryfirvöld við því? Og hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi vernd náttúru og menningarsögulegra minja á Íslandi öllu? Smita áherslur hennar í samgöngumálum, þar sem Reykjavík kemst illa á kortið, yfir í uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningu landsins? Verður byggt upp og verndað án þess að hagsmuna Reykjavíkur sé gætt?

# Lífsbjörgin SÁÁ



**Baldur Borgþórsson**
í 3. sæti Miðflokksins í Reykjavík

Við ökum inn Stórhöfða og beygjum inn að húsi nr. 45, þar sem sjúkrahús SÁÁ, Vogur, stendur.

Það fyrsta sem vekur athygli er að skyndilega endar vegagerð borgarinnar og við tekur holóttur malarvegur. Reykjavíkurborg hefur nefnilega ekki sinnt lögboðnum skyldum sínum hvað varðar vegagerð og viðhald þegar kemur að veginum að Vogi og hefur ekki gert síðustu 40 ár. Oftar en ekki hefur SÁÁ þurft með eigin hendi að sinna snjómokstri og bráðaviðhaldi, slíkt hefur ekki verið í boði af hendi borgarinnar. Rétt er að taka fram að téður vegur er hluti gatnakerfis og fellur undir umsjá borgarinnar.

Nú skyldi maður ætla að þarna séu haldbærar skýringar á, t.d. að hús nr. 45 sé ekki í notkun. En því fer víðs fjarri, þarna er rekið sjúkrahús SÁÁ sem hefur á liðnum árum átt stærstan þátt í að bjarga 26 þúsund mannslífum og í leiðinni með beinum hætti bætt líf ættingja og vina viðkomandi sem taldir eru í hundruðum þúsunda.

Víkur nú sögu að aðkomu borgarinnar hvað varðar rekstrarkostnað sjúkrahússins og er sú upptalning stutt, hún er engin!

Sama gildir um endurhæfingarsjúkrahús SÁÁ, Vík, sem og göngudeild í Efstaleiti.

Við hjá Miðflokknum gerum okkur grein fyrir gríðarlegu mikilvægi þessarar starfsemi og munum leggja okkar af mörkum til að starfseminni verði tryggð örugg rekstrarafkoma og sýnd sú virðing sem henni ber.

Til þess þurfum við umboð kjósenda.

Tökum höndum saman, klárum gatnagerð að Vogi og tryggjum afkomu eins mikilvægasta spítala landsins.

# Fjöleignarhús og hleðsla rafmagnsbíla



**Daníel Árnason**
framkvæmdastjóri Eignaumsjónar

**Í Noregi hefur löggjafinn lagt þær skyldur á húsfélög að úthluta sérstökum bílastæðum undir rafmagnshleðslu bíla en slíkar skyldur eru ekki fyrir hendi hér.**

Undanfarin misseri hefur rafmagnsbílum fjölgað mjög hér á landi og allt útlit er fyrir að þessi rafbílavæðing þjóðfélagsins muni ganga enn hraðar fyrir sig á næstunni, samfara uppsetningu hraðhleðslustöðva um allt land og batnandi hag almennings.

Á meðan hlutfall rafmagnsbíla er vel innan við 10% af heildarbílaflotanum má segja að vandamál við hleðslu þeirra í fjöleignarhúsum sé ekki stórt en eftir því sem rafbílunum fjölgar er viðbúið að fjölga verði hleðslustöðvum við fjöleignarhús og fráteknum stæðum fyrir þá. Það er því ekki seinna vænna fyrir eigendur fjöleignarhúsa að fara að huga að því hvernig ráðstafa skuli sameiginlegum stæðum til hleðslu rafmagnsbíla, hvernig standa skuli að rafmagnslögnum og tengingum, kostnaðarskiptingu og gjaldtöku eða mælingu raforkunotkunar, ef rafmagn vegna rafbíla er tekið af „sameignarrafmagni“ viðkomandi fjöleignarhúss.

**Er flutningsgeta heimtaugar nægilega mikil?**

Fram til þessa hafa eigendur rafbíla í fjölbýlishúsum yfirleitt leyst þessi hleðslumál í samráði við húsfélagsstjórnir, s.s. með sérkostnaðarmæli eða greiðslu fyrir áætlaða rafmagnsnotkun sameignar. Með stóraukinni fjölgun rafbíla blasir við að koma verður betra skikki á fyrirkomulag þessara mála og ráðlegg ég stjórnum húsfélaga að hefjast strax handa við upplýsingaöflun, til að reyna að sjá fyrir þróun þessara mála og gera þannig alla ákvarðanatöku markvissari.

Fyrstu skref í slíkri upplýsingaöflun gætu t.d. verið að kanna hversu margir íbúar hyggjast koma sér upp rafbíl og hvort heimtaug hússins sé nægilega stór, þ.e. hvort flutningsgeta hennar dugi til að anna þeim fjölda rafmagnsbíla sem ætla má að þjónusta þurfi í húsinu. Til samanburðar hefur verið nefnt að heimahleðslu rafmagnsbíls megi líkja við að heimilisþurrkari gangi í nokkra klukkutíma, en þeir eru nokkuð orkufrekir og gætu valdið útslætti ef allir væru í gangi í einu.

Heimtaug húsa er í fæstum tilfellum nógu stór til að anna fjölmörgum rafbílum í einu og því hefur verið þróaður búnaður sem stýrir álaginu, þannig að þótt ekki sé til nægilegt rafmagn eða flutningsgeta til að allir rafmagnsbílar geti verið í hleðslu samtímis þá er að líkindum til nægilegt rafmagn yfir sólarhringinn til að anna áætluðum fjölda bíla.

**Bílastæði í óskiptri sameign**

Í fjöleignarhúsi með bílastæðum í óskiptri sameign þurfa eigendur að gera upp við sig hvort þeir vilji taka frá ákveðin bílastæði og koma upp hleðslustöð við þau stæði á vegum húsfélagsins. Í Noregi hefur löggjafinn lagt þær skyldur á húsfélög að úthluta sérstökum bílastæðum undir rafmagnshleðslu bíla en slíkar skyldur eru ekki fyrir hendi hér. Þá hefur reynslan sýnt að ekki er líklegt að samþykki allra eigenda, sem fjöleignarhúsalögin mæla fyrir um, fáist fyrir því að úthluta tilteknum bílastæðum á ákveðnar íbúðir til sérafnota, þó svo það sé gert til auðvelda uppsetningu hleðslustöðva.

Samkvæmt lögum um fjöleignarhús þarf aukinn meirihluta atkvæða á félagsfundi, til að kaup hleðslustöðva og ráðstöfun bílastæða í óskiptri eign allra eigenda teljist lögleg. Jafnframt þarf að þinglýsa þeirri ákvörðun húsfundar, eða nýrri eignaskiptayfirlýsingu, til að lögmæti samþykkis fyrir ráðstöfun bílastæða undir hleðslu rafmagnsbíla sé tryggt. Þegar rafbílum fjölgar enn frekar má svo búast við að fjölga verði hleðslustöðvum og fráteknum bílastæðum enn frekar.

**Bílhýsi og sérafnotastæði**

Ef bílastæði við hús, eða í bílageymslu, eru svokölluð sérafnotastæði verður að telja líklegt að einhverjir eigenda vilji setja þar upp eigin hleðslustöð eða tengil fyrir rafbíl. Á meðan rafmagnsbílar eru fáir getur í raun dugað að koma upp góðum tengli við bílastæðið en þegar bílum fjölgar þarf að fara að taka tillit til flutningsgetu heimtaugar hússins. Húseigendur þurfa þá að ná samkomulagi um kaup á samræmdum hleðslustöðvum, sem jafna og deila álagi.

Eins og sést á þessari stuttu upptalningu er að ýmsu að hyggja varðandi fjöleignarhús og hleðslu rafbíla. Það er að mínu mati skynsamlegast að láta fagaðila útfæra heildarfyrirkomulag raflagna að bílastæðum húsfélaga, enda þarf að vera tryggt að fylgt sé kröfum byggingarfirvalda um bæði útfærslu teikninga og lagningu umræddra raflagna og að sú vinna sé unnin af þar til bærum fagaðilum.



DISCOVERY SPORT SE+

# FÁGAÐUR SPORTJEPPI Á EINSTÖKU VERÐI

jaguarlandrover.is

LAND ROVER
ABOVE & BEYOND




ENNEMM / SÍA / NM86038

LAND ROVER DISCOVERY SPORT SE+
VERÐ: 6.890.000 kr.

Búnaður SE+ útgáfu: 18" álfelgur, 9 þrepa sjálfskipting, stillanlegt Terrain Response drifkerfi, leður-/tausæti, leiðsögukerfi, upphitað stýrishjól, sæti og framrúða, rafdrifin framsæti, þokuljós, bakkmyndavél, armpúðar á milli framsæta og dráttarkrókur.

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

## Spánverjar tóku Messi-lausa Argentínumenn í karphúsið



**Kossi smellt á gullfótinn** Spánn vann 6-1 sigur á Argentínu í vináttulandsleik í Madríd í gær. Isco skoraði þrennu og á myndinni hér að ofan smellir Sergio Ramos, sem lék sinn 150. landsleik í gær, kossi á gullfót Iscos. Diego Costa, Thiago og Iago Aspas skoruðu einnig fyrir Spánverja sem hafa ekki tapað leik í tæp tvö ár. Argentínumenn, fyrstu mótherjar Íslendinga á HM, hafa hins vegar um nóg að hugsa eftir þessa útreið. NORDICPHOTS/GETTY

# Sögulegt hvernig sem fer í kvöld

**Það ræðst í kvöld hvort Haukar eða Keflavík verður síðasta liðið til að tryggja sér sæti í undanúrslitum Domino's-deildar karla. Möguleiki er á fyrstu undanúrslitunum án liðs frá Suðurnesjum frá upphafi.**

**KÖRFUBOLTI** „Taflan segir að Haukar séu með miklu betra lið en Keflavík. En Keflvíkingar hafa spilað miklu betur í þessu einvígi; eru að spila betri vörn og það er meira hjarta í þeirra leik,“ segir Ágúst Björgvinsson, þjálfari Vals, um einvígi Hauka og Keflavíkur í 8-liða úrslitum Domino's-deildar karla sem lýkur með oddaleik á Ásvöllum í kvöld.

Haukar unnu tvo fyrstu leikina og komu sér í kjörstöðu. En Keflavík sýndi styrk, vann tvo næstu leiki og jafnaði einvígið, 2-2. Leikir liðanna, sérstaklega síðustu þrír, hafa verið gríðarlega jafnir og úrslitin hafa ráðist á lokasekúndunum.

„Keflavík var betra liðið í leik tvö, þrjú og fjögur þar sem maður var hissa að þeir væru ekki með meiri forystu. Og í fyrsta leiknum voru þeir betri í seinni hálfleik. Það er bara fyrri hálfleikurinn í fyrsta leiknum þar sem Haukar hafa verið betri,“ segir Ágúst. En hvað hefur Keflavík gert rétt í einvíginu?

„Þetta hljómar eins og klisja en þú þarft að njóta þess að vera þarna. Keflvíkingar hafa fundið hvað virkar fyrir þá og skynjað hræðslu hjá Haukunum sem espar þá upp og gefur þeim aukna trú. Það er úrslitakeppnisstemning hjá Keflavík,“ segir Ágúst.

Varnarleikur Keflavíkur var ekki góður í deildakeppninni og þá sérstaklega ekki á heimavelli. En vörn Keflvíkinga hefur verið öflug í einvíginu við Hauka og þeir hafa tekið fast á Hafnfirðingum.

„Keflvíkingar hafa spilað á línunni. Það hefur ekkert hallað á annað liðið í dómgæsluna. Keflvíkingar gera bara það sem þeir komast upp með,“ segir Ágúst.

Christian Dion Jones, annar af tveimur bandarískum leikmönnum í herbúðum Keflavíkur, spilaði vel í fjórða leiknum þar sem hann skoraði 20 stig, tók níu fráköst, gaf fimm stoðsendingar og fiskaði níu villur á leikmenn Hauka.

„Þetta er hörkuleikmaður. Haukarnir eiga í miklum erfiðleikum með að dekka hann einn á einn. Þeir þurfa alltaf að tvídekka hann. Ég myndi vilja sjá Keflvíkinga nota hann meira. Það gerist nánast alltaf eitthvað gott þegar hann fær boltann,“ segir Ágúst. „Það er helst Kristján Leifur [Sverrisson] sem ræður eitthvað við hann en hann hefur lent í villuvandræðum þegar hann hefur dekkað Jones.“

Bandarískur leikmaður Hauka, Paul Anthony Jones hinn þriðji, lét lítið að sér kveða í fjórða leiknum og skoraði aðeins 15 stig.

„Hann er mikill liðsspilari en hann vantar kannski að geta tekið af skarið. Hann hefur sig ekki mikið í frammi. Kári [Jónsson] er sá sem tekur af skarið í liði Hauka. Keflvíkingarnir virðast vera búnir að átta sig á því að Jones er ekki hrifinn af mikilli snertingu. Guðmundur [Jónsson] er byrjaður að fara í taugarnar á honum eins og öllum, nema Kára sem hefur bara gaman af þessu,“ segir Ágúst.

Þrátt fyrir góða frammistöðu í síðustu tveimur leikjum vann Keflavík þá með aðeins samtals sex stigum og Haukar áttu alla möguleika á sigri í þeim báðum. Ágúst segir að frákastabaráttan skipti miklu máli í því samhengi. Þar hafa Haukar yfirhöndina. Í síðasta leik tóku Haukar 41 frákast, þar af 12 í sókn, á móti 32 fráköstum Keflavíkur.

„Ef Keflvíkingar ætla sér að vinna oddaleikinn þurfa þeir að jafna frákastabaráttuna út. Haukarnir eru sterkari þar og eitt sterkasta frákastalið deildarinnar. Fyrir vikið eru þessir leikir jafnari en þeir væru ef Keflavík myndi frákasta betur,“ segir Ágúst að endingu.

**ingvithor@frettabladid.is**

### Heiður Suðurnesjanna er í húfi í kvöld

Síðan úrslitakeppnin var sett á laggirnar 1984 hafa Suðurnesjaliðin þrjú, Njarðvík, Keflavík og Grindavík, ráðið ríkjum og unnið 23 af 34 Íslandsmeistaratitlum sem í boði hafa verið.

Þá hefur aðeins þrisvar sinnum gerst að Suðurnesin hafa ekki átt lið í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn (2011, 2015 og 2016).

Og í 34 ára sögu úrslitakeppni karla hafa Suðurnesin alltaf átt a.m.k. eitt lið í undanúrslitum. Það vígi fellur ef Keflavík tapar fyrir Haukum í kvöld.

### Geta endurtekið leik Skagamanna frá 1998

Síðan liðum í úrslitakeppni karla var fjölgað í átta árið 1995 hefur það aðeins einu sinni gerst að liðið sem endar í 8. sæti slær út deildarmeistara.

Það gerðist fyrir 20 árum þegar ÍA sló Grindavík út, 1-2. Skagamenn tryggðu sér sæti í undanúrslitunum með eins stigs sigri, 81-82, í framlengdum oddaleik í Grindavík. Alexander Ermolinskij, spilandi þjálfari ÍA, skoraði sigurkörfuna. Hann skoraði 17 stig í leiknum en Damon Johnson var stigahæstur Skagamanna með 42 stig.





**Hrafn stýrði Stjörnunni í síðasta sinn á sunnudaginn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hrafn flýgur úr Garðabænum

**KÖRFUBOLTI** Stjórn körfuknattleiksdeildar Stjörnunnar sendi í gær frá sér yfirlýsingu þess efnis að samningur Hrafns Kristjánssonar, þjálfara karlaliðs félagsins, verði ekki framlengdur.

Hrafn tók við Stjörnunni af Teiti Örlygssyni 2014. Á sínu fyrsta tímabili við stjórnvölinn gerði Hrafn Stjörnuna að bikarmeisturum. Stjarnan endaði í 5. sæti Domino's-deildarinnar og féll úr leik fyrir Njarðvík í 8-liða úrslitum 2015.

Tímabilið 2015-16 enduðu Stjörnumenn í 2. sæti sem var, og er enn, besti árangur liðsins í efstu deild. Garðbæingar féllu hins vegar aftur úr leik fyrir Njarðvíkingum í 8-liða úrslitum.

Á síðasta tímabili endaði Stjarnan aftur í 2. sæti deildarinnar, vann ÍR í 8-liða úrslitunum en féll að lokum út fyrir Grindavík í undanúrslitum. Í vetur endaði Stjarnan í 7. sæti deildarinnar og féll úr leik fyrir ÍR í 8-liða úrslitum.

Hrafn stýrði Stjörnunni í 88 leikjum í Domino's-deildinni; 55 þeirra unnust og 33 töpuðust. **– iþs**




**Gunnar hefur ekki barist síðan hann tapaði fyrir Santiago Ponzinibbio í júlí á síðasta ári.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Berst líklega í Liverpool

**MMA** Gunnar Nelson, fremsti bardagakappi Íslands, snýr aftur í búrið í lok maí og berst gegn Bandaríkjamanninum Neil Magny. MMA-blaðamaðurinn Farah Hannoun greindi frá þessu í gær. Bardaginn fer fram í Echo Arena í Liverpool, 27. maí næstkomandi, sama kvöld og heimamaðurinn Darren Till keppir þar í titilbardaga.

Gunnar hefur ekkert barist undanfarna mánuði eftir að hafa tapað fyrir Santiago Ponzinibbio í Glasgow í júlí í fyrra.

Magny, sem er þrítugur, er í 9. sæti á styrkleikalistanum í veltivigt. Hann hefur unnið 20 af 26 bardögum sínum á ferlinum, þar af sex með rothöggi. **– kpt**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 28. mars 2018 — 12. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Verðmætin verða til í hugbúnaðinum

Hjalti Þórarinsson, nýr framkvæmdastjóri Marel Innova, segir verðmætin sem tæknifyrirtækið skapar verða í auknum mæli til í hugbúnaðarhluta fyrirtækisins. Hugbúnaður Marels geti breytt matvælaframleiðslu í heiminum. Hann segir mannauðinn hér á landi geta veitt fyrirtækinu forskot. »6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



»2

## Fengu hálfan milljarð í þóknun frá Heimavöllum

Heimavellir GP fékk samtals um 480 milljónir á árunum 2015 til 2017 vegna umsýslu eigna fyrir Heimavelli leigufélag. Samningnum var slitið í október. Þóknanagreiðslurnar jukust um meira en 70 prósent í fyrra og voru um 270 milljónir.

»4

## Víkur frá skýru fordæmi Hæstaréttar

Dómi héraðsdóms, þar sem ógilt var staðfesting ríkissaksóknara á ákvörðun lögreglu um að hefja ekki rannsókn á röngum sakargiftum stjórnenda Seðlabankans, hefur verið áfrýjað. Dómurinn gengur gegn fordæmi Hæstaréttar.

»8

## Borgarbúar njóti ágóðans

„Áform [OR] standa til ríflega 14 milljarða arðgreiðslna næstu sex árin. Sömu fjárhæð mætti nýta til gjaldskrárlækkana sem að meðaltali myndu spara hverju heimili í borginni nærri 50 þúsund krónur árlega," segir Hildur Björnsdóttir, í aðsendri grein.




Cartier

Optical Studio kynnir nýja vorlínu frá Cartier.

Cartier á nú stórglæsilega innkomu á gleraugnamarkaðinn eftir nokkurt hlé.

Optical Studio

# VÍS hefur selt fyrir um 200 milljónir í Kviku



Hlutur VÍS í Kviku í dag er metinn á um 3,3 milljarða.

VÍS hefur minnkað eignarhlut sinn í Kviku banka um rúmlega 1,4 prósentur, jafnvirði um 215 milljóna króna miðað við núverandi gengi bréfa bankans, frá því að Kvika var skráð á hlutabréfamarkað 16. mars síðastliðinn. VÍS er hins vegar eftir sem áður langsamlega stærsti einstaki hluthafi Kviku með 21,89 prósenta hlut.

Þetta er í fyrsta sinn sem tryggingafélagið selur í Kviku frá því að VÍS kom fyrst inn í eigendahóp bankans í janúar 2017 þegar félagið keypti tæplega 22 prósenta hlut fyrir um 1.655 milljónir. Þremur mánuðum síðar stækkaði eignarhlutur VÍS um rúmlega þrjú prósent þegar félagið keypti hlut ESÍ í bankanum. Hlutabréfaverð Kviku hefur hækkað um liðlega fimmtíu prósent frá því að VÍS keypti sinn hlut á genginu 5,4 krónur á hlut. Við lokun markaða í gær nam gengi bréfa bankans 8,25 krónur á hlut og er markaðsvirði eignarhlutar VÍS í bankanum í dag um 3,3 milljarðar króna.

Annar stór hluthafi í Kviku sem hefur verið að selja bréf sín frá því að bankinn fór á markað er eignarhaldsfélagið Brimgarðar, sem er í eigu systkinanna Guðnýjar Eddu, Gunnars Þórs, Eggerts Árna og Halldórs Páls Gíslabarna, en það hefur selt rúmlega eins prósents hlut og á núna 3,55 prósent. Hið sama á við um félagið Mízar, sem er í eigu Guðmundar Jónssonar, en það fer með 5,05 prósent í Kviku eftir að selt um 1,1 prósents hlut í bankanum.

Á meðal þeirra sem hafa verið að kaupa bréf í Kviku er Arion banki, fyrir hönd viðskiptavina, en bankinn heldur núna á um 2,13 prósenta hlut. Ekki er vitað hvaða fjárfestir stendur á bak við þann hlut. **– hae**

# Holyoake með ríflega 50 prósent í Iceland Seafood


**Mark Holyoake, stærsti eigandi Iceland Seafood.**

Félag breska athafnamannsins Marks Holyoake minnkaði hlut sinn í sjávarútvegsfyrirtækinu Iceland Seafood International á síðasta ári og átti ríflega helmingshlut í félaginu í árslok. Til samanburðar nam eignarhlutur félagsins 64 prósentum í lok árs 2016.

Félagið, International Seafood Holdings, seldi hlutabréf sín í sjávarútvegsfyrirtækinu í nokkrum sölum á síðasta ári og átti í lok ársins 657 milljónir bréfa að virði 4,8 milljarða króna miðað við núverandi gengi bréfanna, en Iceland Seafood er skráð á First North-markaðinn. Holyoake situr sem kunnugt er í stjórn Iceland Seafood.

Eignarhlutur Kviku banka í sjávarútvegsfyrirtækinu minnkaði lítillega í fyrra, samkvæmt uppfærðum hluthafalista félagsins, en bankinn átti í árslok níu prósenta hlut borið saman við ellefu prósent í lok árs 2016 og er sem fyrr næststærsti hluthafinn.

Á meðal félaga sem bættust í hluthafahóp Iceland Seafood á síðasta ári voru Íshóll, í eigu Stefáns Ákasonar, fyrrverandi forstöðumanns skuldabréfamiðlunar Kaupþings, HEF kapital, í eigu Birgis Ellerts Birgissonar fjárfestis, og Bluberg, sem er félag Helga Antons Eiríkssonar, forstjóra Iceland Seafood. Umrædd félög fóru hvert um sig með um tveggja prósenta hlut í sjávarútvegsfyrirtækinu í lok síðasta árs. **– kij**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

# Fengu hálfan milljarð í þóknun frá Heimavöllum

**Heimavellir GP fékk samtals greitt um 480 milljónir á árunum 2015 til 2017 vegna umsýslu eigna fyrir Heimavelli leigufélag. Samningnum var slitið í október. Þóknanagreiðslurnar jukust um meira en 70 prósent í fyrra og voru um 270 milljónir.**



**Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri Heimavalla, en leigufélagið stefnir að skráningu á aðalmarkað í byrjun maí.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eignarhaldsfélagið Heimavellir GP, sem hefur séð um umsýslu eigna fyrir Heimavelli leigufélag slhf., móðurfélag Heimavalla hf., fékk um 270 milljónum króna í umsýslutekjur í fyrra vegna ráðgjafastarfa sinna fyrir leigufélagið. Umsýslusamningnum við Heimavelli GP var slitið í október síðastliðnum en þóknanagreiðslur til félagsins námu samtals rúmlega 480 milljónum á árunum 2015 til 2017.

Stærstu hluthafar Heimavalla GP í ársbyrjun 2017, með samanlagt um 95 prósenta hlut, voru félög í eigu Magnúsar Pálma Örnólfssonar, fjárfestis og fyrrverandi starfsmanns Glitnis, Magnúsar Magnússonar, fjárfestis og stjórnarformanns Heimavalla, Halldórs Kristjánssonar, stjórnarmanns í Borgun, og Sturlu Sighvatssonar, athafnamanns og fyrrverandi framkvæmdastjóra Heimavalla. Þá áttu Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar, og Arnar Gauti Reynisson, fjármálastjóri Heimavalla, báðir 2,5 prósenta hlut í félaginu.

Samkvæmt samningnum við Heimavelli GP, sem fólst í ábyrgð á greiningu og framkvæmd fjárfestinga, þá fékk félagið hlutfallslega þóknun sem nam einu prósenti af fasteignamati fjárfestingareigna í rekstri Heimavalla leigufélags á ári. Var þóknunin innheimt mánaðarlega. Þóknanagreiðslur til Heimavalla GP á grundvelli samningsins jukust um meira en 70 prósent í fyrra samhliða örum vexti leigufélagsins, einkum með yfirtöku annarra leigufélaga og kaupum á eignum af Íbúðalánasjóði, og námu 269 milljónum borið saman við 156 milljónir á árinu 2016. Fasteignamat fjárfestingareigna Heimavalla, stærsta leigufélags landsins, var 33,4 milljarðar í árslok 2016 en ári síðar var sú fjárhæð komin upp í 48,6 milljarða. Leigufélagið var þá með tæplega 2.000 íbúðir í rekstri.

Ársreikningur Heimavalla GP fyrir árið 2017 liggur enn ekki fyrir en á árinu 2016 nam hagnaður félagsins 87 milljónum en árið áður var hagnaðurinn 141 milljón. Rekstrarkostnaður hefur nánast einungis samanstaðið af launagreiðslum til stjórnarmanna.

**229**

**milljónum námu arðgreiðslur til hluthafa Heimavalla GP á árunum 2016 og 2017.**

Á árunum 2016 og 2017 námu arðgreiðslur til hluthafa samtals 229 milljónum króna. Þá átti félagið 1,25 prósenta hlut í Heimavöllum leigufélagi slhf. í byrjun síðasta árs en miðað við núverandi innra gengi í leigufélaginu er um 1,72 er sá eignarhlutur metinn á um 190 milljónir.

Greiðslur til Heimavalla GP vegna umsýslusamningsins hafa sem fyrr segir verið inntar af hendi af fagfjárfestasjóðnum Heimavöllum leigufélagi sem aftur á 99,99 prósent hlutafjár í Heimavöllum hf. en það félag stefnir að óbreyttu að skráningu á aðalmarkað í Kauphöllinni í byrjun maí. Greint var frá því í Fréttablaðinu á mánudag að Heimavellir væru að ganga frá um þriggja milljarða króna skuldabréfafjármögnun við sjóð í stýringu bandaríska sjóðastýringarfyrirtækisins Eaton Vance Management. Þá mun sami sjóður einnig leggja félaginu til um 300 milljónir króna í nýtt hlutafé en fjárfestingin er gerð fyrir milligöngu Fossa markaða. Þá sagði Markaðurinn frá því í síðustu viku að Heimavellir hefðu fyrir skömmu sagt upp samningi sínum við Kviku banka, sem átti að leiða söluferli á hlutum félagsins við skráningu, og ráðið Landsbankann í staðinn.

Hagnaður leigufélagsins var um 2,7 milljarðar í fyrra og jókst hann um 500 milljónir á milli ára. Matsbreyting fjárfestingareigna, sem nam rúmlega 3,8 milljörðum, litaði hins vegar mjög afkomu félagsins. Rekstrarhagnaður Heimavalla fyrir matsbreytingu eigna var þannig 1.622 milljónir króna á sama tíma og fjármagnskostnaður félagsins var nærri 1.960 milljónir. Leigufélagið hefur því að undanförnu unnið mjög að því að reyna að endurfjármagna skuldirnar á hagstæðari lánakjörum. Samtals námu vaxtaberandi langtímaskuldir þess liðlega 32 milljörðum króna í lok síðasta árs.

Stærstu hluthafar Heimavalla leigufélags eru meðal annars hjónin Finnur Reyr Stefánsson og Steinunn Jónsdóttir, Tómas Kristjánsson, hjónin Guðrún Lárusdóttir og Ágúst Sigurðsson, sem áttu útgerðarfyrirtækið Stálskip, tryggingafélögin Sjóvá og VÍS, Magnús Pálmi Örnólfsson og eignarhaldsfélagið Brimgarðar. **hordur@frettabladid.is**






brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050
volvocars.is

# Stóraukin fjárfesting RÚV

Framkvæmdir á nýrri lóð útvarpshúss RÚV skýra stóraukna fjárfestingu félagsins á síðasta ári, að sögn Magnúsar Geirs Þórðarsonar útvarpsstjóra. Samkvæmt ársreikningi RÚV keypti félagið varanlega rekstrarfjármuni fyrir um 542 milljónir króna í fyrra. Er það aukning upp á 52 prósent frá fyrra ári.

Mestu munaði um auknar fjárfestingar í fasteignum. Magnús Geir segir að í framhaldi af því að RÚV seldi byggingarrétt á stórum hluta af lóðinni við Efstaleiti hafi verið nauðsynlegt að endurskipuleggja þá lóð sem félagið hefur til umráða eftir söluna. „Kostnaður vegna framkvæmda við endurbyggingu lóðar RÚV er meðal annars til uppbyggingar bílastæða og aðkomu að útvarpshúsinu,“ segir hann. – kij










# Víkur frá skýru fordæmi Hæstaréttar

**Dómi héraðsdóms, þar sem ógilt var staðfesting ríkissaksóknara á ákvörðun lögreglu um að hefja ekki rannsókn á röngum sakargiftum stjórnenda Seðlabankans, hefur verið áfrýjað. Dómurinn gengur gegn fordæmi Hæstaréttar.**


Már Guðmundsson seðlabankastjóri og fleiri embættismenn í bankanum eru sakaðir um að hafa borið á menn rangar sakir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýlegur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, þar sem felld var úr gildi ákvörðun ríkissaksóknara sem staðfesti ákvörðun lögreglunnar um að hefja ekki rannsókn á ásökunum á hendur æðstu embættismönnum Seðlabankans, víkur frá skýru fordæmi Hæstaréttar, æðsta dómstóls landsins, frá árinu 2008.

Dómi héraðsdóms, sem kveðinn var upp í byrjun mánaðarins, hefur verið áfrýjað til Landsréttar, samkvæmt upplýsingum Markaðarins, og telja lögmenn sem blaðið ræddi við afar sennilegt að dómstóllinn taki hann til gagngerrar endurskoðunar.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu árið 2008 að ákvörðun ríkissaksóknara um meðferð valdheimilda sinna, svo sem um að hefja lögreglurannsókn, gæti eðli sínu samkvæmt ekki sætt endurskoðun dómstóla. Allar götur síðan hefur verið talið að það sé í verkahring ákæruvaldsins – ríkissaksóknara – að ákveða hvort af rannsókn verði og að það geti ekki heyrt undir dómstóla að endurskoða þá ákvörðun.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp af Skúla Magnússyni héraðsdómara, kveður hins vegar við annan tón. Segir þar að þótt ríkissaksóknari njóti sjálfstæðis gagnvart öðrum þáttum framkvæmdarvalds og fari með endanlegt ákvörðunarvald um tiltekin efni, þá sé honum „ekki falið fullnaðarúrskurðarvald eða ákvarðanir hans undanskildar lögsögu dómstóla með lögum“.

Lögmenn sem Markaðurinn ræddi við í skjóli nafnleyndar segja mikil tíðindi felast í umræddri niðurstöðu Skúla. Einn segir dóminn vekja furðu og telur að héraðsdómur hafi þurft að rökstyðja þá stefnubreytingu sem felst í dómnum betur. Landsréttur, hvað þá Hæstiréttur ef málið kemur til kasta hans, eigi trauðla eftir að fallast á „fátæklegar“ röksemdir héraðsdóms.

Gísli Reynisson, sem var einn fjórmenninganna sem ákærðir voru í Aserta-málinu svonefnda, fór haustið 2016 fram á að lögreglan rannsakaði hvort æðstu embættismenn Seðlabanka Íslands hefðu borið á þá rangar sakir. Var þá einkum vísað til Más Guðmundssonar seðlabankastjóra, Sigríðar Logadóttur, aðallögfræðings bankans, og Ingibjargar Guðbjartsdóttur, sem var forstöðumaður gjaldeyriseftirlits sömu stofnunar. Fjórmenningarnir voru, sem kunnugt er, sýknaðir af öllum ákæruliðum í málinu gegn þeim.

Kæra Gísla til lögreglunnar byggði á því að embættismenn Seðlabankans hefðu ítrekað gefið ýmist rangar

> **Augljósir almannahagsmunir standa til þess að handhafar rannsóknar- og ákæruvalds saki ekki menn um refsiverðan verknað gegn betri vitund.**
>
> Úr dómi Héraðsdóms Reykjavíkur

eða villandi upplýsingar og komið því þannig til leiðar að hann hefði verið ranglega sakaður um refsiverðan verknað.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hafnaði hins vegar að taka meint brot embættismanna bankans til rannsóknar og í febrúar í fyrra staðfesti ríkissaksóknari þá ákvörðun lögreglustjórans.

Héraðsdómur komst síðan að öndverðri niðurstöðu í byrjun þessa mánaðar, eins og áður sagði, og felldi ákvörðun ríkissaksóknara úr gildi. Var það niðurstaða héraðsdóms að annmarkar á lagalegum grundvelli ákvörðunar ríkissaksóknara hefðu verið svo verulegir að ekki yrði hjá því komist að fella hana úr gildi. Þó var tekið fram í dómnum að með niðurstöðunni væri engin afstaða tekin til gildis ákvörðunar lögreglustjórans um að hafna að taka meint brot stjórnenda Seðlabankans til rannsóknar. Sú ákvörðun hefði enda ekki verið til úrlausnar í málinu.

Lögmenn sem Markaðurinn ræddi við segja dóm héraðsdóms nokkuð afdráttarlausan. Þannig er nefnt í dómnum að ásökun um refsiverðan verknað, án tillits til endanlegrar niðurstöðu málsins, kunni að vera „íþyngjandi fyrir saklausan mann“ með margvíslegum hætti, auk þess sem „augljósir almannahagsmunir“ standi til þess að handhafar rannsóknar- og ákæruvalds saki ekki menn um refsiverðan verknað gegn betri vitund.

Ef Landsréttur staðfestir dóm héraðsdóms stendur ákvörðun lögreglustjórans óhögguð að sinni, en málið fer hins vegar aftur á borð ríkissaksóknara, að sögn viðmælenda Markaðarins.

Gísli hefur auk þess stefnt íslenska ríkinu og krafið það um skaðabætur vegna málsins. Er gert ráð fyrir að aðalmeðferð fari fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í maí.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, sem kærði einnig æðstu stjórnendur Seðlabankans til lögreglunnar, sagði í pistli á vef sjávarútvegsfyrirtækisins í síðustu viku að þótt honum hefði orðið lítið ágengt í baráttu sinni þá eygði hann enn von, sérstaklega í ljósi fyrrnefnds dóms Héraðsdóms Reykjavíkur. Hann sakaði embættismennina um að hafa borið sig röngum sökum og krafðist þess að lögreglan tæki málið til rannsóknar.

Lögreglustjóri vísaði málinu hins vegar frá og staðfesti ríkissaksóknari þá ákvörðun. Voru rökin meðal annars þau að Samherji hefði ekki sýnt fram á að embættismennirnir hefðu haft beinan ásetning til rangra sakargifta.

„Stjórnendur Seðlabankans hafa talið sig geta þaggað þetta mál niður og vonast til þess að ég gefist upp. Það mun ég ekki gera,“ skrifaði Þorsteinn Már. kristinningi@frettabladid.is

# Fallið frá málaferlum gegn LBI

Gert er ráð fyrir að 2,6 milljarðar króna verði greiddir til eignarhaldsfélagsins LBI í næsta mánuði eftir að fallið var frá málaferlum í deilu félagsins og breska kaupsýslumannsins Kevins Stanford fyrr í mánuðinum.

Stanford hafði krafið félagið, sem heldur utan um eignir gamla Landsbankans, um 11,6 milljarða króna gagnkröfur sem hann vildi að gengi upp í skuld hans við LBI. Kom málið til kasta íslenskra dómstóla, en greint var frá því í ársreikningi


Kevin Stanford.

LBI, sem var birtur í síðustu viku, að fallið hefði verið frá málaferlunum.

LBI hefur á síðustu árum staðið í málaferlum vegna innheimtu á tveimur fasteignalánum sem Stanford fékk hjá Landsbankanum í Lúxemborg árið 2007. Lánin voru með veði í fasteign í Kensingtonhverfinu í miðborg Lundúna annars vegar og skíðaskála á Chourchevelskíðasvæðinu í frönsku Ölpunum hins vegar.

Söluandvirði eignanna var lagt inn á vörslureikning í Bretlandi á meðan beðið var niðurstöðu íslenskra dómstóla og gera stjórnendur LBI nú ráð fyrir að 21,4 milljónir evra, jafnvirði um 2,6 milljarða króna, verði greiddar af reikningnum til LBI. – kij



Miklu meira en bara ódýrt
VIAir 12V loftdælur í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA 12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur á frábæru verði
Hjólatjakkur 2T m/tösku
3.795
Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W
29.999
Háþrýstidæla 1650W
9.999
6T Búkkar 605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
34.995
Verkfæraskápur á hjólum
79.995
Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum
Mikið úrval af verkfæratöskum
frá 795
Steðjar í miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi angle
6.985
14.995
1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk
5.995
Verkfærasett 108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp ryk/regn/frostþolið
24.995
Ruslapokar 10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af dragböndum/ ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion 18V hleðslubor-vél 13mm
Fjölsög Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC 1200W
19.995
Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)
16.995
Metabo KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17




Hjalti Þórarinsson tók við starfi framkvæmdastjóri Marel Innova síðasta haust eftir að hafa starfað í yfir áratug hjá Microsoft í Bandaríkjunum þar sem hann leiddi meðal annars viðskiptaþróun tæknirisans á sviði gervigreindar. Hann segir tækifæri Innova einstakt til að hafa raunveruleg áhrif á gæði og framleiðslukostnað matvæla í heiminum. Sóknarfærin séu fjölmörg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Búnaðurinn í tvö þúsund verksmiðjum

**Framkvæmdastjóri Marel Innova segir félagið hafa tækifæri til þess að komast í stöðu sem ekkert annað félag er í til þess að hafa raunveruleg áhrif á gæði og framleiðslukostnað matvæla í heiminum. Verðmætin sem Marel skapar verði í meiri mæli til í hugbúnaðarhluta félagsins. Samkeppnisforskot felist í mannauðinum hér á landi enda hafi Íslendingar mikla þekkingu á matvælageiranum og fiski.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is

Verðmætin sem tæknifyrirtækið Marel skapar verða í auknum mæli til í hugbúnaðarhluta fyrirtækisins, að sögn Hjalta Þórarinssonar, framkvæmdastjóra Marel Innova, sem framleiðir samnefndan hugbúnað fyrir stærstu matvælavinnslur heims.

„Einn viðskiptavinur okkar lýsti því svo að hann gerði ráð fyrir að 75 prósent af verðmætunum komi til vegna hugbúnaðarins en 25 prósent vegna vélbúnaðar í framleiðslulínum. Það er ólíkt því sem áður var. Sérstaða Marels hefur ávallt falist í vélbúnaðinum en við getum náð forskoti – og breytt um leið hvernig matvælageirinn virkar – í hugbúnaðinum,“ segir Hjalti í viðtali við Markaðinn.

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels, sagði í viðtali við Viðskiptablaðið í febrúar í fyrra að félagið væri í auknum mæli að verða hugbúnaðarhús. „Áherslan síðustu tuttugu árin hefur verið lögð á að ná fram hagræði í verksmiðjunum. Áherslan næstu tuttugu árin verður á hagræðingu á skrifstofunni,“ sagði forstjórinn.

Hjalti tekur undir þetta. „Það kom mér á óvart þegar ég flutti aftur til Íslands síðasta haust að Marel væri ekki þekkt hér á landi sem hugbúnaðarfyrirtæki. Ég held það séu ekki margir sem geri sér grein fyrir því að innan Marels er 170 manna geysisterkt hugbúnaðarteymi sem býr til mikil verðmæti og er í örum vexti. Ég myndi telja að Innova sé eitt af merkilegri hugbúnaðarþróunarverkefnum í heiminum í dag,“ nefnir Hjalti.

Hann tók við starfi framkvæmdastjóra Innova síðasta haust eftir að hafa starfað í yfir 11 ár hjá tæknirisanum Microsoft í Seattle, þar sem hann leiddi meðal annars viðskiptaþróun fyrirtækisins á sviði gervigreindar. Hann stofnaði á námsárum sínum rétt fyrir síðustu aldamót Dímon hugbúnaðarhús ásamt Georg Lúðvíkssyni, sem stýrir nú Meniga, og Guðmundi Hafsteinssyni, sem leiðir vöruþróun hjá Google Assistant, og var framkvæmdastjóri fyrirtækisins til ársins 2004.

Marel hefur um nokkurt skeið verið í fararbroddi á heimsvísu í þróun hátæknibúnaðar sem notaður er til vinnslu á kjöti, kjúklingi og fiski, allt frá slátrun til pökkunar. Á undanförnum árum hefur félagið lagt aukna áherslu á Innova-hugbúnaðinn. Með honum getur starfsfólk verksmiðja stýrt vinnsluferlinu eftir upplýsingum sem kerfið aflar í rauntíma. Gerir hugbúnaðurinn starfsfólkinu þannig kleift að haga framleiðslunni á sem hagkvæmastan máta og jafnframt að bregðast skjótt við vandamálum sem kunna að koma upp. Er talið að hvert prósentustig í bættri nýtingu geti árlega skilað milljónum dala í stórum verksmiðjum.

### Verkefnið að bæta framleiðni

„Verkefni okkar,“ útskýrir Hjalti, „er að bæta framleiðni hjá matvælaframleiðendum og tryggja rekjanleika og gæði þeirra vara sem þeir framleiða. Þetta gerum við með því að tengja hugbúnað okkar við tugi ef ekki hundruð tækja á framleiðslugólfinu. Hugbúnaðurinn greinir, myndar, vigtar og verkar vöruna, hvort sem það er kjöt, kjúklingur eða fiskur, af nákvæmni og gerir þannig framleiðendum kleift að safna saman og greina gögn úr hverju skrefi framleiðslunnar. Hugbúnaðurinn tengist líka hlutum út fyrir verksmiðjuna, til dæmis skipum, kjúklingabúum eða kjötverksmiðjum, og getur þannig tryggt rekjanleika allt frá uppruna.“

Hjalti útskýrir að þó svo að Marel sé hvað þekktast fyrir vélbúnað, sem notaður er á öllum stigum framleiðslulínunnar, þá hafi fyrirtækið ávallt framleitt hugbúnað. „Það var hugbúnaður í fyrstu vogunum sem tryggði að þær gæfu rétt gildi úti á ólgusjó. En frá árinu 1994 hefur Marel séð sér hag í því að tengja saman alla framleiðslulínuna þannig að hægt sé að ná fram meiri hagkvæmni og rekjanleika. Það ár – mörgum árum áður en fólk fór að tala um hlutanetið (e. Internet of Things) – tengdi fyrirtækið saman 150 tæki í verksmiðju í Suður-Afríku. Það er það sem við gerum. Við tengjum saman tæki í verksmiðjum og veitum þannig framleiðendum heildaryfirsýn yfir framleiðslulínuna. Það hjálpar þeim að tryggja að vigtin sé rétt, nýting hráefnisins hámörkuð og gæðin góð í öllu ferlinu.

> **Sérstaða Marels hefur ávallt falist í vélbúnaðinum en við getum náð forskoti – og breytt um leið hvernig matvælageirinn virkar – í hugbúnaðinum.**

Í dag má finna hugbúnað okkar í um tvö þúsund verksmiðjum um allan heim. Allir stærstu matvælaframleiðendur heimsins eru í viðskiptum við okkur. Vöxturinn hefur verið gríðarlegur og starfa nú um 170 manns við sölu, þjónustu og þróun hjá okkur. Við stefnum að því að tvöfalda starfsmannafjöldann í hugbúnaðarþróun á þessu ári. Við ætlum að sækja fram af krafti.

Þörfin í matvælageiranum á þjónustu eins og Marel Innova getur boðið upp á, það er að tengja saman vélbúnað og hugbúnað, er mikil. Bæði hafa kröfur neytenda og stjórnvalda til rekjanleika og gæða vara aukist verulega og þá finna framleiðendur þörf fyrir að geta framleitt með sem minnstum tilkostnaði. Ef við getum aðstoðað viðskiptavini okkar við að ná fram meiri hagkvæmni gætum við þannig haft veruleg áhrif á heimshagkerfið.“

### Segir tækifærið einstakt

Aðspurður segir Hjalti sóknarfæri Innova tvíþætt. „Annars vegar felast þau í því að veita viðskiptavinum okkar meiri innsýn í framleiðsluna. Við hyggjumst fjárfesta verulega á þessu ári í gervigreind, skýjaþjónustu og vélrænu gagnanámi (e. machine learning) þannig að viðskiptavinir okkar geti fengið betri innsýn í gögnin og að þeir skilji betur hvað það er í framleiðsluferlinu sem hefur áhrif á gæði vörunnar.

Mörg framleiðslufyrirtæki, sér í lagi í fiskiðnaðinum, þurfa að bregðast hratt við breyttum aðstæðum. Þau fá kannski inn pantanir á fyrsta degi, framleiða á öðrum degi og afhenda vöruna á þriðja degi. Þeirra viðskiptavinir vilja margir breyta pöntunum sínum á öðrum degi og það getur skapað mikinn vanda og aukið kostnað fyrirtækjanna. Eins getur veðrið breyst frá degi til dags og verð lækkað á mörkuðum, svo dæmi séu tekin. Allt þetta getur leitt til þess að pantanir breytast.

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 28. MARS 2018



**Það er ýmislegt í boði fyrir fjölskyldufólk um páskana. Alls kyns skemmtun sem kostar ekki mikla peninga.** →6

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ APP
FRÉTTABLAÐIÐ.IS



Júlía Sif Ragnarsdóttir maular hér gómsætt, heimagert vegan-páskaegg, stútfullt af vegan-sælgæti, sem hún segir nú fást í ríkulegu úrvali. MYND/ERNIR

# Sælkeralíf á páskum

Júlía Sif Ragnarsdóttir er bæði sælkeri og grænkeri sem býr til sín eigin handgerðu vegan-páskaegg. Hún ætlar að bjóða fjölskyldunni upp á sænskt sojakjöt innbakað í smjördeig à la Wellington í hátíðarmatinn á páskadag. →2

Það er einfalt og skemmtilegt að búa til heimagert páskaegg en kostar svolítinn tíma, dund og þolinmæði,“ segir Júlía Sif Ragnarsdóttir þar sem hún dundar sér heima í eldhúsi við gerð dýrindis páskaeggs.

Páskaegg Júlíu er fyrir grænkera og í skálum má sjá litríkt og freistandi úrval af vegan sælgæti; lakkrís, brjóstsykur, hlaup og súkkulaði.

„Úrval vegan sælgætis hefur aldrei verið meira og allt er það hvað öðru gómsætara, en það var alveg ágætt þegar framboðið var minna því þá borðaði maður ekki eins mikið af nammi,“ segir Júlía hláturmild og stingur upp í sig vinsælli hauskúpu sem lengi hefur fengist á nammibörum landsins en fæstir gert sér grein fyrir að sé vegan.

„Íslenskur lakkrís er flestur vegan en ekki íslenskt hlaup sem inniheldur gelatín úr dýraafurðum. Það kemur mörgum á óvart hvað innflutt vegan-hlaup er ljúffengt, sem og súkkulaði úr hrísmjólk eða annarri jurtamjólk og er rjómakennt og bráðnar eins og hefðbundið súkkulaði,“ útskýrir Júlía í páskaeggjagerðinni.



Júlía hefur gert páskaegg úr hreinu súkkulaði, hvítu- og núggatsúkkulaði og vitaskuld passar aðferð hennar við hefðbundin páskaegg líka . MYND/ERNIR

## Snæddi frekar bolinn sinn

Júlía hefur verið grænkeri í fimm ár og heldur úti vefsíðunni Veganistur.is með eldri systur sinni, Helgu Maríu.

„Ég hef alltaf litið upp til Helgu og gert allt eins og hún,“ segir Júlía um tilurð þess að hún gerðist grænkeri. „Helga veiktist af einkirningasótt og var lengi lasin og eftir sig vegna hennar. Við systurnar höfðum ekki einu sinni heyrt hugtakið vegan þegar við duttum niður á myndband um vegan fæði og Helga ákvað að láta á það reyna sér til heilsubótar, með góðum árangri. Ég ákvað því að prófa að gerast grænkeri eins og Helga og sé ekki fyrir mér að ég snúi nokkurn tímann til baka, bæði vegna heilsufarslegs ávinnings en ekki síður vegna dýra- og umhverfissjónarmiða, sem okkur finnst skipta mjög miklu máli.“

Áður hafði Júlía verið heilluð af kjötréttum en Helga ekki.

„Sem barn var ég strax orðin mikill matgæðingur og ætlaði að verða kokkur. En eftir að gerast grænkeri fer maður að líta dýraafurðir öðrum augum og sér þær ekki lengur sem valkost í mat. Ég æti því sennilega bolinn minn frekar en kjöt héðan af,“ segir Júlía.

Hún segir grænkera geta notið sældar- og sælkeralífs um páska og nóg sé til af góðu hráefni.

„Ég er dugleg að bjóða vinum mínum og ættingjum í vegan mat og bakstur til að sýna þeim fram á hvað grænkerafæði er gómsætt og gott í maga. Þá kemur fólki alltaf jafn mikið á óvart hvað grænkerar borða ljúffengan og fjölbreyttan mat. Margir mikla svo grænkeramatseldina fyrir sér en hún er alls ekki eins mikið mál og margir halda,“ segir Júlía.

Í vinahópi Júlíu og Helgu hafa margir gerst grænkerar og grænmetisætur eftir gómsæt veganboð.

„Þeir hafa séð ávinning þess að snúa baki við neyslu dýraafurða þegar við höfum opnað augu þeirra fyrir umhverfis- og dýravernd. Þegar öllu er á botninn hvolft missa þeir heldur ekki af neinu né sakna úr dýraríkinu,“ segir Júlía.

## Vegan Wellington á páskum

Júlía er alin upp við fagurskreytt heimili foreldra sinna á páskum og ætlar að heiðra móður sína með því að prýða heimili sitt með blómum og páskaskrauti yfir hátíðina.

„Ég verð í mat hjá mömmu á páskadag og við ætlum að hafa vegan hátíðarmat. Við vorum með vegan jólamat sem féll vel í kramið hjá fjölskyldunni og allir eru spenntir að setjast að vegan hátíðarborðinu aftur. Í stað páskalambsins verðum við með Oumph!-sojakjöt sem við útbúum eins og Wellington-steik, innbakað í smjördegi með sveppasósu og brúnuðum kartöflum. Það sló í gegn á jólunum og má sjá uppskriftina á heimasíðunni okkar,“ útskýrir Júlía sem lærir viðskiptafræði við HÍ en Helga systir hennar nemur mannfræði í fjarnámi frá Svíþjóð.

„Þeir grænkerar sem ekki hafa tíma til að búa til páskaegg geta fundið vegan páskaegg í flestum matvöruverslunum. Nói Síríus er með vegan egg í umbúðum með grænum miða og allt súkkulaði og sælgæti í egginu er vegan. Þá fást innflutt og gómsæt vegan egg í Krónunni og Heilsuhúsinu. Það þarf ekki að vera flókið að gleðja sælkera á páskum og líka hægt að kaupa súkkulaði og sætindi og setja í fallega öskju eða páskaeggjabox til að njóta.“

Skoðið gómsæta veganrétti systranna Júlíu og Helgu á veganistur.is.

## Vegan páskaegg





**4 plötur Ichoc Classic súkkulaði (Fæst í Nettó)**
**Nammi sem hugurinn girnist. Júlía notaði eftirfarandi:**
**Bubs-hlaup (fæst í Krónunni),**
**Biona-hlaup (fæst í Nettó),**
**Brak dökkt (fæst í Iceland),**
**Lakkrís**
**Svartur brjóstsykur**
**Hjúplakkrís sem Júlía hjúpaði með Classic-súkkulaðinu**
**(Athugið að flestur lakkrís er vegan nema fylltur lakkrís og lakkrískonfekt. Mjólkursýra er líka vegan og ekki unnin úr kúamjólk.)**

Temprið ⅔ af súkkulaðinu yfir vatnsbaði og hrærið í á meðan. Þegar súkkulaðið er bráðið er það tekið af hitanum og restinni, sem var tekin frá (⅓), bætt út í og hrært þar til allt er bráðnað. Hellið vel af bræddu súkkulaði í páskaeggjaform og veltið um í góða stund. Leggið formin á hvolf yfir skál í allt að 10 mínútur. Endurtakið þrisvar eða þar til þykkt lag af súkkulaði hefur myndast í formunum. Gætið þess að brúnirnar séu eins þykkar svo auðvelt sé að festa eggin saman. Ef setja á lakkrískurl eða Rice Krispies út í súkkulaðið er best að setja fyrst eitt lag af súkkulaði í formin, áður en kurlinu er bætt saman við. Formin þurfa að sitja í frysti í minnst 30 mínútur eða þar til súkkulaðið hefur losnað frá plastinu. Þegar form er lagt á hvolf á eggið á detta auðveldlega úr því. Til að festa eggjahlutana saman er best að tempra súkkulaði og láta það kólna við stofuhita þar til það verður ágætlega þykkt. Munið að fylla eggin með sælgæti, málshætti eða öðrum glaðningi áður en því er lokað!




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn: Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,

# Digest Gold hefur gert kraftaverk fyrir mig

**Öflugu meltingarensímin frá Enzymedica geta bætt meltinguna, komið reglu á hægðir og gefið okkur aukna orku. Einungis 1 hylki þarf til að finna muninn.**



Barbara Kresfelder.

Færðu í magann, uppþembu og loft þegar þú borðar steik? Verki ef þú leyfir þér smá mjólkurvörur? Sumir fá líka óþægindi, uppþembu og vindverki eftir máltíðir en vita ekki af hverju. Afar líklegt er að þetta tengist skorti á meltingarensímum, sem er algengt vandamál því þau sjá um niðurbrot fæðunnar.

### Ensím brjóta niður fæðuna

Meltingarensím eru af mörgum tegundum og hafa öll mismunandi hlutverk en hjá öllum hefst meltingin í munninum. Þar eru fyrstu meltingarensímin sem fæðan kemst í snertingu við og hefja þau niðurbrot á kolvetnum. Í maganum taka svo fleiri tegundir af ensímum við og brjóta m.a. niður prótein, fitu og laktósa. Stundum gerist það þegar við borðum of mikið og/eða að samsetning matarins er slæm að líkaminn nær ekki að „lesa skilaboðin rétt“ eða getur ekki framleitt nægilega mikið af ensímum. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu, fæðuóþoli eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem maturinn á að skila okkur.




Til eru fjórar tegundir meltingarensíma frá Enzymedica og fer það eftir einkennum hvað hentar best. Therablend kallast sú aðferð sem notuð er við vinnslu á þessum ensímum og mælast þau á bilinu 5-20 sinnum öflugri og vinna meira en sex sinnum hraðar en önnur leiðandi meltingarensím. Ensímin eru ávallt tekin rétt fyrir eða með mat.

> **Digest Gold frá Enzymedica hefur gert kraftaverk fyrir mig. Ég verð oft uppþembd og fæ magaónot eftir mat eins og pitsu, reyktan mat og marineraða síld. Eitt hylki rétt fyrir máltíð og vandamálið er úr sögunni.**
>
> Barbara Kresfelder, 50 ára, móðir tveggja unglingsdrengja

### Kraftaverk í 1 hylki

Barbara Kresfelder hefur um árabil verið í vandræðum vegna magaónota og meltingarvandamála. Hún er endalaust að leita leiða til að bæta ástandið, ýmist með því að bæta inn ákveðinni fæðu og/eða taka út. Árangurinn hefur verið misjafn en ekkert hefur þó leyst nein vandamál þó svo að þau minnki a.m.k. tímabundið.

„Digest Gold frá Enzymedica hefur gert kraftaverk fyrir mig. Ég verð oft uppþembd og fæ magaónot eftir máltíðir og þá sérstaklega eftir að hafa borðað mat eins og pitsu, reyktan mat og marineraða síld. Ég tek eitt hylki rétt fyrir máltíð og nú finn ég ekki fyrir neinum ónotum eftir á. Stundum gleymi ég að taka ensímin fyrir matinn og hef þá tekið töflu strax eftir máltíð í þeirri von að það hjálpi, sem það gerir, þó það sé kannski ekki alveg jafn öflugt og þegar ég tek hana fyrir mat. Ég tek alltaf töflu fyrir morgunmat og hefur það sett reglu á klósettferðir hjá mér. Þvílíkur bónus sem það er.“

Meltingarónot og -truflanir hafa í flestum tilfellum áhrif á hægðir og finnur Barbara einnig fyrir miklum mun hvað það varðar:

„Ég lendi einnig í vandræðum eftir flestallar máltíðir og hef verið með niðurgang. Nú er það vandamál úr sögunni og ég sveiflast ekki milli þess að vera alltaf á klósettinu – eða næstum aldrei.“

### Hverja vantar meltingarensím?

Afleiðingar vegna skorts á meltingarensímum geta verið víðtækar og hugsanlega finnum við fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum. Einkenni skorts á ensímum geta verið:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kviðverkir og ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

Einnig ættu allir þeir sem eru að taka inn mjólkursýrugerla að skoða hvort meltingarensím geti ekki hjálpað til við að koma meltingunni í gott horf og auka þar með almennt hreysti og vellíðan.

### Nokkrar staðreyndir um ensím

- Ensím taka þátt í hverju einasta efnafræðilegu ferli sem á sér stað í líkamanum.
- Ensím hámarka upptöku næringarefna og hjálpa til við að breyta mat í orku.
- Ensím á bætiefnaformi geta dregið úr einkennum fæðuóþols.
- Ensím á bætiefnaformi geta haft margvísleg jákvæð áhrif á líkamsstarfsemina umfram bætta meltingu.
- Ensím geta hjálpað þörmunum að ná eðlilegri virkni þannig að þeir virki betur en nokkru sinni fyrr.

Með inntöku getur fólk skilað meiru frá sér en áður og reglulegar og hungurtilfinning minnkar eða hverfur því næringin úr fæðunni nýtist líkamanum betur. Orkan eykst og geta ensím hreinlega hjálpað heilbrigðu fólki að verða enn heilbrigðara.

Sölustaðir: Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.

YES

Lífrænt sleipiefni fyrir elskendur

Sleipiefnin henta einstaklega vel fyrir konur með þurrk í leggöngum og slímhúð.

Innihalda engin aukaefni eða skaðleg efni sem geta verið ertandi fyrir slímhúðina.

Má bæði nota innvortis og útvortis fyrir samfarir.
• Aloe Vera
• Flax extract
• Guar Gum (Guaran)







Fæst í flestum apótekum.

the organic intimacy company

# Fallega gular páskakökur

Það er skemmtilegt að vera með fallegar kökur með kaffinu á páskadag. Börnin eru hrifin af fallegum bollakökum og ekki er verra ef þær eru páskalegar. Hér eru tvær hugmyndir að páskakökum.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Það er hægt að skreyta bollakökur með ýmsum hætti. Þessar páskabollakökur eru með appelsínubragði. Mjög einfaldar og fallegar.

## Páskabollakökur

Uppskriftin ætti að gera tólf kökur.

**150 g smjör**
**150 g sykur**
**4 egg**
**4 dl hveiti**
**2 tsk. lyftiduft**
**1 tsk. vanillusykur**
**1½ dl mjólk**
**Safi og börkur af ½ appelsínu**

### Kremið

**250 g rjómaostur**
**150 g smjör**
**350 g flórsykur**
**Börkur af ½ appelsínu**

Stillið bakarofninn á 175°C. Hrærið smjör og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Hrærið þá eggjunum saman við, einu í einu. Bætið hveiti, lyftidufti og vanillusykri því næst við. Loks er mjólk, appelsínusafi og börkur sett út í.



Blandan er sett í möffinsform upp að ⅔ hlutum. Bakið í 20 mínútur og kælið.
Setjið rjómaostinn í hrærivél en hann á að vera við stofuhita. Hrærið og setjið smjörið út í smám saman. Bætið við flórsykri og appelsínuberki. Það má setja smávegis gulan matarlit til að fá páskalit. Setjið blönduna í sprautupoka og skreytið kökurnar með kreminu. Skemmtilegt er að skreyta kökurnar með einhvers konar ætu páskaskrauti, til dæmis pínulitlum páskaeggjum.
Það má líka útbúa súkkulaðikrem og setja á kökurnar. Til dæmis svona: Flórsykur, 1 msk. smjör, vanilludropar, 2 msk. kakó og heitt espresso-kaffi. Hrærið saman.



**Við erum ekki með uppskrift að þessari fallegu páskaköku en hún er til marks um hversu skemmtilega er hægt að skreyta.**

## Appelsínuformkaka

Hefðbundin kaka með kaffinu sem er þó svo ótrúlega góð.

**3 dl sykur**
**300 g smjör**
**5 egg**
**1 appelsína, fínt rifinn börkur**
**0,8 dl appelsínusafi**
**1,5 tsk. lyftiduft**
**6 dl hveiti**

### Glassúr

**2 dl flórsykur**
**1,5 msk. appelsínusafi**

Hitið ofninn í 175°C. Þeytið saman smjör og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Setjið þá eggin saman við, eitt í einu. Þá er rifnum appelsínuberki og -safa bætt út í. Blandið þá hveiti og lyftidufti saman við.
Setjið deigið í vel smurt kringlótt formkökuform og bakið í um það bil 50 mínútur. Þegar kakan er tilbúin eru stungin í hana nokkur göt með grillteini og appelsínusafanum er hellt yfir. Kælið.
Búið til glassúr með flórsykri og appelsínusafa. Smyrjið yfir kökuna og skreytið með rifnum appelsínuberki.



**Appelsínuformkaka með glassúr.**



**Hægt er að skreyta möffins á margvíslegan hátt og um að gera að láta hugmyndaflugið ráða för.**



# Garðurinn

MIÐVIKUDAGUR 28. MARS 2018

Kynningar: Urban Beat



Garðhönnun á að vera upplifun fyrir viðskiptavininn, segir Björn Jóhannsson landslagsarkitekt hjá Urban Beat.

## Urban Beat í Stokkhólmi og bráðum Reykjavík

**Björn Jóhannsson landslagsarkitekt vill að garðeigandinn njóti garðsins í heita pottinum, gufubaðinu, í skálanum og við grillið. Hann leggur áherslu á viðhaldslétta garða sem nota má allt árið.**

Fyrsta skrefið við að hanna fallegan garð er að gefa garðeigandanum svo margar hugmyndir að hann fær skemmtilegan valkvíða," segir Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt hjá Urban Beat.

### Þrjár teikningar til að velja úr

„Við höfum lagt mikla áherslu á að viðskiptavinurinn hafi möguleika á að þróa sínar óskir með okkur. Oft veit fólk ekki hvað það raunverulega vill fyrr en hönnunin er komin af stað og þá er mikilvægt að það sé úr nógu að velja og auðvelt að breyta. Þegar við sendum út tilboð og verðáætlanir fylgir lítil hugmyndabók með myndum sem hægt er að vísa í. Þegar við höfum fengið fyrstu óskirnar teiknum við upp þrjár útfærslur, bæði með nýstárlegum hugmyndum en einnig klassískum útfærslum sem hafa reynst vel gegnum árin. Með þremur mismunandi útfærslum er auðvelt að „máta".

### Þrjú skref að fallegum garði

Björn hefur teiknað garða Íslendinga síðustu 20 árin og hefur alltaf lagt áherslu á að ferlið sé upplifun fyrir viðskiptavininn. „Garðeigandinn á að koma að verkefninu á öllum stigum, en ég get alltaf aðstoðað við ákvörðunartökuna ef valið er erfitt með því hjálpa við að bera saman hugmyndir." Björn segir einnig mikilvægt að flýta hönnun ekki of mikið. Hugmyndir þurfi að gerjast og garðeigandinn þarf að máta það í huganum hvernig lífið í nýja garðinum geti orðið. Hönnunin er unnin í þremur skrefum. Fyrst eru gerðar þrjár útfærslur af garðinum. Í næsta skrefi er valið það besta úr útfærslunum þremur og því síðan raðað saman í skrefi tvö. Að lokum eru útbúnar verkteikningar sem innihalda gjarnan smíðateikn-



Gott samræmi milli húss og garðs. Veggirnir eru framhald af húsinu. Pallurinn tónar vel við klæðningu og gluggalista.



Viðhaldsfríir pallar. Skemmtilegt útsýni er úr pottinum yfir fallegt svæðið.

ingar, gróðurplan og staðsetningu ljósa. Oft er stuðst við hugmyndir sem garðeigandinn hefur fundið á netinu eða jafnvel séð erlendis í sumarfríinu.

## Stofan færð út í garð

Við spurðum Björn um hvað sé heitast í garðhönnun í dag. „Það sem mér finnst mest áberandi er hvað fólk er tilbúið til þess að flytja út í garð á sumrin. Með grillskýlum, útieldhúsum, hengirúmum, sófasettum, gróðurhúsum og litlum skálum eru margir farnir að vera úti frá því þeir koma heim úr vinnunni og þangað til þeir fara að sofa. Gufuböð og eldstæði eru nýjasta viðbótin en nú framleiða margir og selja tilbúin gufubaðshús, sem auðvelt er að reisa. Með því að útbúa þak með góðum geislahitara yfir dvalar- og matarsvæðum er hægt að byrja að nota garðinn síðla vetrar og svo langt fram eftir hausti. Þannig eykst í raun rými hússins og margt af því sem áður var gert inni má nú gera úti í garði.“

Flestum garðeigendum er einnig hugleikið hlutfall þess tíma sem fer í að njóta garðsins og að sinna honum. Það er því mikil áhersla á að garðarnir séu viðhaldsléttir. Pallar sem ekki þarf að bera á, gróður sem þekur vel og kemur þannig í veg fyrir illgresi og grasflatir sem auðvelt er fyrir garðsláttuvélmenni að slá eru mikilvægar forsendur í hönnun garðsins. Urban Beat sækir sínar hugmyndir í reynslu Björns við að hanna garða Íslendinga síðustu 20 árin auk þess heitasta sem er að gerast í skandinavískri hönnun. Með því að sækja hugmyndir til Íslands og hinna Norðurlandanna næst skemmtilegt samspil notadrjúgra svæða, fallegs stíls og lágmarksþarfar fyrir umhirðu.



Björn Jóhannsson landslagsarkitekt hefur teiknað garða Íslendinga síðustu 20 árin og mun gera það áfram næstu 20.

## Garðurinn á að vera framhald af húsinu

Eitt það mikilvægasta við að útbúa fallegt útisvæði er að það sé í samræmi við húsið hvað varðar form, liti og aðgengi. Ef aðalbyggingarefni hússins er steypa og gluggakarmar úr dökkum við má nota annað hvort eða bæði efnin í skjólveggi. Það sem þarf að passa er að steyptu veggirnir tóni við veggi hússins og að tréveggir tóni við gluggakarma. Útivistarsvæðin mega svo gjarnan vera aðgengileg frá þeim herbergjum eða svæðum hússins sem eru samnýtt garðinum – eldhús nálægt útiborðstofunni og baðherbergi nálægt heita pottinum.

## Frá Stokkhólmi til Reykjavíkur

Skrifstofa Urban Beat er í Stokkhólmi en Björn rekur fyrirtækið með hjálp Andrews Young, sem er enskur landslagsarkitekt. Flest verkefnin eru íslensk en Björn segir að það hafi gengið ótrúlega vel að vinna verkefnin úr fjarska með hjálp tölvupósts, síma og Skype. „Síðan hef ég skotist heim til að taka fundi á eins til tveggja mánaða fresti,“ segir Björn sem einnig kemur heim til að kenna og aðstoða stærri viðskiptavini sína, eins og BYKO.“ Í haust mun Urban Beat opna skrifstofu í Reykjavík og mun Björn stýra henni á meðan Andrew sér um starfsemi fyrirtækisins í Stokkhólmi.

## Allt unnið í þrívídd á pappírslausri skrifstofu

„Öll garðhönnun á að fara fram í þrívídd,“ segir Björn. „Með því að teikna allar hugmyndir upp í þrívídd geta bæði hönnuður og viðskiptavinur séð mun betur hvernig garðurinn kemur til með að líta út. Hlutföll forma sjást betur og vandamál, sem gjarnan koma upp á seinni stigum hönnunar sjást strax og má því leysa fyrr. Urban Beat hefur tekið þá stefnu að vera pappírslaus teiknistofa. Öll teiknivinna og skissur eru unnar á snertiskjái og teikningum er skilað í PDF-formi. Eini pappírinn sem sést á skrifstofunni eru hönnunartímarit og bækur um landslagshönnun og garða.“

## Leitum að góðu starfsfólki fyrir næsta ár

„Þegar búið verður að koma upp skrifstofunni í Reykjavík í haust munum við byrja að ráða landslagsarkitekta og stefnum að því að vera komin með öflugt teymi snemma næsta árs. Við erum líka með samstarfssamning við Tema, sem er öflugt arkitektafyrirtæki með um 100 starfsmenn í Stokkhólmi. Tema vann með okkur í þróun ferðaþjónustusvæðis, sem mun rísa á Hellu, og mun verða samstarfsaðili okkar í stærri verkefnum þar sem viðtækari þekkingar og reynslu er þörf,“ segir Björn.



Leiksvæði við þjónustumiðstöð á Hellu í samstarfi við Tema í Stokkhólmi og Gunnar Bergmann arkitekt. MYND/TEMA



Með því að hanna í þrívídd sést samspil allra þátta vel. Hér má sjá hvernig lýsingin á sumarhúsalóðinni er hugsuð.

> Hugmyndir þurfa að gerjast og garðeigandinn þarf að máta það í huganum hvernig lífið í nýja garðinum geti orðið.
>
> Björn Jóhannsson

## Ferðaþjónustan þjónustuð

Fyrirtækið leggur áherslu á garðhönnun en hefur einnig sérhæft sig í verkefnum tengdum ferðaþjónustu. Auk þess að hafa teiknað umhverfi hótela var Björn umhverfisstjóri hjá Ferðamálastofu þar sem hann veitti styrkþegum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða ráðgjöf. „Við viljum gjarnan hjálpa sveitarfélögum og rekstraraðilum í ferðaþjónustunni að þróa umhverfi sitt þannig að upplifun ferðamanna og heimamanna verði sem skemmtilegust.“

Hægt er að ná sambandi við Björn í gegnum heimasíðuna landslagsarkitekt.is í tölvupósti bj@landslagsarkitekt.is eða í síma 823-0001.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Veffang: frettabladid.is

# GRETTISLAUG Á TILBOÐI




Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir **30 ár**. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Nú er rétti tíminn til að huga að heitum potti fyrir sumarið. Þess vegna bjóðum við nú á sértilboði hina vinsælu Grettislaug með vönduðu loki.

**Grettislaug með loki á aðeins kr.**

**272.000**





Snorralaug · Gvendarlaug · Grettislaug · Unnarlaug · Geirslaug

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Í MEIRA EN 30 ÁR



Framleiðum burðargrindur undir alla okkar potta, nú þarf bara að gera gat í veröndina fyrir botnskálinni, og fellur þá grindin beint á veröndina.




**Minnum á állokin okkar og ryðfríu pumpurnar sem eru með fallöryggislás.**





**Lerkiklæddur úrvals heitur pottur í nýjum búningi sem prýðir pallinn.**



## Við framleiðum lok á alla potta

**Eigum einnig „KALDA" potta sem gott er að skellasér í fyrir dvölina í heita pottinum.**

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

# Græni liturinn hefur góð áhrif á sálina

**Sigurður Þórðarson og Sigrún Andrésdóttir hafa ræktað garðinn sinn í fimmtíu ár og eru nú að undirbúa hann fyrir sumarið. Þau leggja mikla áherslu á sígrænar plöntur en vilja hafa sem fjölbreyttasta flóru.**



Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Ég stend nú úti í gróðurhúsi og er að potta hérna, svo maður er farinn að huga að vorverkunum,“ segir Sigurður Þórðarson, garðáhugamaður í Garðabæ, þegar blaðamaður hringir. Sigurður og kona hans, Sigrún Andrésdóttir, hafa ræktað garðinn sinn í hartnær fimmtíu ár og eru með gróðurhús þar sem þau koma upp græðlingum sem bíða þess að fara út í garð. „Ég er núna að potta græðlinga frá í fyrra sem hafa verið að ræta sig í vetur í vikri eða vatni.“ Hvað önnur vorverk varðar segist Sigurður vera að taka til og snyrta. „Ég er í miðjum klippingum, er að klippa trén í garðinum, hreinsa ofan af beðum og klippa af runnum. Það þarf að hemja þá til að þeir vaxi ekki allt út um allt. Svo verða runnar oft mjög þéttir og þá þarf að klippa innan úr þeim svo það lofti betur um þá. Ég klippi líka trén því maður klippir tré eins og maður vill hafa þau laufguð í sumar. Ég sé tréð fyrir mér og sé svo, nei, þessi grein passar ekki og þá klippi ég hana burt.“ Sigurður segist hreinsa gamlar gróðurleifar burt þó sumir vilji láta þær liggja. „Það er allt í lagi, þá myndast bara jarðvegur en ég vil frekar setja garðúrganginn í safnhaug þar sem verður til mold sem ég nota eftir tvö ár. Beðin líta betur út þegar þau eru hrein.“

Sigurður segir þau Sigrúnu kaupa lítið af nýjum plöntum heldur halda sig við fjölæringana sem þegar eru í garðinum. Og hann óttast ekki páskahretið. „Fjölæringar eru mjög frostþolnir og þola flestir að það sé tekið ofan af þeim. Ég hef séð páskaliljur sem voru orðnar 20 cm háar og svo kom hörkufrost og stönglarnir lögðust á hliðina eins og frosið grænmeti og ég hugsaði, nei, nú er þetta allt dautt. En svo þegar fór að hlýna þá réttu þær sig við. Það er eins konar frostlögur í þessum plöntum svo þó frostið nái inn í þá eyðileggjast ekki frumurnar. Flestir þessir vorlauka sem blómstra svona snemma á vorin þola frostið. Þangað til þeir fara að blómstra, þá eyðileggur frostið blómin.“

Sigurður segir þau hjónin vera safnara þegar kemur að garðinum. „Við fyllum garðinn af alls konar tegundum. Það má segja að þetta sé skrautgarður með fjölæringum. Við erum búin að búa hér í bráðum fimmtíu ár og fengum mjög fljótlega garðáhuga svo við erum búin að breyta garðinum, erum með gróðurhús, gróðurskála með vínberjaplöntum og eplatré úti í garði með litlum eplum sem hægt er að borða,“ segir Sigurður. „Svo erum við með hindber en það þarf að passa að þau dreifi sér ekki of mikið því þau eru gjörn á það. Og við erum líka með sólber en höfum ekki verið í káli eða kartöflum undanfarin ár.“

Hann segir þau leggja mikla áherslu á að hafa sígrænar plöntur í garðinum. „Þá dettur flestum í hug greni, en við erum ekki með neitt grenitré. Þetta eru sýprusar og lyngrósir með stórum blöðum sem þola mjög vel frost en illa rok svo það er betra að hafa þær í góðu skjóli. Svo eru þintegundir svokallaðar, svona mjúkt greni, einir og fleiri plöntur. Það er gríðarlega fjölbreytt úrval af sígrænum plöntum fáanlegt og það hefur svo góð áhrif á sálina að líta út í garð í skammdeginu og sjá allt grænt,“ segir Sigurður að lokum og snýr sér aftur að vorverkunum.



Sigurður Þórðarson og Sigrún Andrésdóttir hafa hlúð að garðinum sínum í hartnær fimmtíu ár. MYND/STEFÁN



Hér má líta græðlinga sem brátt fá að skjóta rótum úti í garði.




Taktu þér greiðslufrí með Kortaláni og láttu drauminn rætast.

Kynntu þér málið. 525 5055 | sala @valitor.is | valitor.is

VALITOR


Vorið
kallar
á þig
Ertu með framkvæmdaplan?
Landslagsráðgjöf
Frá teikningu að fallegum garði
Landslagsarkitektar okkar gefa góð ráð og aðstoða við efnisval. Pantaðu tíma í síma 412 5050 eða á sala@bmvalla.is
Kynntu þér úrvalið af fallegum hellum og garðeiningum á bmvalla.is og fáðu góðar hugmyndir fyrir sumarið.
GÆÐAKERFI
VOTTAÐ
VOTTUN HF
ÍST ISO 9001
Farsæl íslensk framleiðsla í yfir 50 ár - bmvalla.is
BM·VALLÁ

# Einfalt að rækta í útipottum

Margir kjósa að hafa plöntur í pottum á veröndum eða svölum. Vilmundur Hansen garðyrkjufræðingur segir vel hægt að hafa sumarblóm, kryddjurtir og matjurtir í pottum.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is




Það er fallegt að hafa blóm og matjurtir í pottum.

Vilmundur Hansen heldur úti vinsælli síðu á Facebook sem nefnist Ræktaðu garðinn þinn – Garðyrkjuráðgjöf með yfir 30 þúsund fylgjendum. Sjálfur starfar hann við garðyrkjuráðgjöf jafnt fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Þegar hann er spurður hvernig mold sé best að nota í pottana segist hann velja pottamold sem fæst í garðyrkjustöðvunum. „Sú mold hefur reynst mér vel. Síðan má nota moltu sem íblöndunarefni ef maður vill en ekki nota hana eingöngu. Það þarf samt ekkert að gera við þessa venjulegu pottamold fyrstu tvö árin. Nauðsynlegt er að hafa gat undir pottinum en ef hann er mjög djúpur er gott að setja vikur í botninn, akrýldúk þar ofan á og síðan moldina.“

Pottar er mismunandi og það getur verið flókið að velja þann eina rétta. Vilmundur segir að potturinn þurfi að vera frostfrír. „Leirpottar og harðplastpottar eiga það til að springa yfir veturinn en ef valdir eru frostfríir pottar endast þeir í nokkur ár. Plastpottar eru léttir og þægilegir. Það má setja þá ofan í leirpott sem síðan er tekinn inn yfir vetrarmánuðina.“


Vilmundur Hansen, grasa- og garðyrkjufræðingur, heldur úti vinsælli síðu á Facebook þar sem ýmis góð ráð um garðyrkju koma fram.

Vilmundur segir að um þessar mundir fáist ericur í blómabúðum sem sé fallegt að setja í potta áður en tími sumarplantnanna hefst. „Þær geta vel staðið fallegar fram á sumar. Þetta eru duglegar plöntur. Yfirleitt er best að kaupa sumarblóm þegar þau eru auglýst til sölu. Það þýðir að þeirra tími sé kominn. Ef fólk er að rækta blóm sjálft er rétt að bíða með að setja út þangað til fullvíst er að ekki komi næturfrost. Það er að verða í síðasta lagi að sá fyrir sumarblómum þessa dagana. Svo má rækta alls kyns kál og salat í pottum. Venjulega þarf að sá fyrir matjurtum sex vikum áður en þær fara út í garð. Best er að rækta blaðsalat, erfiðara að ræka það sem vex niður,“ segir Vilmundur. „Það er hægt að rækta næpur en gulrætur og gulrófur þurfa meiri dýpt. Mjög sniðugt er að rækta aspas í pottum, sömuleiðis klettasalat og spínat. Ég get mælt með njóla sem er góður í salat. Fullt af kryddi vex vel á Íslandi, til dæmis blóðberg (timían), steinselja, óreganó, sítrónumelissa og minta. Kryddið þarf þó gott skjól.“

Vilmundur segir að þegar fólk sé með matjurtagarð þurfi hann hvíld á fjögurra ára fresti. Gott er að setja þurrkaðan hænsnaskít í garðinn til að gefa honum áburð. Það er ekki ákjósanlegt að rækta alltaf það sama í garðinum, betra er að vera með skiptiræktun, eitt árið með rótargrænmeti en blaðsalat á móti. Svo er hægt að hvíla reitina til skiptis ef þeir eru fleiri en einn. Þá er alltaf einhver ræktun í gangi. Byrjendur í matjurtarækt ættu að byrja á einhverju einföldu, til dæmis grænkáli, kartöflum, gulrófum og mintu.“

Þegar hann er spurður um áburðargjöf, svarar hann: „Það er að öllu leyti best að nota lífrænan áburð. Maður fær kannski ekki eins mikla uppskeru en í mínum huga er betra að fá bragðgott kál heldur en fljótsprottið. Lífrænn áburður er matur fyrir plönturnar en tilbúinn er vítamín.“



PARKET VERKSMIÐJAN
Síðumúla 31 • 108 Reykjavík • S. 581 2220 • 840 0470
www.parketverksmidjan.is

# Led húsnúmer

**Sérsmíðum númer á öll hús • sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp**


























- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

**Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.**
**Einnig hægt að hringa í sími 789 3010**



## Nú er rétti tíminn til að leita tilboða

# Eru hellurnar óhrein gróðrarstía?

## Við hreinsum, söndum, húðum svo þær verða eins og nýjar



Geymdu auglýsinguna

**HELLUHREINSUN.IS - S: 7756080**

GÓÐAR OG GAGNLEGAR




Lífgaðu upp á heimilið með plöntum sem gefa af sér allan ársins hring.




Allt um hefðbundna og lífræna ræktun, hvað unnt er að rækta, hvar, hvenær og hvernig.




Fróðleikur um gerjun grænmetis ásamt fjölda gómsætra uppskrifta.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is
Opið alla virka daga 10–19 | Laugardaga 11–16




Hópur fólks ræktar grænmeti í Seljagarði í Breiðholti. Í sumar verður hægt að vera í áskrift, fá fræðslu og uppskeru.

# Seljagarðurinn vaxandi verkefni

## Guðný Rúnarsdóttir myndlistarkennari vill vita hvaðan maturinn sem hún borðar kemur. Matjurtarækt megi ekki lognast út af og kunnáttunni verði að halda við.


Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is




Það þarf að kunna að rækta ofan í sig matinn. Ef það kemur heimsendir og fer að flæða hér um allt, þá stendur Breiðholtið upp úr, það er svo hátt yfir sjávarmáli. Við verðum við öllu búin í Seljagarðinum,“ segir Guðný Rúnarsdóttir myndlistarkennari á léttu nótunum en hún er ein þeirra sem rækta matjurtir í samyrkjugarði í Breiðholti, Seljagarði.

Hún segir afar gefandi að yrkja jörðina í stað þess að kaupa allt út úr búð. Seljagarðurinn sé vaxandi verkefni.

„Þetta byrjaði fyrir fjórum árum þegar vinkona mín, Þórey Mjallhvít, teiknari og hreyfimyndagerðarkona, fékk hugmyndina að félagslegum matjurtagarði.

Úr varð samfélagslegt verkefni og hópur fólks fór að rækta saman, halda viðburði og læra hvert af öðru um matjurtarækt. Ég fór með í þetta en ég hef alltaf haft mikinn áhuga á að rækta sjálf það sem ég borða. Við förum yfirleitt bara beint út í búð að kaupa okkur grænmeti, oftast innflutt og vandlega pakkað í plast. Það er frekar dapurlegt,“ segir Guðný.



Guðný með blómlega uppskeru síðasta árs.



Guðný segir það jafnast á við góða hugleiðslu að hlúa að plöntunum. MYNDIR/SELJAGARDUR.IS

### Félagslandbúnaður

„Að fylgjast með plöntum vaxa, hlúa að þeim og læra að sjá um þær er mikilvægt og mögulega deyjandi kunnátta. Kannski er það vegna samfélagsgerðarinnar hér á Íslandi. Hér er mikið stress og miklar kröfur um að eiga mikið af dýrum hlutum. Allir keppast því við að vinna meira til að geta borgað meira! Þó er vitundarvakning í gangi núna, finnst mér.

Einn úr hópnum í Seljagarði stefnir á að verða borgarbóndi og mun taka að sér að rækta fyrir fólk sem hefur ekki tíma til þess sjálft. Fólk er þá bara í áskrift, hann heldur fræðsludaga fyrir áskrifendur og sér um ræktunina en fólk tekur þátt eftir getu og tíma.“

Guðný er borgarbarn en kann afar vel við sig í náttúrunni. Ræktunarferlið sé eins og hugleiðsla.

„Ég er alin upp í Reykjavík og finnst því afar gott að tengjast náttúrunni með því að róta í moldinni og tína upp í mig það sem ég rækta sjálf. Maður fréttir oft af fólki sem á við erfiðleika að stríða eða veikindi, sem fer að rækta eitthvað til að láta sér líða betur og það virkar. Ræktun hefur mjög góð áhrif á andlega líðan og það getur verið eins og hugleiðsla að fylgjast með ferlinu. Þetta tekur nefnilega tíma og krefst þolinmæði. Stundum mistekst ræktunin og ekkert kemur upp, þá þarf maður að vera æðrulaus gagnvart því og reyna annaðhvort aftur að ári eða prófa eitthvað nýtt. Ferlið sjálft er svo mikilvægt, ekki síður en lokauppskeran,“ segir Guðný.

Nánar má forvitnast um samyrkjuverkefnið í Seljagarði á www.seljagardur.is á Facebook undir


hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Fjölskyldufjör um páskana

**Það er um að gera að nýta páskafrí fjölskyldunnar til að gera eitthvað saman. Það er ýmislegt um að vera yfir páskahelgina, svo að það er engin ástæða til að sitja bara heima og borða súkkulaði.**


**Oddur Freyr Þorsteinsson**
oddurfreyr@frettabladid.is




Það er ekki oft sem fjölskyldan fær frí saman og tækifæri til að skemmta sér. En um þessa páska fá margir ágætis frí, svo það gefst bæði tími til að varpa öndinni og hvíla sig og til að gera alls konar skemmtilega hluti saman. Hér eru nokkrir hlutir sem fjölskyldan getur gert saman í fríinu.

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn býður sígilda skemmtun fyrir fjölskylduna og þar verður opið frá klukkan 10 til 17 alla daga yfir páskana. Að vísu verða ekki öll tækin opin, en það er stefnt á að hafa bæði Lestina og Hringekjuna opna. Það er hins vegar verið að setja saman nýjan Fallturn sem verður ekki opnaður fyrr en 1. júní. En síðasta föstudag fæddust kiðlingar í garðinum, haförninn er enn þar og um jólin var sett upp maurabú í Skriðdýrahúsinu, svo það er nóg að sjá.

Öll kvikmyndahúsin verða opin yfir alla páskana, nema Bíó Paradís, sem verður lokað á páskadag. Sem stendur er gott úrval kvikmynda fyrir alla fjölskylduna í boði, þar á meðal tvær íslenskar fjölskyldumyndir, Lói – Þú flýgur aldrei einn og Víti í Vestmannaeyjum.

Það er misjafnt eftir sundlaugum hvort það sé opið um páskana, en víða verður hægt að fara í sund í páskafríinu. Margar sundlaugar eru lokaðar á föstudaginn langa og páskadag, en flestar eru opnar á skírdag, laugardag og annan í páskum. Það verður opið alla páskana í nokkrum laugum, en langflestum verður samt ekki lokað seinna en kl. 18 á páskadag. Það er hægt að athuga hvort sundlaugin sem á að heimsækja sé örugglega opin á sundlaugar.is.

Einar Bjarnason, rekstrarstjóri hjá Bláfjöllum, segir að það sé stefnt á að hafa opið þar eins og venjulega yfir alla páskana, þannig að borgarbúar geti átt gleðilega páska á skíðum. Það er spáð björtu veðri og sól á fimmtudag og spáin er góð fyrir helgina, þannig að það ætti að vera vel hægt að fara á skíði í páskafríinu. Svo kemur tilkynning frá skíðasvæðinu um veðuraðstæður og opnun á hverjum morgni og ef eitthvað breytist verður látið vita af því.

Það verður hægt að kíkja á listasafn í fríinu, því Listasafn Reykjavíkur verður opið alla páskana, nema á páskadag, en þá verður lokað í Hafnarhúsi, Ásmundarsafni og á Kjarvalsstöðum.

Skemmtigarðurinn er opinn eins og venjulega alla páskana, þannig að hópar sem vilja heimsækja hann geta haft samband til að skipuleggja skemmtun.

Það verður hægt að fara út að borða saman í fríinu, en opnunartími veitingastaða er misjafn. Flestir veitingastaðir verða opnir yfir páskana, en sums staðar er lokað á páskadaginn sjálfan. Veitingastaðir á hótelum verða svo almennt opnir eins og venjulega.

Þeir sem vilja versla í fríinu geta farið í Kringluna og Smáralind. Þar verður opið á skírdag og á laugardag, en lokað á föstudag, sunnudag og mánudag.

Síðast en alls ekki síst er spáin góð, þannig að það stefnir í að það verði hægt að nýta fríið í alls kyns útivist.



Spáin er ágæt, svo það gæti verið sniðugt að fara á skíði í páskafríinu. MYND/VILHELM



Það verður mikið opið í sundlaugunum í páskafríinu. MYND/GVA


FRÉTTABLAÐIÐ

**Fréttablaðið eykur þjónustu sína.**

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:



Kringlan N1 nettó olís BÓNUS FJÖRÐUR Samkaup SMÁRALIND

## Húsaviðhald


k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
• MÚRVINNA
• FLÍSALAGNIR
• SMÍÐAVINNA
• MÁLNINGARVINNA
• JARÐVINNA
• HELLULAGNIR

TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !
Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is
Múrum og smíðum ehf


## Nudd


**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.


## Rafvirkjun


**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com


# Keypt & Selt

## Til sölu


LOK Á POTTA



HEITIRPOTTAR.IS
HÖFÐABAKKA 1
SÍMI 777 2000

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204


## Óskast keypt


**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910


## Til bygginga




**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.


# Heilsa

## Nudd


THAI Nuddstofan

Thai- nuddstofan hjá Joom hefur stækkað og hefur flutt að Háaleitisbraut 58-60, 2 hæð t.h
Boðið er upp á thailenskt teygju og olíunudd auk annarra nuddtegunda
Pantanir í síma 8923899.


# Heimilið

## Barnavörur


Barnið Okkar



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is


# Tómstundir & Ferðir

## Hestamennska


FÁKUR

**AÐALFUNDUR HESTAMANNAFÉLAGSINS FÁKS**
Aðalfundur Hestamannafélagsins Fáks verður haldinn í Félagsheimili Fáks miðvikudaginn 4. apríl klukkan 20:00.
Á dagskrá fundarins eru kosningar og venjuleg aðalfundarstörf.


# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði


**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is


## Hönnun


KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com


# Atvinna

## Atvinna í boði


**SÖLUMENN ÓSKAST.**
Óska eftir duglegum sölumönnum um allt land til að selja USB lykil sem á er digital bók. Um er að ræða ný trúabrögð sem er kristinn nýaldartrú. Sala fer þannig fram að kaupanda er boðinn lykill að himnaríki. Er þetta háheilagt sem selt er. Vinsamlegast berið virðingu fyrir því því þetta er hágæðavara. Síðan rettir sölumaður kaupanda auglýsingablað sem ég samdi sem á eru þær upplýsingar sem til þarf til að selja USB lykilinn. Ef um sölu er að ræða þá réttir sölumaður kaupanda miða og biður kaupanda að millifæra á reikning. Fær sölumaður 2000 kr eftir skatt en usb lykilllinn kostar 10 þús kr. Og unnið er á milli 12-20 alla daga. En hægt er að vinna einungis um kvöld og helgar.

Upplýsingar í síma 776-4111

Heimilisþrif is looking for people to work in home cleaning. Full time only. Working time 8-16. Driver's licence necessary. Send application to heimilisthrif@heimilisthrif.is


## Atvinna óskast


**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Hlíðarendi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 15. mars 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags Hlíðarenda. Í breytingunni felst að fallið verður frá bindandi ákvæði í deiliskipulagi um gras á þökum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Hallarmúli 2

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 15. mars 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar 2 vegna lóðarinnar nr. 2 við Hallarmúla. Í breytingunni felst m.a. að auka leyfilegt byggingarmagn, auka hæðarfjölda á lóðinni, í húsinu verður hótel, leyfilegur hæðarfjöldi eru 5 hæðir, efsta hæð inndregin frá Hallarmúla og til vesturs stallast bygging niður í fyrstu hæð, bílastæði verða fjarlægð og gerður er bílakjallari. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Suður Mjódd

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 22. mars 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar. Í breytingunni felst m.a. stækkun á lóðinni við Álfabakka 4, aukning á nýtingu og byggingarmagni ásamt hámarkshæð bygginga hækka og uppfærð á kvöðum um settjörn og legu rafstrengja. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Óðinstorg reitur 1.181.0

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 28. febrúar 2018 og borgarstjórn Reykjavíkur þann 20. mars 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.181.0. Tillagan gengur út á skilgreina borgartorg á skilgreindu svæði við Óðinstorg þar sem bílastæði eru í dag og fella niður lóðina 8a við Týsgötu sem verður hluti af nýja torginu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögur er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 28. mars 2018 til og með 9. maí 2018.** Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www.reykjavik.is*, skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 9. maí 2018. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 28. mars 2018
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is



# Til sölu
## Seylubraut 1 Reykjanesbæ



Reykjanesbær og Tjarnargata 12 ehf. auglýsa til sölu alls 4.092m2 atvinnuhúsnæði. Húsnæðið er notað sem byggða,- og slökkviliðssafn í dag. Húsnæðið liggur meðfram Reykjanesbraut á 14.490 m² leigulóð.
Húsnæðið er á þremur fastanúmerum en selst sem ein eign.

- 209-4072 iðnaðarhús samtals 1044,5m2
- 209-4074 iðnaðarhús og sérhæfð bygging samtals 2879,1m2, þar af 260fm milliloft.
- 209-4075 Skrifstofa samtals 168m2

Þeir sem vilja fá frekari upplýsingar um eignina er bent á að hafa samband við neðangreindar fasteignasölur:
Ásberg
Eignamiðlun Suðurnesja
Eignasala.is
Lögbýli Eignamiðlun
M2 Fasteignasala
Prodomo
Stuðlaberg



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

Með því að tengja hugbúnaðinn betur út fyrir verksmiðjuna og út í virðiskeðjuna í báðar áttir, til dæmis inn í verslanir, við flutningafyrirtæki eða upprunann á hráefninu, þá getum við spáð með nákvæmari hætti fyrir um það hvað muni breytast á degi tvö. Með þeim hætti getum við hjálpað viðskiptavinum við að finna út hvernig þeir ættu að haga framleiðslunni með tilliti til breyttra aðstæðna.

Hitt sóknarfærið felst í því að færast nær viðskiptavinum í matvöruverslunum og veita þeim upplýsingar um gæði vöru þegar þeir skanna strikamerki hennar í símanum sínum. Við vitum hvaðan varan kom og hvernig hún hefur verið unnin og eins höfum við upplýsingar um hvað þúsundir manna, sem hafa keypt sömu vöru frá sama uppruna, hafa gefið vörunni í einkunn.

Ég starfaði hjá Microsoft í ellefu ár, meðal annars við Xbox og Microsoft, áður en ég tók til starfa hjá Marel. Síðustu tvö árin vann ég með stórfyrirtækjum um allan heim þar sem við vorum að reyna að nýta gervigreind til þess að búa til virðisskapandi vörur.

Ég hóf störf hjá Marel síðasta haust og áttaði mig þá á því hvað tækifærið er einstakt. Það eru afar fá fyrirtæki sem hafa svo mikla innsýn í gögn sem hægt er að breyta í verðmæti. Við búum yfir ógrynni af gögnum um matvælaframleiðsluna á heimsvísu og þegar við getum tengt hugbúnaðinn út fyrir verksmiðjur komumst við í stöðu sem enginn annar er í til þess að hafa raunveruleg áhrif á gæði og framleiðslukostnað matvæla.“

### Kerfið þarf að vera öruggt

Verkefni Marel Innova eru eins mis-

## Halda utan um alla kjötframleiðslu í Úrúgvæ

Viðskiptavinir Innova eru ekki aðeins matvælaframleiðendur. Sem dæmi starfar fyrirtækið með stjórnvöldum í Úrúgvæ. „Við hjálpum stjórnvöldum þar í landi við að halda utan um alla kjötframleiðslu í landinu,“ segir Hjalti.

„Við vinnum þá með hverjum og einum framleiðanda og tryggjum að gögnin frá þeim skili sér með réttum hætti til stjórnvalda. Kjöt er gríðarlega verðmæt útflutningsvara í Úrúgvæ og skiptir því miklu máli að úrúgvæsk stjórnvöld geti sýnt fram á rekjanleika kjötsins. Nýverið sömdu þau um útflutning til Kína, en stór ástæða þess að samningar náðust var að rekjanleiki kjötsins er, þökk sé Innova-hugbúnaðinum, mun meiri en í mörgum öðrum ríkjum.“

munandi og þau eru mörg. Hjalti segir að stærstu viðskiptavinirnir eigi tugi verksmiðja og þá sé það verkefni Innova að veita fyrirtækjunum yfirsýn yfir framleiðsluna í öllum verksmiðjunum. „Auðvitað skiptir það miklu máli að vélarnar séu í góðu standi en það er ekki síður mikilvægt að hugbúnaðurinn geti haldið utan um allt framleiðsluferlið, sem getur verið afar umfangsmikið hjá stærstu framleiðendunum.“

Hann segir að fyrirtækið sé að miklu leyti að leysa flóknari vandamál í gagnagreiningu en gert er í bönkunum. „Við erum að vinna með margfalt magn þeirra gagna sem flæða inn í bankana á hverjum degi. Umfangið hjá okkur gerir það að verkum að kerfið þarf að vera fyllilega öruggt. Kerfið má ekki hætta að virka ef einhver vandi kemur upp. Það þýðir ekkert. Í raun þurfum við að setja kerfið upp líkt og um bankakerfi væri að ræða, þar sem við tryggjum að hver einasta færsla er skráð og að kerfið fari ekki á hliðina þótt það komi upp einhver vandamál.“

Innova starfar – líkt og Marel – um allan heim. Hjalti segir að aðeins lítill hluti tekna komi frá Íslandi, eða um eitt prósent veltunnar. „Við eigum í viðskiptum í flestum löndum heims þar sem finna má einhverja hátæknimatvælaframleiðslu. Við höfum sett upp hugbúnaðarkerfið okkar í um tvö þúsund verksmiðjum. Þær voru um 1.800 talsins á síðasta ári þannig að segja má að við séum að bæta við okkur allt að einni verksmiðju á dag. Við vinnum náið með viðskiptavinunum, hjálpum þeim að setja upp kerfið og ráðleggjum þeim hvernig þeir geti hámarkað framleiðnina.“

### Sum lönd eftir á í tækninni

Flestir viðskiptavinir Marel Innova eru í Evrópu og Bandaríkjunum en félagið hefur auk þess haslað sér völl í öðrum heimsálfum og einnig í meira framandi löndum, líkt og í Namibíu, Úrúgvæ og Brasilíu. „Í Suður-Ameríku og Asíu eru mikil tækifæri. Framleiðendurnir þar eru aðeins eftir á í hátækni- og hugbúnaðarvæðingunni. Um leið og þeir fara að fjárfesta af meiri mæli í sjálfvirkni og tækni skapast mikil vaxtartækifæri. Í þessum heimsálfum felst verkefnið okkar aðallega í því að aðstoða matvælaframleiðendur við að tileinka sér tæknina á meðan hlutverk okkar í Bandaríkjunum og Evrópu snýr meira að því að gera verksmiðjur, sem búa þegar við nútímatækni, hagkvæmari.

**Hér á landi þekkir fólk sjávarútveg og matvælageirann. Það hefur alist upp við sjóinn og skilur hvað það er erfitt að ná í afurðina og vinna hana.**

Sem dæmi geta verkefni okkar í Suður-Ameríku falist í einföldum hlutum á borð við að mæla hitastig og halda utan um það sem fer í gegnum verksmiðjur. Á sama tíma vinnum við að því í Bandaríkjunum að tengja saman fjöldann allan af matvinnsluvélum í tugum flókinna verksmiðja.“

Viðskiptavinir Innova séu þannig afar mislangt á veg komnir í tæknivæðingunni. Hjalti segir þó ávinninginn af tækninni það mikinn að á endanum verði framleiðendur að stíga markviss skref í þá átt. Auk þess geri stjórnvöld í mörgum ríkjum, sér í lagi í Evrópuríkjum og Bandaríkjunum, strangar kröfur til rekjanleika og gæða matvæla. „Ef framleiðendur vilja selja vörur inn á markaði þessara ríkja verða þeir að uppfylla þessar kröfur. Hugbúnaðurinn okkar getur hjálpað þeim að lækka þröskuldinn. Til þess að bregðast við ströngum kröfum neytenda og stjórnvalda hefur lausn margra minni matvælaframleiðenda falist í því að vera yfirteknir af stærri framleiðendum til þess að ná fram stærðarhagkvæmni. En með okkar hugbúnaði geta þessi fyrirtæki náð fram hagkvæmni án þess að vera seld til stærri fyrirtækja og missa þannig sérstöðuna sem felst í því að vera „lókal“-framleiðandi.“

### Mannauðurinn veitir forskot

Hjalti nefnir að Marel hafi ákveðið samkeppnisforskot þegar komi að mannauði, enda eigi fyrirtækið auðvelt með að ráða til sín hæfileikaríkt fólk sem hefur þekkingu á matvælageiranum. Það sé ólíkt mörgum tæknifyrirtækjum, til dæmis í Kísildalnum, þar sem starfsfólk þekkir lítið til geirans. „Hér á landi þekkir fólk sjávarútveg og matvælageirann. Það hefur alist upp við sjóinn og skilur hvað það er erfitt að ná í afurðina og vinna hana. Auk þess hafa margir hér á landi starfað í bönkum við að greina gögn. Þekkingin er því tvímælalaust fyrir hendi.“

Spurður um samkeppnina á mörkuðum svarar Hjalti því til að hún sé hörð en að Innova sé að mörgu leyti í einstakri stöðu. „Það sem mörg hugbúnaðarfyrirtæki, sem fara inn á markaðinn, skortir er að þau hafa ekki þessa tengingu við framleiðslutækin eins og við. Og það sama má segja um vélbúnaðarframleiðendurna sem eru í samkeppni við Marel. Þeir búa ekki við eins sterka hugbúnaðardeild og Marel. Það er þessi samblanda af vélbúnaði og hugbúnaði sem veitir Marel og Innova einstakt samkeppnisforskot. Við ætlum okkur að nýta það.“

Auk þess nefnir Hjalti að afar fáir, ef nokkrir, keppinautar Innova hafa starfað við hlutanetið allt frá árinu 1994.



# Borgarbúar njóti ágóðans



**Hildur Björnsdóttir**
höfundur skipar 2. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík



Orkuveitan er langverðmætasta eign Reykjavíkurborgar í fjárhagslegu tilliti. Borgin á tæplega 94 prósenta hlut í félaginu.

Síðasta ár námu tekjur Orkuveitunnar tæplega 45 milljörðum króna og EBIDTA um 25 milljörðum króna. Fljótt á litið virðist mikill rekstrarárangur hafa náðst. Nettóskuldir hafa lækkað niður í 125 milljarða frá árinu 2009 eða um hundrað milljarða. Því skal þó haldið til haga að í tíð núverandi borgarstjórnarmeirihluta hafa skuldir félagsins nær einvörðungu lækkað til samræmis við styrkingu krónunnar.

Að ákveðnu leyti hefur tekist að ná böndum á rekstri Orkuveitunnar eftir langan óstjórnartíma. Orkuveitan bjó við þann lúxus – ólíkt öðrum fyrirtækjum – að geta velt rekstrarvandræðum nær alfarið yfir á borgarbúa. Tækifæri til samninga við kröfuhafa voru vannýtt. Hagræðing í rekstri gekk of skammt. Skorið var niður í nauðsynlegu viðhaldi og endurnýjun innviða. Helsta aðgerðin fól í sér um 30 prósenta gjaldskrárhækkun með einu pennastriki. Gjaldskrár héldu áfram að hækka talsvert næstu árin. Með öðrum orðum: Borgarbúar greiddu einir fyrir fjárhagslega óstjórn Orkuveitunnar.

Hlutverk Orkuveitunnar er einfalt. Hún skal veita borgarbúum grunnþjónustu á góðu verði – í sátt og samlyndi við náttúruna. Opinberir aðilar bera ríkar skyldur í þessum efnum. Þessum skyldum er ekki sinnt.

Hagspá Orkuveitunnar gefur fyrirheit um 15 milljarða arðgreiðslur til eigenda. Þegar hafa 750 milljónir króna verið greiddar. Áform standa til ríflega 14 milljarða arðgreiðslna næstu sex árin. Sömu fjárhæð mætti nýta til gjaldskrárlækkana sem að meðaltali myndu spara hverju heimili í borginni nærri 50 þúsund krónur árlega. Það samsvarar tæplega 300 þúsund krónum næstu sex árin. Í hagspá er ekki gert ráð fyrir umfangsmiklum gjaldskrárlækkunum. Lítið gert svo bjóða megi grunnþjónustu á góðu verði.

Orkuveitan stendur frammi fyrir umhverfislegum áskorunum. Fréttir berast af brennisteinsvetnismengun frá Hellisheiðarvirkjun og örplast í skólpvatni er nú þekkt umhverfisvandamál. Ekki er gengið nægilega langt svo koma megi alfarið í veg fyrir vandann. Ýmislegt skortir svo félagið starfi í sátt og samlyndi við náttúruna.

Árangur í rekstri Orkuveitunnar var fenginn með gjaldskrárhækkunum, frestun nauðsynlegra fjárfestinga og fádæma heppni með ytri aðstæður. Ávinninginn ætlar núverandi meirihluti að setja beint í bauk borgarsjóðs. Takmörkuð áform standa til gjaldskrárlækkana. Þetta er kunnuglegt stef hjá stjórnmálafólki – kunnuglegur freistnivandi meirihlutans – engum er betur treystandi fyrir peningum en kjörnum fulltrúum.

Við aðhyllumst ekki sama stef. Við teljum engum betur treystandi fyrir fjármunum en einmitt þeim sem afla þeirra. Borgarbúum. Rekstrarárangur Orkuveitunnar á mun fremur að renna beint til réttilegra eigenda Orkuveitunnar – borgarbúa – með lækkun gjaldskrár. Það er ekki lögmál að skattar og gjöld geti eingöngu hækkað en aldrei lækkað. Við viljum minnka álögur.

Við teljum rétt að Reykjavíkurborg, og aðrir eigendur Orkuveitunnar, hverfi frá himinháum arðgreiðslum. Gjaldskrár Orkuveitunnar verði lækkaðar til samræmis. Ávinningurinn er tvíþættur. Orkuveitan færist nær hlutverki sínu sem orkufyrirtæki í almannaeigu – og borgarbúar fá bót í heimilisbókhaldið.










ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA
UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

# Verður stjórnvitið í askana látið?



**Jóhann Viðar Ívarsson**
sérfræðingur í mati á rekstri fyrirtækja hjá IFS

Einn þáttur í greiningu á rekstri fyrirtækja hefur mér alltaf þótt áhugaverður. Það er hvort og þá hvaða samband er á milli stjórnarhátta og stefnumótunar fyrirtækja og virðissköpunar. Sé um þokkalega skýrt samband að ræða geta þeir sem af ýmsum ástæðum rýna í framtíðarárangur fyrirtækja nýtt sér þá þekkingu til að meta horfur þeirra. Þetta geta verið greinendur, lánveitendur, hluthafar, stjórnarmenn, stjórnendur, birgjar, samstarfsfyrirtæki, starfsmenn og fleiri hópar. Og þá verða stjórnarhættir fyrirtækja óhjákvæmilega ein meginbreytan sem horft er til við mat á líklegri framtíð þeirra, ásamt mati á öðrum mikilvægum stærðum. Hins vegar er einnig hugsanlegt að stjórnarhættir og stefnumótun hafi lítið spágildi. Reyndin er að hópur forríkra viðskiptamógúla á Íslandi og erlendis gefur lítið fyrir stjórnarhætti og stefnumótun. Flestir þeirra eiga það sameiginlegt að leggja meiri áherslu á að láta innsæi ráða för í viðleitni við að bregðast rétt við breytingum á markaði. Hefur það reynst þeim vel!

**Vera sífellt á tánum!**

Þeir sem gera lítið úr gildi formlegra stjórnarhátta og stefnumótunar í fyrirtækjarekstri sjá að mínu mati ekki skóginn fyrir trjánum í veigamiklum atriðum. Þar má nefna að þótt til séu mörg dæmi um góðan árangur án áherslu á þessa hluti sannar það á engan hátt fánýti þeirra. Í öllum samfélagslegum hópum kemur fram dreifing á niðurstöðum sem byggist meðal annars á óstýranlegum tilviljunum. Þetta á meðal annars við um rekstur fyrirtækja. Þessu ætla ég ekki að vera rök fyrir því að láta kylfu ráða kasti í rekstri, fjarri því. Gott innsæi og þekking á markaði er mikilvæg hverjum atvinnurekanda. En á móti hverjum einum sem hefur náð góðum árangri og gerir lítið úr mikilvægi skipulagðra vinnubragða er hætt við að séu margir svipaðir sem eru í basli eða hafa keyrt rekstur sinn í þrot, til tjóns fyrir sjálfa sig, hóp aðila í kringum þá og samfélagið sem þeir eru hluti af. Það er þegar gott rekstrarvit eigenda og stjórnenda er beislað með skipulegum, faglegum vinnubrögðum, sem miða að því að grípa bæði tækifærin til skamms og lengri tíma, að góðir hlutir hafa tilhneigingu til að gerast. Það sýna mér fjöldamörg dæmi úr íslensku atvinnulífi sem annars staðar.

Stundum heyrist að íslenskt atvinnulíf sé svo sveiflukennt að minni ástæða sé fyrir fyrirtæki að vinna skipulega, langt fram í tímann að uppbyggingu rekstrar síns. Mikilvægara sé að bregðast hratt við



sveiflunum og hverja maður þekkir í Rótarý. En þá gleymist að þetta eru alls ekki gagnkvæmt útilokandi kostir heldur styrkir hvor hinn. Mikilvægi reglubundins vinnulags og langtímahugsunar er síst minna á Íslandi en annars staðar, raunar enn meira vegna sveiflnanna í okkar ágæta hagkerfi. Hér er rétt að halda því til haga að afar mikilvægur hluti skipulegrar langtímahugsunar í rekstri er að greina allt það sem komið getur upp í honum og haft þýðingu fyrir hann, setja niður af ígrundun og án tímaskorts hver séu bestu viðbrögðin við hverri sviðsmynd og hverjir eigi að koma að þeim. Allir þeir séu vel upplýstir um áætlanirnar fyrir fram. Stefnumótun er ekki bara setning metnaðarfullra markmiða og kortlagning leiða að þeim, þótt það hlutverk sé mikilvægt.

**Raundæmin mýmörg**

Fjöldi dæma er úr íslensku atvinnulífi bara á síðustu misserum um hraða þróun þar sem góðir stjórnarhættir og stefnumótun kom eða hefði komið að miklu gagni. Mikilvægir markaðir lokast skyndilega af pólitískum ástæðum og finna þarf nýja og laga vörurnar að þeim. Samkeppniseftirlitið tekur fyrirtækið til rannsóknar, stormar inn á skrifstofur þess og fjölmiðlar fjalla ítarlega um málið. Tölvuþrjótar brjótast inn og dreifa trúnaðarupplýsingum um viðskiptavinina. Fyrirtækið hefur snarstækkað í gegnum samruna en nýja heildin virkar ekki sem skyldi, arðsemin hefur hríðfallið og hlutabréfaverðið með. Risastór erlendur samkeppnisaðili kemur inn á markaðinn og hrifsar til sín verulega hlutdeild frá fyrsta degi.

Mín skoðun um tíðina á samhengi stjórnarhátta fyrirtækja og virðissköpunar segir mér að sambandið er býsna sterkt. Óþarfi er að setja nöfn fyrirtækja við dæmin; þau skipta ekki máli heldur skilningurinn á mikilvægi þess ásetnings að átta sig fyrir fram á sem flestum mögulegum breytingum í óvissri framtíð og vinna bæði langtímasviðsmyndir og viðbragðsáætlanir miðað við þær. Síðan er ekki hægt að gera of mikið úr mikilvægi þess að hafa afrakstur þessarar vinnu ávallt uppi á borðum en ekki ofan í skúffu, laga hann reglubundið og við markverðar breytingar að nýjum aðstæðum og læra sífellt af þeim mismun sem kemur fram á milli áætlunar og veruleika.

**Það er þegar gott rekstrarvit eigenda og stjórnenda er beislað með skipulegum, faglegum vinnubrögðum, sem miða að því að grípa bæði tækifærin til skamms og lengri tíma, að góðir hlutir hafa tilhneigingu til að gerast.**




ÚTBOÐ Á AÐSTÖÐU UNDIR VEITINGAREKSTUR Í FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Isavia leitar að aðila með góða reynslu af veitingarekstri og hefur yfir að ráða vörumerki sem býður upp á afgreiðslu á mat úr fersku hráefni á innan við tveimur mínútum. Gerð er krafa um að viðkomandi bjóði upp á pítsur í sneiðum, fersk salöt o.fl.

Staðsetning: 2. hæð í suðurbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

Samningstími: Fjögur ár með möguleika á tveggja ára framlengingu

Nánari upplýsingar má nálgast í útboðslýsingu sem er aðgengileg á útboðsvef Isavia.

FREKARI UPPLÝSINGAR
ISAVIA.IS/VEITINGAREKSTUR

isavia

# Skotsilfur

## Auðvelt val



Tilkynnt var í síðustu viku að tólf umsækjendur væru um embætti aðstoðarseðlabankastjóra. Flestir sem til þekkja telja augljóst að **Jón Þ. Sigurgeirsson**, framkvæmdastjóri alþjóðasamskipta og skrifstofu seðlabankastjóra, eigi þar að verða fyrir valinu. Jón hefur verið á meðal æðstu stjórnenda Seðlabankans um áralangt skeið, þar sem hann hefur einkum séð um samskipti bankans við AGS og lánshæfismatsfyrirtækin, auk þess að hafa leikið stórt hlutverk í framkvæmdahópi stjórnvalda sem útbjó áætlun um afnám hafta 2015. Færri vita hins vegar að hann hefur síðustu ár einnig verið í stjórn gríska Fjármálastöðugleikaráðsins. Þar hefur Jón unnið að því risavaxna verkefni, ásamt öðrum evrópskum seðlabankamönnum, að endurreisa gríska fjármálakerfið. Það ætti því að reynast Katrínu Jakobsdóttur auðvelt að velja eftirmann Arnórs Sighvatssonar í embættið, standi vilji hennar á annað borð til þess að ráða hæfasta umsækjandann.

## Yfirskuldsett



Í tilkynningu RÚV vegna ársuppgjörs félagsins fyrir síðasta ár er mikið gert úr skuldalækkun félagsins í fyrra sem sögð hafa verið sú mesta í sögu þess. Þegar litið er á sjálfan ársreikninginn blasir hins vegar önnur mynd við. Ríkisútvarpið, sem er stýrt af **Magnúsi Geir Þórðarsyni,** er skuldsett upp fyrir haus en skuldirnar voru alls 6,2 milljarðar í lok ársins borið saman við 6,0 milljarða í árslok 2016. Er sérstaklega tekið fram í reikningnum að þegar fram líða stundir muni RÚV ekki geta – vegna skuldastöðunnar – staðið undir greiðslum afborgana af láni Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

## Til Íslenskra fjárfesta



**Tómas Karl Aðalsteinsson**, sem starfaði áður sem sjóðstjóri hjá Stefni, hefur gengið til liðs við verðbréfafyrirtækið Íslenska fjárfesta þar sem hann mun stýra erlendum sjóðum fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur auk þess ákveðið að færa sig um set en það hefur tryggt sér húsnæði á Skólavörðustíg. Bætist hann þar í hóp þeirra Hannesar Árdals og Sigurðar Hreiðars Jónssonar,

## Versta vikan í yfir tvö ár




Ekki blés byrlega á hlutabréfamörkuðum vestanhafs í síðustu viku en bandarískar hlutabréfavísitölur lækkuðu þá meira en í nokkurri annarri viku frá byrjun árs 2016. Ýmislegt er talið skýra lækkanirnar, svo sem auknar líkur á viðskiptastríði á milli Bandaríkjanna og Kína, hærri stýrivextir í Bandaríkjunum, enn frekari mannabreytingar í starfsliði Bandaríkjaforseta og ekki síst hneykslið í kringum gagnanotkun Facebook og Cambridge Analytica. Hlutabréf tóku hins vegar við sér á nýjan leik á mánudag þegar fregnir bárust af sáttaviðræðum bandarískra og kínverskra stjórnvalda. NORDICPHOTOS/GETTY

# Val endurspeglar sjálfsmynd



**Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Takist það verkefni að rækta orðspor Íslands enn frekar mun það skila sér í aukinni eftirspurn eftir íslenskri náttúru, vörum og þjónustu. Þar með verða til aukin verðmæti sem skila sér í auknum lífsgæðum landsmanna. Orðspor má meðal annars rækta með því að framleiða gæði og þar ættu Íslendingar að standa vel að vígi. Það er ekki nóg að aðrir hafi áhuga á þessum íslensku gæðum heldur þurfa heimamenn að sækjast eftir þeim líka. Hið opinbera ræður miklu um hvernig til tekst og hljóta ráðamenn að vinna að þessu.

**Ræktum orðspor**

Ráðherrar voru nýverið spurðir að því hversu hátt hlutfall íslenskra matvæla væri í innkaupum ráðuneytisins. Þessi fyrirspurn þingmanns er áhugaverð því að grunni til snýst hún um vitund ráðamanna um að velja íslenskar vörur. Svörin komu ekki á óvart en heilt yfir leitast ráðuneytin við að velja íslensk matvæli. Þetta er jákvætt því þannig er orðspor landsins ræktað og verðmætasköpun aukin með jákvæðum áhrifum á lífsgæði landsmanna.

**Hljóð og mynd**

Kanslari Þýskalands myndi ekki aka um á bandarískum bíl heldur kæmu þýskir bílar aðeins til greina. Í Danmörku prýðir dönsk hönnun opinberar byggingar. Mörg fleiri dæmi mætti taka en myndin er skýr. Þetta val er hluti af sjálfsmynd viðkomandi þjóða.

Húsgögn prýða allar byggingar og það á að vera sjálfsagt mál að íslensk húsgögn sjáist í öllum opinberum byggingum, ekki síst þeim sem almenningur á erindi um í einhverjum mæli. Ráðuneytin eru dæmi um það. Á fyrstu þremur mánuðum nýrrar ríkisstjórnar greiddu ráðuneyti um 12 milljónir fyrir húsgögn ef marka má upplýsingar á vefnum opnirreikningar.is. Þar af voru 10 milljónir greiddar fyrir innflutt húsgögn eða 84% af innkaupunum á umræddu tíma-

> **Kanslari Þýskalands myndi ekki aka um á bandarískum bíl heldur kæmu þýskir bílar aðeins til greina.**

bili. Á það hefur verið bent að skandinavísk hönnun er áberandi í opinberum byggingum og þannig fara tækifæri til að rækta orðspor Íslands forgörðum. Það er miður og tefur þessa mikilvægu uppbyggingu.

**Hönnun er samtal**

Hönnun er að grunni til samtal milli þriggja aðila: hönnuðar, framleiðanda og notanda. Hönnuðir höfða til síbreytilegra þarfa notenda og þurfa að taka mið af hinu mögulega við framleiðslu. Með vali sínu hafa notendur mikil áhrif á hönnun. Framfarir í tækni og framleiðslu auka möguleika á því að láta hönnun verða að veruleika. Það samtal sem hönnun er á að sjálfsögðu að eiga sér stað hér á landi ekki síður en annars staðar. Þetta þurfum við öll að hafa í huga, ekki síst hið opinbera.

**Kaupum gæði**

Hið opinbera eyðir 45 krónum af hverjum 100 krónum sem eytt er í hagkerfinu. Með réttu vali má því hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu atvinnugreina með tilheyrandi störfum og verðmætasköpun hérlendis.

Það skiptir því talsverðu máli hvernig opinberum innkaupum er hagað því þannig má hafa jákvæð áhrif á þróun á markaði. Hið opinbera getur einnig verið drifkraftur nýsköpunar og lagt mikið af mörkum til sjálfbærrar þróunar eins og segir í svari forsætisráðherra við fyrrgreindri fyrirspurn. Einnig er bent á það í svari ráðherrans að með lögum um opinber innkaup sem tóku gildi haustið 2016 sé aukin áhersla á „vistvæn“ innkaup.

Þannig er í auknum mæli horft til gæða, umhverfisverndar, t.d. loftslagmála og kolefnisfótspors vöru, félagslegra markmiða og nýsköpunar. Þar standa íslenskir framleiðendur sterkt auk þess að bjóða samkeppnishæf verð. Nýta þarf hvert tækifæri til þess að auka veg íslenskrar framleiðslu og hönnunar og rækta þannig orðspor landsins með tilheyrandi verðmætasköpun.

# Hálfur lífeyrir



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Skerðingar á greiðslum Tryggingastofnunar (TR) eru með eldfimari umræðuefnum. Sitt sýnist hverjum um hlutverk stofnunarinnar og hvað teljist sanngjarnt þegar kemur að samspili tekna og greiðslna en lítið er þó rætt um hálfan lífeyri, nokkuð undarlega nýjung sem kynnt var til leiks um áramótin.

Greiðslur lífeyris TR skerðast vegna tekna. Hlutfallið er 45% hjá sambúðarfólki og 56,9% hjá þeim sem búa einir. Á þessu eru þó undantekningar. Almennt frítekjumark er 25.000 kr. á mánuði og að auki er sérstakt 100.000 kr. frítekjumark vegna launatekna. Þá hefur séreignarsparnaður engin áhrif á greiðslur ellilífeyris. Þetta á við um hefðbundna töku greiðslna frá stofnuninni en hálfur lífeyrir skerðist hins vegar ekki um krónu vegna tekna, hvernig svo sem staðið er á því.

Hálfan lífeyri er hægt að sækja um að því gefnu að við höfum náð 65 ára aldri og sótt um slíkar greiðslur samtímis hjá TR og lífeyrissjóðum. Samanlagður hálfur lífeyrir frá stofnunni og lífeyrissjóðum verður að lágmarki að jafngilda fullum lífeyri hjá TR. Séu lífeyrisréttindi mjög lítil er því ekki hægt að sækja um þessa útfærslu.

Hugmyndin er ágæt. Það getur verið freistandi að minnka við sig starfshlutfall en ekki víst að fjárhagur fólks leyfi að tekjurnar minnki. Því er brugðið á það ráð að heimila okkur að sækja hálfar greiðslur frá lífeyrissjóðum og TR til að minnka tekjutapið. Það er þó eilítið sérstakt að þeir sem kjósi þessa leið sleppi alfarið við skerðingar. Sá sem safnað hefur góðum lífeyrisréttindum, segjum 600.000 kr. á mánuði, veit að hann mun ekki fá neinar greiðslur frá Tryggingastofnun þegar hann hættir að vinna.

Sé sótt um hálfan lífeyri myndast allt í einu réttindi, yfir 100.000 krónum á mánuði. Er nema von að fjármál við starfslok flækist fyrir mörgum?



*Afgreiðslutími um páska*
*Virka daga 11-18 - Laugardaga 11-16*
*Opið Skírdag 12-16*
*Lokað föstudaginn langa*
*Páskadag og annan í páskum*

# PÁSKATILBOÐ

LANDMANN Your World of BBQ




Verð áður 39.900
**34.900**
2 brennarar
Grindur úr pottjárni

LANDMANN gasgrill HERON 3ja brennara




Verð áður 44.900
**39.900**

LANDMANN Your World of BBQ



Verð áður 22.900
**18.900**
Verð áður 22.900
**18.900**
Verð áður 34.900
**29.900**

## LANDMANN gasgrill
TRITON 2ja brennara




Verð áður 59.900
**52.900**

## LANDMANN gasgrill
TRITON 3ja brennara 10,5 KW




Verð áður 74.900
**64.900**
3 litir

## LANDMANN gasgrill
TRITON 4ra brennara 14,8 KW




Verð áður 89.900
**79.900**
3 litir

## LANDMANN gasgrill
AVALON 4ra brennara




Verð áður 129.900
**109.900**

## LANDMANN gasgrill
AVALON 5 brennara




Verð áður 229.900
**209.900**

## LANDMANN Reykofn
Gaskynntur



Verð áður 44.900
**39.900**

Viðarspænir
10 gerðir




**Komdu, skoðaðu og fáðu faglegar ráðleggingar**

LANDMANN 50 ÁRA

# Grillbúðin
SÉRVERSLUN MEÐ GRILL OG GARÐHÚSGÖGN

**Smiðjuvegi 2, Kópavogi** (við hliðina á Bónus) | **Sími 554 0400** | grillbudin.is

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 28. mars 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins @frettabladid

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Ekkert aðhald

**RÚV** birti ársreikning sinn fyrr í vikunni. Af ýmsu er að taka þótt blaðamenn virðist engan áhuga hafa á öðru en launatékka útvarpsstjóra. Þannig má sjá að tekjur RÚV vegna almannaþjónustu, það er skatttekjur, jukust um hátt í tíu prósent á árinu. Tekjur vegna auglýsingasölu jukust sömuleiðis eða um tæpar 100 milljónir.

**Athygli vekur** að gjöld vegna almannaþjónustu eru tæpir 5,2 milljarðar, eða með öðrum orðum þeir ríflegu 4 milljarðar sem RÚV fær árlega í forgjöf frá ríkinu duga ekki fyrir rekstri fjölmiðlaþjónustu félagsins. Það sem upp á vantar fæst með þátttöku RÚV á auglýsingamarkaði í samkeppni við einkaaðila. Þrátt fyrir þessa miklu meðgjöf bæði frá skattgreiðendum og þátttöku á auglýsingamarkaði með tilheyrandi tjóni fyrir keppinautana, nemur rekstrarhagnaður eftir að leiðrétt hefur verið fyrir einskiptiskostnaði tæpum hálfum milljarði. Langtímaskuldir RÚV nema sex til sjöfaldri þeirri upphæð og því ljóst að stofnunin telst óhemju skuldsett í öllum samanburði.

**Í skýrslu stjórnar RÚV** segir að rekstRurinn hafi verið endurskipulagður undanfarin ár og að umtalsverður viðsnúningur hafi orðið. Hið rétta er að sú rekstrarbót sem orðið hefur er nær einungis vegna sölu á lóðarréttindum sem RÚV fékk í vöggugjöf. Ef nánar er að gáð virðist alls ekkert aðhald vera í rekstrinum. Eins og áður sagði jukust skatttekjur félagsins um tæpan tíunda hlut. Á sama tíma jókst launakostnaður um tæpar 70 milljónir og stöðugildum fjölgaði. RÚV keypti sömuleiðis varanlega rekstrarfjármuni fyrir ríflega 540 milljónir! Hið síðastnefnda ætti í raun að vera sérstakt rannsóknarefni.

**Því virðist sem** eina aðhaldið í rekstri RÚV á árinu hafi falist í hækkun álagna á almenning. Ljóst er að allir þeir tíu stjórnarmenn RÚV sem skrifa undir ársreikninginn þurfa að hugsa sinn gang. Kannski væri fyrsta skrefið að leggja niður störf að minnsta kosti helmings þeirra.

**Löngu er tímabært** að stjórnvöld taki á málefnum RÚV. Hver menntamálaráðherrann á fætur öðrum hefur drepið málinu á dreif. Nú síðast með skipan nefndar um annars ágæta niðurstöðu annarrar nefndar. Ársreikningur RÚV er lifandi dæmi um hættu þess að vera með tekjur í áskrift. Óráðsían með almannafé er allt að því áþreifanleg, og tjónið sem stofnunin veldur keppinautum sínum löngu þekkt stærð.

# Hætt sem framkvæmdastjóri Gló

Stjórn veitingahúsakeðjunnar Gló og Petrea Ingileif Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri hafa komist að samkomulagi um að hún láti af störfum hjá félaginu, samkvæmt heimildum Markaðarins. Petrea var ráðin framkvæmdastjóri Gló í ágúst á síðasta ári.


**Petrea Ingileif Guðmundsdóttir.**

Petrea annaðist daglegan rekstur Gló hér á landi en í tilkynningu vegna ráðningarinnar í fyrra kom fram að áhersla yrði lögð á að sækja aukinn vöxt og auka arðsemi félagsins.

Petrea hefur lengst af starfað á sviði fjarskipta og afþreyingar en hún hefur meðal annars verið framkvæmdastjóri Tals og gegnt stjórnunarstöðum hjá Símanum, 365 og Skjánum.

Gló er í meirihlutaeigu Eyju fjárfestingafélags, sem er í eigu hjónanna Birgis Þórs Bieltvedt og Eyglóar Bjarkar Kjartansdóttur, en auk þess eiga meðal annars hjónin Sólveig Eiríksdóttir og Elías Guðmundsson og fjárfestirinn Ólafur Steinn Guðmundsson hlut í Gló. **– kij**

**23.03.2018**

**Höft, hvort heldur innflæðishöft eða útflæðishöft, geta aldrei verið til lengri tíma hluti af einhverju hagstjórnartæki.**


Óli Björn Kárason, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

FLAGGSKIPIÐ FRÁ JEEP®
GRAND CHEROKEE SUMMIT
DÍSEL 3.0L V6 250 HÖ.
8 GÍRA SJÁLFSKIPTING

Jeep®



JEEP® GRAND CHEROKEE SUMMIT VERÐ FRÁ 11.490.000 KR.

Hátt og lágt drif, loftpúðafjöðrun, fjarlægðarstilltur hraðastillir, 20" álfelgur, 8,4" snertiskjár, lykillaust aðgengi og ræsing, rafdrifin sportsæti frammi í með hita og kælingu, sjálfvirk tveggja svæða miðstöð með loftkælingu, upphitaðir hliðarspeglar, regnskynjari, panorama opnanlegt glerþak, leðurinnrétting, rafdrifinn afturhleri, íslenskt leiðsögukerfi, akgreinavari, árekstrarvari, blindhornsvörn, leggur sjálfur í stæði, Harmon Kardon hljómflutningstæki, 19 hátalarar o.fl.

Umfram í **SUMMIT SIGNATURE:** Platinum útlit, dökk gráar Gunmetal álfelgur, upplýst Summit merki í hliðarfölsum, Platinum grill og afturljós, Signature lúxusinnrétting, Blue-Ray DVD með 2 skjáum aftur í, 2x þráðlaus heyrnartól og fjarstýring.
**VERÐ FRÁ: 12.790.000 kr.**



GRAND CHEROKEE FRÁ KR. 8.690.000
CHEROKEE FRÁ KR. 6.390.000
COMPASS FRÁ KR. 5.490.000
RENEGADE FRÁ KR. 4.390.000
WRANGLER

ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
AFLMIKLAR EYÐSLUGRANNAR DÍSELVÉLAR

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.jeep.is
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Eignasala.is

LS S: 420 6070 • LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA • FASTEIGNASALA

Hafnargata 90, 230 Reykjanesbæ. www.eignasala.is

*Júlíus M Steinþórsson Lögg, fasteigna, fyrirtækja og skipasali*



## Lerkidalur 2-20, Reykjanesbæ

**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG FRÁ KL.17:15-18:15**

Raðhús án bílskúrs í nýbyggingum í Dalshverfi Reykjanesbæ. Framtíðarheimili á frábæru verði.

**3. herb. íbúð 104m² Verð kr.37.900.000.-**
**4. herb. íbúð 117m² Verð kr.42.900.000.-**



Nýbýlavegur 8. - 200 Kópavogur - S: 527 1717 - domusnova@domusnova.is - www.domusnova.is



## ATVINNUTÆKIFÆRI

**Gistiheimili í fullum rekstri til sölu.**

**FRÁBÆRT TÆKIFÆRI TIL AÐ HEFJA EIGIN REKSTUR.**

Nýuppgert 488,1m² gistiheimili með 14 herbergjum, 10 tveggja manna herbergi, 4 þriggja manna herbergi. Gistihúsið er mjög vel staðsett á Suðureyri við Súgandafjörð. Það er steinhús sem nýlega er búið að einangra klæða og endurnýja glugga og gler og innrétta allt á glæsilegan máta. **Verð 42,5 milljónir.**

**Allar nánari upplýsingar veita Haukur Halldórsson hdl./ löggiltur fasteignasali og Árni Helgason í s. 663 4290 eða arni@domusnova.is**

DOMUSNOVA Fasteignasala

Ábyrgðarmaður Domusnova: Haukur Halldórsson, hdl., lgf.



## Aflamark Byggðastofnunar

### – boð um samstarf á Raufarhöfn

Byggðastofnun auglýsir eftir samstarfsaðilum um nýtingu viðbótaraflaheimilda á **Raufarhöfn í Norðurþingi.** **Um er að ræða 200 þorskígildistonn vegna fiskveiðiársins 2017/2018.** Um úthlutun og ráðstöfun aflamarksins gilda ákvæði reglugerðar nr. 643/2016.

Nánari lýsingu á verkefninu er að finna á vef Byggðastofnunar **www.byggdastofnun.is.**

Umsóknir skal senda til Byggðastofnunar, á netfangið postur@byggdastofnun.is fyrir **kl. 12:00 fimmtudaginn 12. apríl 2018.** Nánari upplýsingar veitir Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði.

BYGGÐASTOFNUN Sími: 455 54 00 Fax: 455 54 99 postur@byggdastofnun.is byggdastofnun.is


Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Vesturlandsvegur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 22. mars 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu um nýtt deiliskipulag fyrir Vesturlandsveg. Afmörkun fyrirhugaðs deiliskipulags er frá sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ að afleggjaranum inn í Hvalfjörð. Um er að ræða 14 km. kafla ásamt helgunarsvæði. Markmið framkvæmda og skipulagsins er að vegurinn verði endurbættur til að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð. Stefnt er að 2+1 vegi á stærstum hluta deiliskipulagsins og fækkun tenginga við þjóðveginn með gerð hliðarvega. Með skipulaginu næst jafnframt yfirlit yfir tengingar fyrir hliðarvegi, stíga og reiðleiðir auk fleiri umferðaröryggismála sem þarf að útfæra í skipulagi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Kjalarnes, Árvellir

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 22. mars 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Árvalla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst, vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg, að afmörkun skipulags Árvalla er breytt þannig að þau miða við veghelgunarsvæði vegarins. Einnig breytist aðkoman að svæðinu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Kjalarnes, Grundarhverfi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 22. mars 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis á Kjalarnesi. Í breytingunni felst, vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg, að afmörkun skipulags Grundarhverfis er færð til vesturs frá Vesturlandsvegi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Kjalarnes, Mógilsá

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 22. mars 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Mógilsá Kollafjarðar á Kjalarnesi. Í breytingunni felst, vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg, að mörk lóðar Þ1 færast norðar á 150 m kafla. Samhliða því minnkar lóðin, heimilt byggingarmagn á reit A er aukið og skilmálum um leyfilega þjónustu breytt. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Kjalarnes, Saltvík

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 22. mars 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst, vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg, að afmörkun skipulags Saltvíkur er fært í suðvestur fjær Vesturlandsvegi og miðast við veghelgun vegarins. Einnig færist vegtenging við Vesturlandsveg inn á nýjan hliðarveg. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Kjalarnes, Skrauthólar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 22. mars 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skrauthóla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst, vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg, að afmörkun skipulags Skrauthóla er fært austur fyrir Vesturlandsveg. Einnig er lega reiðleiðar færð austur fyrir Esjuveg og afmörkun græna trefilsins leiðrétt. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Kjalarnes, Vallá

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 22. mars 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vallá á Kjalarnesi. Í breytingunni felst, vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg, að afmörkun vesturhluta skipulags Vallá er fært austar nær býlinu. Einnig er lega aðkomuvegar breytt vegna nýrra akfærra undirganga undir Vesturlandsveg. Nýr hliðarvegur er áætlaður vestan við Litlu Vallá, ný tenging og reiðleiðar er færð austur fyrir Esjuveg. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig sjá og fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 28. mars 2018 til og með 9. maí 2018.** Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is*****, skipulag í kynningu.** Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 9. maí 2018. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 28. mars 2018
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is




## Merkisatburðir

**845** Víkingar ráðast á París og ræna og rupla. Heimildir greina frá því að í fararbroddi hafi verið víkingur að nafni Reginherus sem sumir halda að hafi verið Ragnar loðbrók, en samkvæmt öðrum frásögnum var hann uppi heilli öld fyrr.

**1696** Konungur lagði þá kvöð á Íslendinga að senda skyldi þrjá menn úr hverri sýslu, þrjátíu alls, til að þjóna í flota eða landher Danaveldis.

**1875** Öskjugos hefst. Það er talið eitt mesta öskugos á Íslandi eftir að land byggðist. Þegar gosið hafði staðið í hálfan annan sólarhring urðu menn varir við gosmökkinn í Svíþjóð. Gosið varð til þess að mikill fjöldi íbúa á Austfjörðum fluttist til Vesturheims á næstu árum.

**1881** Tveir menn ganga á hafís alla leiðina frá Siglufirði til Akureyrar. Þessi vetur var með þeim hörðustu sem vitað er um á Íslandi.

**1909** Safnahúsið við Hverfisgötu (sem nú heitir Þjóðmenningarhúsið) vígt. Í upphafi hýsti húsið Forngripasafnið, Landsbókasafnið, Þjóðskjalasafnið og Náttúrugripasafnið.

**1929** Nýtt geðsjúkrahús tekur til starfa á Kleppi.

**1956** Alþingi samþykkir (31 gegn 18) að Bandaríkjaher skuli yfirgefa Ísland enda eigi ekki að vera her í landinu á friðartímum. Viðræðum um brottför hersins var frestað í nóvember vegna uppreisnarinnar í Ungverjalandi.

**2007** Frumvarp um Vatnajökulsþjóðgarð samþykkt á Alþingi.




**Það er mikill húmor í nýrri auglýsingu Sodastream þar sem Hafþór, þessi risavaxni maður, er látinn sitja meðal annars í pínulitlu baðkari sem að sjálfsögðu notast við nýjustu tækni fyrirtækisins.** MYND/SKJÁSKOT

# Hafþór Júlíus Björnsson og kærasta í 1. apríl gríni

**Kraftajötunninn Hafþór Júlíus Björnsson og kærasta hans, Kelsey Henson, eru meðal þeirra sem eru með í alþjóðlegri auglýsingu þar sem SodaStream gerir grín að kynningarauglýsingum. Tilefnið er 1. apríl og mun auglýsingin birtast um allan heim í dag.**

Venjulega held ég einkalífi mínu fyrir mig og þegar SodaStream kom með þá tillögu að Kelsey myndi líka vera með í myndskeiðinu var ég svolítið efins, en eftir einn eða tvo daga ákváðum við að láta slag standa. Kvikmyndatökuliðið var mjög afslappað og við hlógum mikið. Þetta var í fyrsta skipti sem Kelsey reyndi fyrir sér sem leikari og ég fékk þá tækifæri til að kynna fyrir henni þennan heim og gefa henni nokkur ráð. Það var dásamlegt að sjá hana vera með og hún studdi við bakið á mér," segir Hafþór.

Hann er hluti af auglýsingaherferð SodaStream sem efnt er til í tilefni af fyrsta apríl. Auglýsingin gengur út á það með því að nota sömu tækni og áður getur hver og einn sett SodaStream í baðkarið sitt og jafnvel vatnsrúmið. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Hafþór vinnur með SodaStream.

Ásamt raunveruleikastjörnunni Reza Farahan kynna þau Hafþór og Kelsey „SodaSoak" – sem er þróað út frá kolsýrutækjum SodaStream og getur myndað „ohmygush-loftbólur" fyrir baðkör og vatnsrúm.

Þessi nýþróaða vara virkar sem viðbótaruppsetning og gerir það mögulegt fyrir notandann að bæta við súrefni og þar með loftbólum í baðkarið sitt. Hægt er að kaupa vöruna hjá GetSodaSoak.com á frábæru verði, með 98% afslætti.

„Ég naut þess virkilega að taka upp þetta myndskeið og ég vona að fólk skemmti sér yfir brandaranum," bætir Hafþór við.

Fyrirtækið var einnig ánægt með að vinna með íslensku stjörnunni. „Það er frábært að vinna með Hafþóri og við erum virkilega ánægð með að honum líkaði hvernig við nálgumst hlutina. Hafþór hefur einnig áhyggjur af plasti í náttúrunni og umhverfinu og hann elskar þegar við ráðumst á vandamálin á óhefðbundinn hátt og með heilmiklum húmor," segir Michele Fitzwilliams sem er markaðsstjóri SodaStream fyrir Norðurlöndin. **benediktboas@365.is**

ÞETTA GERÐIST 28. MARS 1909

## Safnahúsið við Hverfisgötu vígt

Þjóðmenningarhúsið, sem stendur við Hverfisgötu 15, var byggt fyrir Landsbókasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands á árunum 1906 til 1908 og opnað almenningi 28. mars 1909. Þjóðminjasafn Íslands og Náttúrugripasafn Íslands voru einnig í húsinu um langt árabil. Húsið var fljótlega kallað Safnahúsið, því lengi vel voru undir þaki þess allir helstu dýrgripir íslensku þjóðarinnar.

Helsti frumkvöðull að byggingu Safnahússins var Hannes Hafstein, fyrsti ráðherra Íslands, en það var danski arkitektinn Johannes Magdahl Nielsen sem teiknaði húsið.

Eftir að söfnin fluttu eitt af öðru í nýtt og hentugra húsnæði fékk Safnahúsið annað hlutverk, eftir talsverðar endurbætur fyrir aldamótin síðustu. Það er í dag vettvangur fyrir íslenskan þjóðararf í hnotskurn, en starfsemin felst einkum í fjölbreyttu sýningarhaldi. Þjóðmenningarhúsið er þannig meðal annars sameiginlegur vettvangur íslenskra þjóðmenningarstofnana með vönduðum sýningum á úrvali merkra þjóðargersema.





†

Elsku eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir og amma,

**Kristjana Jónsdóttir**

lést föstudaginn 16. mars síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Lindakirkju
föstudaginn 6. apríl kl. 15.00.
Þeim sem vildu minnast hennar er bent á
líknardeild Landspítalans.

**Halldór Th. Lárusson**
**Lárus Gísli Halldórsson** **Guðríður Sverrisdóttir**
**Brynjar J. Halldórsson** **Kristjana Friðbjörnsdóttir**
**og barnabörn.**



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og vináttu vegna andláts og útfarar
okkar kæru móður, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

**Ásdísar Ólafsdóttur**

Langholti 27,
Akureyri.

**Stefanía Traustadóttir**
**Maríanna Traustadóttir** **Ásgeir Adamsson**
**Ólafur Traustason** **Brian Mernick**
**Gestur Traustason** **Hulda Gunnarsdóttir**
**Ingveldur Jóhannesdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Heitt elskaður

**Jóhann Georg Möller**

tannlæknir

er genginn.

**Anna Lára Möller**



†

Eiginkona mín,
móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Edda Emilsdóttir**

Kassörsgatan 10,
54334 Tibró, Svíþjóð,

lést á heimili sínu 12. mars 2018.

Útförin fer fram frá jarðarfararkapellunni í Tibró
6. apríl 2018 klukkan 14.00.

**Tómas Börkur Sigurðsson**
**Sigurður, Elín og Emil Daði**
**tengdabörn og barnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Birgir Kristinsson**

símvirki,
Háaleitisbraut 47,

sem lést 13. mars síðastliðinn,
verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju
þriðjudaginn 3. apríl kl. 16.00.

**Guðrún Margrét Jóhannsdóttir**
**Matthildur Birgisdóttir**
**Jóna Hanna Birgisdóttir**
**Ása Birgisdóttir** **Páll Heiðar Högnason**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**



†

Bróðir okkar, mágur og frændi,

**Hákon Magnússon**

Bæ, Fáskrúðsfirði,

andaðist á Sahlgrenska sjúkrahúsinu
í Gautaborg þriðjudaginn
12. desember. Útförin fer fram frá
Fáskrúðsfjarðarkirkju, laugardaginn
31. mars kl. 13.00.

**Guðmundur Ingi Magnússon** **Dagbjört Sigurðard. Hammer**
**Björg Guðmundsdóttir Hammer**
**Sigríður Guðmundsdóttir Hammer**
**Kristín Guðmundsdóttir Hammer**
**og fjölskyldur.**

**Frestur til**
**að senda tilnefningar**
**er til miðnættis**
**6. apríl**

# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2018

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum.

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar um Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:
**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.**

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar.
Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt 11. apríl.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Austan og norðaustan 13-20 m/s í dag, en 20-25 m/s á Suðausturlandi og undir Eyjafjöllum. Rigning, slydda eða snjókoma á austanverðu landinu, en þurrt að kalla vestan til. Hiti 0 til 8 stig, mildast suðvestanlands.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 2° | 3° |
| ↓ 1 | ↖ 3 | ↖ 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 4° | 1° |
| ← 8 | ← 9 | ← 1 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 0° | 1° |
| → 3 | ↙ 2 | ↘ 1 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -0° | 4° | -1° |
| ↗ 2 | ↙ 2 | ↑ 3 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 3 | 9 | 2 | | | |
| 8 | | | | | | | 7 | |
| 1 | 2 | | | | | 4 | 6 | |
| | | 1 | | 8 | 3 | 7 | 9 | |
| 2 | | | 9 | 4 | | | 8 | |
| | | 7 | 6 | 1 | | | | |
| | 6 | | 4 | | | | | 7 |
| | | | | 3 | 9 | 8 | | |
| 7 | 9 | 2 | | | | 1 | 4 | 3 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | | 7 | | 2 | |
| | 9 | 1 | | 5 | | 4 | | |
| 2 | 3 | 4 | | | 9 | 5 | | |
| | | | | | 5 | | 4 | 9 |
| 4 | 2 | | | | 6 | 7 | | 1 |
| 6 | | | | | | | | |
| | 4 | 7 | 1 | | | 3 | | 2 |
| | | | | | | | | |
| | 6 | 8 | | 9 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 1 | | | | |
| | | | | | | | 7 | 8 |
| | | 1 | | | | 3 | | |
| 6 | | 8 | 5 | | | | 9 | |
| 9 | | | 2 | 7 | | | 4 | |
| | 5 | | 9 | | | | | |
| | | 6 | | | | 7 | | 2 |
| | | | 3 | | | | 6 | |
| | | | | 2 | 9 | | 1 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. hlýða
5. maka
6. í röð
8. spauga
10. tveir eins
11. blessun
12. hviða
13. tamning
15. safaplanta
17. blístur

**LÓÐRÉTT**
1. mótrök
2. lofttegund
3. eldsneyti
4. frárennsli
7. glettast
9. jurt
12. galdrar
14. útdeildi
16. tveir eins



**LÁRÉTT:** 1. gegna, 5. ata, 6. fg, 8. gaspra, 10. nn, 11. lán, 12. kast, 13. ögun, 15. kaktus, 17. flaut.
**LÓÐRÉTT:** 1. gagnrök, 2. etan, 3. gas, 4. afrás, 7. gantast, 9. planta, 12. kukl, 14. gaf, 16. uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Maxime Vachier-Lagrave (2.783) átti leik gegn Magnusi Carlsen (2.822) á Sinquefield-mótinu í St. Louis.

**Svartur á leik**

**48. ... Be2!** Hérna uppgötvaði heimsmeistarinn að 49. He3 er svarað með 49. ... f4 50. Hxe2 Rc1+. Carlsen reyndi **49. Bxd8 Bxf3 50. Bxb6 axb6** en Frakkinn innbyrti sigurinn og var efstur eftir fimm umferðir.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 7 | 3 | 6 | 8 | 5 | 4 | 9 |
| 8 | 5 | 6 | 4 | 1 | 9 | 3 | 2 | 7 |
| 4 | 9 | 3 | 5 | 2 | 7 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 8 | 4 | 2 | 9 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 2 | 5 | 7 | 4 | 1 | 9 | 8 | 6 |
| 9 | 7 | 1 | 6 | 8 | 5 | 4 | 3 | 2 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 4 | 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 3 |
| 7 | 3 | 2 | 1 | 5 | 4 | 6 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 1 | 7 | 6 | 4 | 8 | 3 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 | 2 | 7 | 6 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 |
| 9 | 4 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 5 | 3 | 2 | 8 | 1 | 9 | 7 | 6 | 4 |
| 7 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 7 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | 7 | 5 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 2 | 1 | 3 | 9 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 1 | 8 | 9 | 7 | 5 | 3 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 6 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 7 | 1 | 9 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 7 | 2 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










NÓI SÍRÍUS





## Nú mega páskarnir koma

Nóa páskaeggin eru tilbúin. Við vönduðum okkur alveg sérstaklega, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Það á bæði við um gómsæta skelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

**Gjörið þið svo vel — það er nóg til fyrir alla.**

Cocoa HORIZONS

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Nóa Síríus súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

facebook.com/noisirius

**100% ÍSLENSKT** ungnautakjöt




**459** kr. 2x100 g

**498** kr. 2x120 g

**598** kr. 2x140 g

**Smash Style Hamborgarar**
2x100 g, 2x120 g eða 2x140 g







**4.598** kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Ribeye

**4.598** kr. kg

**Íslandsnaut Fillet**
Ungnautakjöt




**98** kr. 2 stk.

**Smash Style Hamborgarabrauð**
2 stk. í pakka




**298** kr. 250 ml

**Smash Style Hamborgarasósa**
250 ml




**398** kr. 250 ml

**Íslandsnaut Bernaissósa**
250 ml

**ÍSLENSKT** Lambakjöt




**1.398** kr. kg

**SS Lambalæri**
Bláberjakryddlegið




**1.398** kr. kg

**Bónus Hamborgarhryggur**
Með beini




**1.695** kr. kg

**Ali Hamborgarhryggur**
Með beini




**998** kr. kg

**Veislufugl**
Með fyllingu, ferskur




**1.359** kr. kg

**Kjarnafæði Heiðalamb**
Kryddað lambalæri, ferskt

Verð gildir til og með **2. apríl** eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPIÐ Í DAG FRÁ 10:00 - 20:00

## PÁSKAR OPNUNARTÍMI

| | | |
|---|---|---|
| Skírdagur | 29. mars | kl. 10-19 |
| Föstudagurinn langi | 30. mars | LOKAÐ |
| Laugardagur | 31. mars | kl. 10-19 |
| Páskadagur | 1. apríl | LOKAÐ |
| Annar í páskum | 2. apríl | kl. 12-18 |




RISAEGG
2.598 kr. 1 kg



498 kr. stk.
**Duni Páskadúkur**
125x180 cm



259 kr. 20 stk.
**Duni Páskaservíettur**
20 stk. í pakka



459 kr. stk.
**Páskalilja**
Í potti




759 kr. 4x2 l
**Pepsi og Pepsi Max**
Kippa, 4x2 lítrar




775 kr. 4x1,5 l
**Coca-Cola kippa**
4x1,5 lítrar



359 kr. stk.
**Gies Kubbakerti**
12x8 cm

249 kr. stk.
**Gies Kubbakerti**
13x6 cm

139 kr. stk.
**Gies Kubbakerti**
8x5 cm

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Kemst alveg í hátíðaskapið

**Mattheusarpassía Bachs verður flutt í Hofi á Akureyri á skírdag og Hallgrímskirkju á föstudaginn langa. Einsöngvarar í fremstu röð, kórar og sinfóníuhljómsveit sameinast um það.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það er eiginlega allt á suðupunkti," segir Greta Salóme Stefánsdóttir fiðluleikari glaðlega í þann mund sem hún stígur upp í flugvél á leið til Akureyrar að spila í Mattheusarpassíu Bachs í Hofi á morgun, skírdag. Eins og nærri má geta hefur hún verið á fullu við æfingar að undanförnu. „Það eru tvær hljómsveitir sem spila mismunandi sóló í verkinu og ég leiði aðra þeirra. Svo eru dálítið stór fiðlusóló hjá mér sem ég er aðeins að svitna yfir!"

Mattheusarpassían hefur verið nefnd drottning allra tónverka. Tekur Greta Salóme undir það mat? „Þetta verk er náttúrlega risastórt og algerlega magnað og í því eru sóló fyrir alls konar raddir. Það koma um hundrað manns að flutningnum, þar á meðal frábærir einsöngvarar, bæði íslenskir og erlendir. Aríurnar þeirra eru margar hverjar einstakar og yndislegar. Við byrjum fyrir norðan á morgun og verðum svo á föstudaginn langa í Hallgrímskirkju. Ég hvet fólk til að mæta. Maður kemst alveg í hátíðaskapið."

Þetta verður í fyrsta sinn sem Mattheusarpassían er flutt á Akureyri. Verkefnið er samstarfsverkefni Menningarfélags Akureyrar og Listvinafélags Hallgrímskirkju.

Greta Salóme segir dymbilvikuna auðvitað rétta tímann fyrir passíuna enda sé Bach að túlka atburði þeirrar viku, samkvæmt frásögn Mattheusarguðspjalls, síðustu kvöldmáltíðina, svik Júdasar, handtöku Jesú, yfirheyrslur og krossfestingu.

Það er hin skosk-íslenska Hannah Morrison, ein af virtum barokksöngkonum samtímans, sem syngur sópranhlutverkið að þessu sinni, hlutverk Jesú er í höndum Kristins Sigmundssonar en guðspjallamaðurinn er túlkaður af danska tenórnum Valdemar Villadsen sem er rísandi stjarna í óperuheiminum. Aðrir einsöngvarar eru þau Elmar Gilbertsson, Oddur Arnþór Jónsson og Hildigunnur Einarsdóttir. Um undirleik og kórtónlist sjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Kammerkór Norðurlands, Hymnodia og Stúlknakór Akureyrarkirkju ásamt Barna- og unglingakór Hallgrímskirkju. Stjórnandi tónleikanna er Hörður Áskelsson, organisti og kórstjóri.

Spurð hvort þetta verkefni sé ólíkt öðru sem hún hefur fengist við, svarar Greta Salóme: „Nei, alls ekki. Ég er alltaf í klassíkinni en líka í poppinu, rokkinu og djassinum jöfnum höndum. Upp úr tvítugu fór ég að sérhæfa mig í því að geta spilað allt og það er auðvitað gríðarlega krefjandi. En tónlistarlandslagið er svo vítt svo sérhæfing á einu sviði getur verið heftandi."

Greta Salóme er oft hálft árið erlendis en hún lék með í Sinfóníuhljómsveit Íslands í átta ár og er búin að vera konsertmeistari í Sinfóníu/Nord í nokkur ár. „Svo er ég að spila sóló á hverjum degi í hvaða mynd sem er. Þetta er lífið mitt."



„Það eru fiðlusóló sem ég er að svitna yfir," segir Greta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sálmalestur og tónar í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd

Fimm leikkonur flytja Passíusálma Hallgríms Péturssonar í Saurbæjarkirkju á Hvalfjarðarströnd á föstudaginn langa.

Steinunn Jóhannesdóttir hefur umsjón með flutningnum. „Við viljum vekja athygli á þeirri staðreynd að Hallgrímur Pétursson leitaði á sínum tíma til mætra kvenna til þess að koma þessu skáldverki sínu á framfæri við lesendur og hlustendur. Hann sendi þeim öllum eiginhandarrit að sálmunum með ósk um að þær gerðust kynningarfulltrúar hans," segir hún.

Tónlistarflutningur milli þátta er í höndum Zsuzsönnu Budai, organista kirkjunnar í Saurbæ.

Lesturinn hefst klukkan 13.30 og stendur til 18.30. Allir eru hjartanlega velkomnir í kirkjuna til að hlýða á hann að hluta eða allan. **– gun**



**Lesararnir Margrét Guðmundsdóttir, Halla Guðmundsdóttir, Steinunn Jóhannesdóttir, Kristbjörg Kjeld og Edda Þórarinsdóttir.** MYND/HILMAR ÞORSTEINN

PÁSKA
TAX FREE
LÝKUR Á LAUGARDAG
Allar vörur á taxfree tilboði*
* Taxfree tilboðið gildir af öllum vörum nema sérpöntunum og vörum frá IITTALA og jafngildir 19,35% afslætti.
Gildir ekki ofan á önnur tilboð. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.


OPIÐ MIÐVIKUD. 10⁰⁰–18⁰⁰ OG LAUGARD. 11⁰⁰–17⁰⁰
EKKI MISSA AF ÞESSU
HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
558 1100
Opnunartími yfir páskana: Opið miðvikudag 10–18, laugard. 31. mars 11–17. Lokað páskadag og 2. í páskum. Hefðbundin opnunartími frá og með þriðjud. 3. apríl
FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni

# Spenna á Grænlandi

**BÆKUR**

**Flúraða konan**
★★★☆☆

**Mads Peder Nordbo**

**Útgefandi:** Veröld 2018
**Fjöldi síðna:** 357

Það er hressandi fyrir íslenska glæpasagnaaðdáendur að fá í hendur spennubók sem gerist á Grænlandi. Höfundurinn, Mads Peder Nordbo, er danskur, lengi búsettur á Grænlandi og hefur því góða innsýn í samfélagið þar, eins og endurspeglast í bókinni.

Flúraða konan er viðburðarík bók. Lík sem finnst í ísnum í Grænlandsjökli virðist vera af fornum víkingi. Frétt sem kallar sannarlega á athygli og blaðamaðurinn Matthew Cave er sendur á vettvang. Lögreglumaður sem vaktaði líkamsleifarnar er myrtur á afar hrottalegan hátt og Matthew kemst að því að árið 1973 voru nokkrir menn myrtir á sams konar hátt. Hann kynnist dularfullri konu sem sat í fangelsi fyrir morð, sem hún hefur líklega ekki framið.




Söguviðið er áhugavert en þar er hið litla samfélag í Nuuk í forgrunni. Lesandinn fær nokkra innsýn í líf og lifnaðarhætti fólks og barna er til dæmis áhugaverður kafli um selveiðar. Fyrst og fremst er þó lagt upp úr því að skapa dularfulla ráðgátu og spennu. Það tekst nokkuð vel. Vart er hægt að hugsa sér óhugnanlegri morðaðferðir en notast er við í þessari bók. Lýsingar á þeim aðferðum eru ekki fyrir viðkvæmustu lesendur, þótt þeir geti um leið huggað sig við að samviska fórnarlambanna var biksvört. Það er snemma ljóst að eitt aðalumfjöllunarefni bókarinnar er kynferðislegt ofbeldi gegn ungum stúlkum.

Eins og títt er í norrænum sakamálasögum hefur aðalpersónan, lögreglumaðurinn Matthew, upplifað gríðarlegan harm og missi í einkalífi. Sem sagt enn ein þjáð sálin. Lesandinn kynnist öðrum lögreglumanni, Jakobi, sem árið 1973 reyndi hvað hann gat að verja unga stúlku fyrir ofbeldi. Jakob og stúlkan hurfu síðan og Matthew lætur sig örlög þeirra nokkru varða. Frásögnin af Jakobi og stúlkunni er sú mest spennandi í bókinni og þar tekst höfundi oft mjög vel upp.

Undir lokin kemur í ljós alls kyns spilling og viðbjóður sem framámenn eru meðal annarra sekir um. Reyndar er svínaríið svo mikið að það verður full yfirþyrmandi. Þar er svo að segja öllu hrúgað saman og höfundur hefði vel mátt hafa í huga að stundum er minna meira. Hins vegar verður ekki haft af honum að hann kann ýmislegt fyrir sér, eins og það að skapa spennu.

# Stóð við krossinn mærin mæra

Tónverkið Stabat Mater eftir Pergolesi mun hljóma í Seltjarneskirkju á laugardaginn, síðasta degi marsmánaðar, og hefst flutningurinn klukkan 17. Það eru þau Anna Jónsdóttir sópran, Þóra Passauer kontraalt, Friðrik Vignir Stefánsson, orgelleikari og Páll Einarsson sellóleikari sem koma því til skila.

Anna segir verkið í 13 köflum þar sem skiptist á samsöngur og einsöngur. „Textinn er upphaflega latneskur, frá 13. öld og lýsir þjáningu Maríu, móður Jesú, þegar hún stendur við krossinn. Við syngjum hann í undurfagurri þýðingu Matthíasar Jochumssonar sem hefst á orðunum Stóð við krossinn mærin mæra. Tónlistin var samin á átjándu öldinni, hún er í barokkstíl og textinn fellur fínlega að henni."

Fjórmenningarnir fluttu verkið í fyrra á sama stað og Anna segir óskandi að það gæti orðið að árlegum viðburði. Miðaverð er 2.500 krónur en 1.500 fyrir eldri borgara og öryrkja og frítt er fyrir 12 ára og yngri. **– gun**



**Þóra, Anna, Páll og Friðrik Vignir flytja Stabat Mater á Seltjarnarnesinu.**
















# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is


Páskabörnin í FM Belfast fagna pínu Krists á Húrra þetta kvöldið.

### 28. MARS 2018

## Tónlist

**Hvað?** FM Belfast á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Þau í partíbandinu FM Belfast eru mikil páskabörn og ætla að halda upp á dauða og pínu Krists á Húrra. Hljómsveitin gaf nýverið út plötuna Island Broadcas sem er stútfull af partíslögurum sem fá að hljóma í bland við eldra efni á Húrra þetta fyrsta kvöld páskadjamms 2018.

**Hvað?** Plútó á Kaffibarnum
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Kaffibarinn, Bergstaðastræti
Plútó mætir á Kaffibarinn með fullar töskur af plötum. Frídagur daginn eftir, opið til kl. 4.30 og því tilvalið að sleppa sér eftir stutta vinnuviku.

**Hvað?** Radiohead ala Jazzenhausen
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bjórgarðurinn
Radiohead slagarar í djass- og blúsútfærslum

**Hvað?** Föstudagslögin – páskar 2018
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gamla kaupfélagið, Akranesi
Vegna fjölda áskorana mæta sómadrengirnir Stebbi Jak og Andri Ívars til okkar í Gamla kaupfélagið og starta páskahelginni með stæl.

**Hvað?** Scott McLemore Quartet á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Á næstu tónleikum Múlans kemur fram glænýr kvartett trommuleikarans Scotts McLemore. Hann kynnir til leiks fjölþjóðlegan kvartett sem er á leið í hljóðver til að taka upp nýja frumsamda tónlist hljómsveitarstjórans. Opin og melódísk djasstónlist frá alþjóðlegu sjónarhorni. Ásamt Scott koma fram gítarleikararnir Hilmar Jensson og Pierre Perchaud (FRA) og Mats Eilertsen (NOR) sem leikur á bassa.

## Viðburðir

**Hvað?** Ritsmiðjan í Árbæ
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Árbæ
Ef þú hefur áhuga á að prófa að skrifa eða ert með eitthvað í smíðum – þá erum við með aðstöðuna; hvort sem þú vilt skrifa endurminningar, sögur eða ljóð. Ritsmiðjan verður annan hvern miðvikudag fram á vor. Allir velkomnir.


Passíussálmarnir verða lesnir í Hallgrímskirkju í kvöld.

**Hvað?** Life as Metaphor – Ritsmiðja með Willonu Sloan
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Borgarbókasafn, Kringlunni
Bandaríski rithöfundurinn Willona Sloan kennir ritsmiðjuna Life as Metaphor. Kennslan fer fram á ensku en þátttakendum er frjálst að skrifa á íslensku eða öðrum tungumálum. Hér verður kennt að nýta eigin reynslu til þess að skrifa texta með dýpi og tilfinningu, þar sem sjálfið kemur í ljós. Athugið að þátttakendur þurfa að skrá sig í smiðjuna með því að senda póst á sunna.dis.masdottir@reykjavik.is.

**Hvað?** Ungbarnamorgnar
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Borgarbókasafn, Sólheimum
Hér getur fólk í fæðingarorlofi spjallað saman og leyft börnunum sínum að hittast. Enginn aðgangseyrir, heitt á könnunni og eru nýbakaðir foreldrar jafnt sem ömmur og afar einstaklega velkomin.

**Hvað?** Passíusálmalestur
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Á þessu ári eru 150 ár liðin síðan séra Friðrik Friðriksson fæddist og verður þess minnst með ýmsu móti. Í dymbilviku verða Passíusálmarnir lesnir af fulltrúum þeirra félaga sem hann stofnaði eða átti þátt í að stofna.

**Hvað?** Möntrukvöld – súkkulaði – páskafögnuður
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Andagift súkkulaðisetur, Rauðarárstíg
Páskarnir eru upprunalega tími frjósemi og endurfæðingar. Tíminn þar sem hækkandi sól bræðir frosinn jarðveginn sem hefur legið í dvala yfir veturinn. Tíminn þar sem við sáum nýjum fræjum og blómin búa sig undir að springa út. Á þessu möntrukvöldi munum við breytast í blóm og springa út með stæl! Við munum fagna tilkomu súkkulaðis, söngva og samveru.

## Sýningar

**Hvað?** Leiðsögn: Gjúgg í blóm – Peekaboo
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Georg Douglas veitir leiðsögn um myndlistarsýningu sína Gjúgg í blóm – Peekaboo í Hannesarholti. Það er jafnframt síðasti sýningardagur. Georg hefur getið sér gott orð fyrir litrík málverk sín, sem hann tók til við að mála af fullum krafti eftir að hann fór á eftirlaun frá kennslustörfum í MH, þar sem hann var við kennslu í jarðvísindum í 36 ár.

**Hvað?** Sýningaropnun – D33 Anna Fríða Jónsdóttir: Tónn / Tone
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Þrítugasti og þriðji listamaðurinn í D-salarröð Listasafns Reykjavíkur er Anna Fríða Jónsdóttir. Anna Fríða skoðar veröldina í kring um sig eins og úrval af hljóðfærum þar sem ýmislegt er í boði, pákur, píanó, bjöllur og strengir. Hún fangar hljóðbylgjurnar og býr þeim form í verkum sínum. Hún gerist hljómsveitarstjóri náttúrunnar þegar hún stendur upp á trjábol og stjórnar skógarsinfóníu, býr til tónlist úr heilabylgjum og reynir að hafa áhrif á þær með rödd sinni, smíðar tónverk úr snörpum vindhviðum og undirtónum öldunnar.




BIO PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

The Shape Of Water ........ 17:30, 22:15
Kobieta Sukcesu ENG SUB ........ 18:00
Andið eðlilega ENG SUB ........ 18:00
Hleyptu Sól í hjartað ........ 20:00
Narzeczony ENG SUB ........ 20:00
Spoor ........ 20:00
The Florida Project ........ 22:00
Loveless ........ 22:30



# PÁSKASTEIKIN Á FRÁBÆRU VERÐI



Fjallalamb
lambahryggur – frosinn
**1.999**
kr. kg.

Fjallalamb
lambalæri – frosið
**999**
kr. kg.

OPIÐ
24
TÍMA

PÁSKAREIKNINGUR NETGÍRÓ
EINGÖNGU Í VERSLUNUM
ICELAND
BORGAÐU 1. MAÍ
Netgíró

Iceland

ENGIHJALLI – VESTURBERG – ARNARBAKKI – GLÆSIBÆR – STAÐARBERG – HAFNARGATA – KAUPANGUR



**HEIMSÓKN**
KL. 20:20
Hún rekur nokkur af glæsilegustu hótelum landsins og býr sjálf í fallegu og smekklegu húsi í Garðabænum. Sindri bankar upp á hjá Sigurlaugu Sverrisdóttur, hótelstjóra á Ion hóteli.

Magnaður
**Miðvikudagur**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**JAMIE´S 15 MINUTE MEALS**
KL. 19:25
Hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.




**GREY´S ANATOMY**
KL. 20:50
Stórskemmtileg sería þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



**MARY KILLS PEOPLE**
KL. 21:35
Áhrifamiklir og óvenjulegir þættir um Mary Harris sem er einhleyp móðir og læknir á bráðadeild á daginn en á nóttunni aðstoðar hún veikt fólk við að komast yfir móðuna miklu.



**NASHVILLE**
KL. 22:20
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



**THE GIRLFRIEND EXPERIENCE**
KL. 23:00
Ögrandi og allt öðruvísi þáttur um þær Ericu og Önnu sem lifa vægast sagt ólíku lífi sem þó fléttast saman á ótrúlegan hátt.



**KRYPTON**
KL. 21:15
Nýtt
Æsispennandi nýir þættir sem gerast fyrir 200 árum á plánetunni Krypton. Söguhetjan okkar er forfaðir hins eina sanna ofurmennis sem við þekkjum í dag.

Allt þetta og meira til á aðeins **333 kr. á dag.**
**365.is**




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**00.55** Mary Kills People
**01.40** Nashville
**02.20** The Girlfriend Experience
**02.50** Pasolini
**04.10** The Son
**04.55** StartUp
**05.40** StartUp
**07.00** The Simpsons
**07.20** Blíða og Blær
**07.45** The Middle
**08.10** Mindy Project
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.10** Grand Designs
**12.00** Gulli byggir
**12.35** Nágrannar
**13.00** 10 Puppies and Us
**14.00** Major Crimes
**14.40** The Night Shift
**15.25** The Path
**16.10** Anger Management
**16.30** Friends
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.25** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** Ísland í dag Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Jamie's 15 Minute Meals
**19.55** The Middle
**20.20** Heimsókn Frábærir þættir með Sindra Sindrasyni sem snýr aftur nú eftir áramót og lítur inn hjá íslenskum fagurkerum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta í viðmælendum sínum. Í þessari seríu fylgjumst við með nokkrum vel heppnuðum framkvæmdum fyrir og eftir.
**20.50** Grey's Anatomy
**21.35** Mary Kills People Önnur syrpa þessara áhrifamiklu og óvenjulegu þátta um Mary Harris sem er einhleyp móðir og er læknir á bráðadeild á daginn en á nóttinni vinna hún og félagi hennar heldur óvenjulega aukavinnu, það er að hjálpa fólki sem er nú þegar dauðvona að kveðja þennan heim á þess eigin forsendum.
**22.20** Nashville
**23.00** The Girlfriend Experience
**23.30** Real Time with Bill Maher

## STÖÐ 2 SPORT

**10.20** Stjarnan - ÍR
**11.50** Keflavík - Haukar
**13.25** NBA Special - The Bad Boys
**15.10** Milwaukee Bucks - San Antonio Spurs
**17.15** Domino's-körfuboltakvöld
**18.45** Haukar - Keflavík
**21.00** Domino's-körfuboltakvöld
**21.30** Domino's-körfuboltakvöld
**22.30** Seinni bylgjan

## STÖÐ 2 SPORT 2

**09.40** Stoke - Everton
**11.20** Liverpool - Watford
**13.00** Premier League Review
**13.55** Lokomotiv Moskva - Atletico Madrid
**15.35** Arsenal - AC Milan
**17.15** Evrópudeildarmörkin
**18.05** Seinni bylgjan
**19.40** Haukar - Valur
**21.10** Stjarnan - FH
**22.40** Haukar - Keflavík

## STÖÐ 3

**01.00** Seinfeld
**01.45** Friends
**02.10** Anger Management
**02.35** Tónlist
**18.15** Anger Management
**18.40** Baby Daddy
**19.05** Last Man Standing
**19.30** Entourage
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Stelpurnar
**21.15** Krypton
**22.45** Barbecue for Betty, A
**23.40** Supergirl

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Mamma Mu
**07.54** Strumparnir
**08.19** Lalli
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Stóri og Litli
**09.13** Víkingurinn Viggó
**09.27** Zigby
**09.38** Mæja býfluga
**09.50** Kormákur
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Mamma Mu
**11.54** Lalli
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Stóri og Litli
**13.13** Víkingurinn Viggó
**13.27** Zigby
**13.38** Mæja býfluga
**13.50** Kormákur
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Mamma Mu
**15.54** Lalli
**16.00** Strumparnir
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Stóri og Litli
**17.13** Víkingurinn Viggó
**17.27** Zigby
**17.38** Mæja býfluga
**17.50** Kormákur
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Dino Mom



Mæja býfluga klukkan 09.38, 13.38 og 17.38

## GOLFSTÖÐIN

**09.00** Golfing World
**09.50** Inside the PGA Tour
**10.15** WGC: Dell Match Play
**13.55** Golfing World
**14.45** PGA Highlights
**15.40** Kia Classic
**17.45** PGA Highlights
**18.40** Golfing World
**19.30** Champions Tour Highlights
**20.25** WGC: Dell Match Play
**23.50** Golfing World

## STÖÐ 2 BÍÓ

**03.25** Pawn Sacrifice
**09.40** Spotlight
**11.45** Almost Famous
**13.45** Warm Springs
**15.45** Spotlight
**17.55** Almost Famous
**20.00** Warm Springs
**22.00** The Fantastic Four
**23.40** You, Me and Dupree

## RÚV

**08.00** KrakkaRÚV
**08.01** Klingjur
**08.12** Molang
**08.15** Kioka
**08.22** Kata og Mummi
**08.33** Ríta og krókódíllinn
**08.38** Veistu hvað ég elska þig mikið?
**08.50** Krakkastígur
**08.55** Söguhúsið
**09.03** Litli prinsinn
**09.26** Hvolpasveitin
**09.49** Kveikt á perunni
**09.57** Tré-Fú Tom
**10.20** Músin Marta
**10.50** Fólkið í blokkinni
**11.20** Menningin
**11.30** Íslensk alþýða
**12.00** Perú - Ísland
**13.50** Heimur morgundagsins
**14.40** Draumurinn um veginn
**16.25** Ljósan
**16.50** Leiðin á HM
**17.20** Unga Ísland
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Babar
**18.22** Ormagöng
**18.25** Hundalíf
**18.27** Sanjay og Craig
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkinglottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Skólahreysti
**20.35** Útsvar
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Á spretti
**22.40** Köld slóð
**00.15** Kveikur
**00.50** Kastljós
**01.05** Menningin

## SJÓNVARP SÍMANS

**01.24** CSI Miami
**02.09** Law & Order True Crime: The Menendez Murders
**02.53** Chicago Med
**03.35** Bull
**04.23** Queen of the South
**05.09** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.24** Dr. Phil
**09.07** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.55** The Late Late Show with James Corden
**10.40** Síminn + Spotify
**12.50** Dr. Phil
**13.33** Speechless
**13.58** Will & Grace
**14.25** Læknirinn á Ítalíu
**14.58** The Mick
**15.23** Man With a Plan
**15.47** Trúnó
**16.27** Everybody Loves Raymond
**16.51** King of Queens
**17.15** How I Met Your Mother
**17.38** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** 9JKL
**20.10** Survivor
**21.00** Chicago Med
**21.50** The Sixth Sense
**23.40** The Tonight Show

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

GLAMOUR

# ÁSKRIFTARTILBOÐ

5 tölublöð af Glamour, send heim að dyrum + EGF Serum frá Bioeffect

## AÐEINS 9.990 kr.

Heildarverðmæti pakkans er 19.900 kr.







EGF serum húðdroparnir frá Bioeffect eru margverðlaunuð vara sem hefur farið sigurför um heiminn. Öflugt og hreint serum sem eykur kollagen- og elastínmyndun húðarinnar, auk þess að draga úr hrukkum, gefur henni meiri raka og eykur þykkt hennar.

* Aðeins takmarkað magn í boði
– fyrstir koma, fyrstir fá!

## Þrjár auðveldar leiðir til að skrá sig í áskrift

1. Farðu inn á Glamour.is og skráðu þig í áskrift
2. Hringdu í síma: 512 5550
3. Sendu okkur tölvupóst á glamour@glamour.is

FYLGSTU MEÐ OKKUR Á SAMFÉLAGSMIÐLUNUM

Facebook – Glamour Iceland
Instagram @glamouriceland #glamouriceland
Twitter - GlamourIceland

# Landsliðsþjálfari selur slotið

**Freyr Alexandersson**, landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, hefur sett einbýlishús sitt á sölu. „Hornspyrnumarkið gegn Tyrkjum á útivelli var smíðað á klósettinu í þessu húsi,“ segir hann.

Landsliðsþjálfari kvenna í knattspyrnu, Freyr Alexandersson, hefur sett glæsilegt einbýlishús sitt á sölu og vill fá 65 milljónir fyrir það. Góðvinur hans, Gunnar Jarl Jónsson, dómari og athafnamaður, segir að þar inni hafi hornspyrnumarkið fræga gegn Tyrklandi fæðst – meira að segja á klósettinu. Freyr er njósnari íslenska karlalandsliðsins og leikgreining hans hefur vakið athygli út fyrir landsteinana.

Gunnar Jarl bendir einnig á að bílskúrinn sé góður, pallurinn skjólsæll og stutt sé í Leiknishúsið – sem sé stór kostur enda þeir uppeldisbræður miklir stuðningsmenn Leiknis. Þá endar hann pistil sinn, sem hann birtir á Facebook, á því að húsið hafi fengið gott viðhald en ekki frá landsliðsþjálfaranum heldur fagmönnum. „Upp með veskið gott fólk. Gjöf en ekki gjald,“ segir Gunnar en fasteignaauglýsing hans hefur fengið mikið lof.

Í alvöru fasteignaauglýsingunni kemur fram að húsið sé 176 fermetrar auk 29 fermetra bílskúrs. Stiginn upp á efri hæð er teppalagður, þar er rúmgott hol og setustofa sem nýst gæti sem sjónvarpsrými. Tvö rúmgóð og björt barnaherbergi með parketi á gólfi. Lóðin sé gróin og snyrtileg og stór viðarverönd með skjólveggjum til suðurs og lítið hús fyrir börn í garðinum. **benediktboas@365.is**



**Veröndin snýr í suður samkvæmt fasteignaauglýsingunni og þykir ákaflega skjólgóð á öllum árstíðum.** MYND/REMAX





**Keilufell 15**

- **Stærð:** 175,6 fm
- **Bílskúr:** 28,8 fm
- **Byggingarár:** 1973
- **Herbergi:** 5
- **Verð:** 64.900.000 kr.





**„Taktískur sigur íslenska kvennalandsliðsins varð til í stofunni,“ segir Gunnar Jarl Jónsson, æskuvinur Freys. Íslenska kvennalandsliðið hefur unnið marga stóra sigra undir stjórn hans.** MYND/REMAX

markhönnun ehf
nettó
Páskabæklingur
Nettó er kominn út!



Blekhylki.is


Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

# OPIÐ ALLA PÁSKANA



FIMMTUDAG · FÖSTUDAG · LAUGARDAG · SUNNUDAG · MÁNUDAG

## ALLT Í PÁSKAMATINN

NÝTT Á ÍSLANDI

## REMA 1000

ÓDÝR GÓÐ VARA



# VÍÐIR



GARÐATORGI, HRINGBRAUT, SKEIFUNNI & BORGARTÚNI

VÍÐIR express INGÓLFSTRÆTI

Nýjar vörur frá geoSilica

Kísill Íslenskt kísilsteinefni
Renew Fyrir húð, hár og neglur
Recover Fyrir vöðva og taugar
Repair Fyrir bein og liði




Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.

geoSilica ICELAND

Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is



VÉLABORG




JUNGHEINRICH
lyftarar og hillukerfi

www.velaborg.is velaborg@velaborg.is s. 414 8600



GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



VIÐ BÚUM TIL DRAUMASÓFANN ÞINN

900 útfærslur, engin stærðartakmörk
og 3.000 tegundir af áklæðum


Basel


Roma

Tungusófar • Sófasett • Stakir sófar • Hornsófar

Kíktu í heimsókn!
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga 11-15

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is





**Nanna og Meg segja Rauðu ljóðakvöldin hafa spurst vel út og þátttakendum fjölgar með hverju kvöldi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fólk getur sleppt fram af sér beislinu

Rauða skáldahúsið er yfirskrift ljóðakvölds í Iðnó á skírdag. Dagskráin er í ætt við kabarett því að auk ljóðanna er þar sirkuslistafólk, lifandi tónlist og dans. Aðalskáld kvöldsins er Sjón.

Þema kvöldsins er Dauðasyndirnar sjö og um 30 manns koma að dagskránni. Við blöndum saman ólíkum listformum því við viljum laða að okkur fólk sem færi ekki á venjulegan ljóðalestur,“ segir Meg Matich, skáld og þýðandi, um ljóðakvöldið Rauða skáldahúsið sem haldið verður í Iðnó á skírdag milli klukkan 20 og 23. Aðalskáld kvöldsins er Sjón en auk hans stíga níu skáld á svið og bjóða líka upp á einkalestur.

Þetta er fjórða kvöldið undir hatti Rauða skáldahússins á einu ári. Matich kveðst hafa komið með hugmyndina hingað til lands frá New York. „Í Bandaríkjunum voru sett upp „ljóðavændishús“ á nítjándu öld sem skáld og listamenn af öllu tagi sóttu. Þangað er titillinn sóttur,“ segir hún. „Þessi starfsemi náði trúlega ekki til Íslands. Við fengum bara „ástandið“ tveimur öldum síðar,“ segir Nanna

**GESTIR SITJA EKKERT FASTIR Í SÍNU SÆTI HELDUR GANGA UM OG BLANDA GEÐI VIÐ LISTAFÓLK OG AÐRA GESTI.**

Gunnarsdóttir hjá viðburðafyrirtækinu Huldufugli sem heldur utan um dagskrána og rekur hana aðeins nánar. „Við erum með skáld, sirkuslistafólk, dansara og hljómsveitir. Svo er ég maddama hússins, tek á móti fólki og útskýri reglurnar. Þetta líkist því að koma inn í kabaretthús frá því fyrr á öldinni í Berlín eða París. Gestir sitja ekkert fastir í sínu sæti heldur ganga um og blanda geði við listafólk og aðra gesti. Iðnó er okkar staður, með skemmtilegan karakter og sögu og hentar okkur mjög vel, við fáum að nota allar þrjár hæðirnar. Aðsóknin hefur aukist með hverri sýningu, sama fólkið kemur aftur og aftur og svo bætist við hópinn, þannig að sýningarnar spyrjast vel út.“

Nanna segir gestina gjarnan klæða sig upp á, það sé samt engin skylda. „Síðast vorum við með grímuball og þá voru eiginlega allir með grímur. Fólk kemst í ham. Mér finnst rosa skemmtilegt hvernig Rauða skáldahúsið hefur þróast á síðasta ári, bæði af því öll ljóðskáldin eru í karakter, nema aðalskáldið og við stjórnendurnir erum það líka. Svo myndast tengsl milli karaktera sem við höfum ekki skipulagt.“

Þær Nanna og Meg segja kvöldið geta talist djarft en benda á að stærsta sýningin í Borgarleikhúsinu núna sé Rocky Horror. „Við dönsum svolítið á sömu línu og það er eftirspurn eftir því. Fólk getur svolítið sleppt fram af sér beislinu,“ segir Nanna. „Það veit ekki alveg við hverju á að búast þegar það kemur en svo vill það ekki fara þegar sýningin endar.“

**gun@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


ICELANDAIR
FOUNDING SPONSOR
ICELAND AIRWAVES
20 YEARS
REYKJAVÍK NOV 7 — 10 2018
WARMLAND(IS)
VALDIMAR(IS)
BRÍET(IS)
RHYMATIK(IS)
HUGAR(IS)
SCARLET PLEASURE(DK)
SASSY 009(NO)
FONTAINES D.C.(IE)
BETWEEN MOUNTAINS(IS)
AUÐUR(IS)
SYKUR(IS)
SUPERORGANISM(UK)
JADE BIRD(UK)
FIRST ACTS ANNOUNCED
EARLY BIRD TICKETS ON SALE NOW
FOR A STRICTLY LIMITED TIME
ICELANDAIRWAVES.IS #AIRWAVES2018
TOMMY CASH(EE)
AGENT FRESCO(IS)
GIRLHOOD(UK)
GIRL RAY(UK)
JOCKSTRAP(UK)
UNA STEF(IS)
THE ORIELLES(UK)
ÚLFUR ÚLFUR(IS)
CYBER(IS)
JÚNÍUS MEYVANT(IS)
SOCCER MOMMY(US)
SNORRI HELGASON(IS)
MAVI PHOENIX(AT)
NAAZ(NL)
KIRYAMA FAMILY(IS)

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**
Davíðs Þorlákssonar



## Rassálfur á Alþingi

Þingmenn eru mjög misforvitnir. Svo mjög að einn þeirra, Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, hefur lagt fram 77 fyrirspurnir til ráðherra á þessu þingi, sem eru fleiri fyrirspurnir en 41 annar þingmaður hefur lagt fram samanlagt. Þetta eru meira en tvær fyrirspurnir á hvern dag sem þingfundur hefur verið haldinn á þessu þingi. Allir hinir þingmennirnir hafa lagt fram 4,2 fyrirspurnir að meðaltali. Sá sem næstmest hefur spurt hefur lagt fram 18 fyrirspurnir.

Sumar eru mikilvægar, eins og spurning um akstursskostnað þingmanna. Aðrar eru skrýtnar, eins og spurning um hversu margir atkvæðakassar hafi brotnað í hverjum alþingiskosningum síðan 2013. Enn aðrar hefði verið hægt að gúggla á nokkrum sekúndum, eins og spurninguna um hvert opinbert nafn sveitarfélagsins þar sem höfuðborg Íslands er staðsett sé. Oft eru margar spurningar í hverri fyrirspurn. Til dæmis er fyrirspurn um rekstur háskóla í 11 liðum og hver liður getur kallað á margþætt svar eins og spurning um hver fjöldi nýnema og fjöldi útskrifaðra nemenda á hverri önn í hverri deild í hverjum háskóla fyrir sig sl. 10 ár hafi verið.

Réttur þingmanna til að fá svar við fyrirspurnum sínum til ráðherra er mikilvægur hluti af aðhaldshlutverki þingsins gagnvart ríkisstjórn og stjórnsýslunni. Svona skrípaleikur gengisfellir hins vegar þetta hlutverk og bakar mikla vinnu og kostnað. Níu þingmenn hafa ekki séð ástæðu til að spyrja að neinu á yfirstandandi þingi. Það væri áhugavert ef einhver þeirra myndi spyrja hver kostnaður skattgreiðenda hefur verið við að svara öllum þessum fyrirspurnum Píratans.


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ APP
FRÉTTABLAÐIÐ.IS






*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Tilboðið á aðeins við ef bókað er flug fram og til baka.
WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS